

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2009



Dómareifanir

1. hefti 2009 (janúar – júní)



Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL

EVVRÓPU 2009

Dómareifanir

1. hefti 2009 (janúar – júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2009 (janúar – júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu
Prentun Oddi

Útgáfan er styrkt af dómsmálaráðuneytinu

Frá ritstjóra

Á þessu ári eru liðin 50 ár síðan Mannréttindadómstóll Evrópu tók til starfa og jafnframt fagnar Evrópuráðið 60 ára afmæli sínu. Evrópuráðið var fyrsta fjölþjóðlega stofninin í Evrópu sem var sett á fót í því skyni að standa vörð um mannréttindi og grunnstoðir réttarríkisins og styrkja lýðræðislega stjórnarhætti í aðildarríkjunum. Má fullyrða að engin alþjóðleg stofnun hafi náð jafn miklum árangri í lýðræðisumbótum og framþróun mannréttinda.

Yfir 200 alþjóðasamningar hafa verið gerðir á vettvangi Evrópuráðsins og tengjast langflestir mannréttindamálum og lýðræðisumbótum. Fjórar helstu stoðir mannréttindastarfsins eru Mannréttinasáttmáli Evrópu frá 1950, Félagsmálasáttmáli Evrópu frá 1961, samningurinn um varnir gegn pyndingum frá 1987 og samningur um vernd minnihlutahópa frá 1995. Á síðustu árum hefur ráðið tekist á við ný og krefjandi verkefni á borð við gerð alþjóðasamninga um tölvuglæpi, líftæknimálefni, umhverfismál, spillingarbrott, alþjóðleg hryðjuverk og mansal svo nokkuð sé nefnt. Íslenska ríkið er aðili að langflestum samningum ráðsins og hafa þeir haft víðtæk áhrif á lagasetningu hér á landi.

Mikilvægasta framlag Evrópuráðsins er ótvírætt samþykkt Mannréttinasáttmála Evrópu árið 1950 og stofnun Mannréttindadómstólsins sem tók til starfa níu árum síðar, en nú eru aðildarríki að sáttmálanum 47 talsins. Eftir fall Berlínarmúrsins hefur fjöldi aðildarríkja að sáttmálanum meira en tvöfaldast. Þá komu inn ný ríki sem mörg hver stóðu á byrjunarreit í uppbyggingu lýðræðislegs stjórnskipulags og glíma sum þeirra enn við ýmis vandamál fortíðarinnar tengd mannréttindabrotum. Í gegnum dómsúrlausnir sínar sem nú skipta þúsundum hefur Mannréttindadómstóllinn haft mikil áhrif og leitt til breytinga á lögum og lagaframkvæmd í öllum aðildarríkjunum, í sumum hverjum til grundvallarbreytinga á ríkjandi skipulagi.

Nýverið stóð Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, ásamt fleirum, að ráðstefnu um mannréttindi og lýðræði í tilefni af fyrrgreindum tímamótum Evrópuráðsins og Mannréttindadómstólsins. Meðal frummælenda á ráðstefnunni var Davíð Þór Björgvinsson íslenski dómariinn við Mannréttindadómstól Evrópu. Í erindi sínu lýsti Davíð Þór því starfsumhverfi sem dómstóllinn býr við þar sem meira en 800 milljónir íbúa álfunnar eiga beinan kærurétt og jafnframt lýsti hann þeim mikla vanda sem tengist stöðugri fjölgun kærumála. Nú er svo komið að um 50 þúsund kærur berast dómstólnum árlega. Hátt í 120 þúsund kærumál hafa myndað málahala sem bíður afgreiðslu, og þurfa kærendur oft að bíða árum saman eftir niðurstöðu. Yfir 90% mála er vísað frá dóminum þar sem þau uppfylla ekki kæruskilyrði sáttmálans. Það er einnig kaldhæðnislegt að stór hluti

þeirra mála sem kemur til efnislegrar meðferðar fjallar um siendurtekin álitafni, sérstaklega um brot á 6. gr. sáttmálans vegna tafa á málsmeðferð fyrir dómstólum í heimalandinu. Einnig fjalla mörg þeirra um viðvarandi ástand í aðildarríkjunum, t.d. almennt um lengd gæsluvarðhalds í Póllandi og slæman aðbúnað fanga í Rússlandi. Loks snýr meirihluti kærumálanna að örfáum aðildarríkjum af 47, meira en helmingur þeirra beinist að Rússlandi, Tyrklandi, Rúmeníu og Úkraínu.

Davíð Þór benti á að mikilvægt sé að staldra við og endurskoða frá grunni það skipulag sem Mannréttindadómstóllinn býr við. Jafnvel þótt dómstólnum takist að afgreiða um 3000 mál á mánuði og hluti hins nýja 14. viðauka sem breytti málsmeðferðarreglum hafi tekið gildi, sé útilokað að nægileg afköst eða hagræðing náist fram að óbreyttum reglum og fjárveitingum til að mæta þessum fjölda kærumála. Því verði að endurskoða bæði hlutverk og skipulag dómstólsins og undirstrika að honum sé ekki ætlað að koma í stað dómstóla í aðildarríkjunum. Það er á verksviði ríkjanna sjálfra, en ekki alþjóðlegra stofnana, að tryggja borgurum sínum mannréttindi og í því felst einnig kjarni nálægðarreglunnar. Aðeins með því að veita úrræði innanlands til að bæta úr misfellum eða kerfislægum vandamálum sem valda því að brotið er gegn mannréttindum þúsunda manna, er hægt að draga úr siendurteknum kærum um sömu álitafni til Mannréttindadómstólsins.

Á fundi ráðherra Evrópuráðsríkja sem verður haldinn í Interlaken í Sviss í febrúar á næsta ári er stefnt að því að ná pólitískri samstöðu um róttækar aðgerðir til að endurskipuleggja störf Mannréttindadómstólsins. Meðal þess sem þar verður rætt er hugmynd um að koma á fót sérstakri stofnun, innan eða utan dómstólsins (e. filtering body) til að fara yfir kæruskilyrði og leysa úr endurteknum álitafnum sem hafa ekki beina þýðingu varðandi túlkun ákvæða Mannréttindasáttmálans. Með því verður reynt að eygja möguleika á að viðhalda því meginamarkmiði sáttmálans að veita einstaklingum áfram beina kæruleið til Mannréttindadómstólsins, en jafnframt að dómstóllinn fái ráðrúm til að leysa úr knýjandi álitafnum um mannréttindabrot innan viðunandi tímamarka. Það er mikilvægasta verkefni Evrópuráðsins á hálfrar aldar afmæli Mannréttindadómstólsins að finna úrræði til þess að auka skilvirkni hans. Að öðrum kosti er hætt við því að dómstóllinn missi leiðandi hlutverk sitt til að stuðla að virkri vernd mannréttinda í Evrópu.

Í þessu hefti birtist úrval dóma og ákvarðana Mannréttindadómstólsins frá fyrri hluta ársins 2009. Þar á meðal eru tvær frávisunarákvarðanir í málum gegn Íslandi. Eru færðar þakkir til þeirra sem unnu að reifunum og frágangi texta, en það voru laganemarnir Hafsteinn Dan Kristjánsson og Hildur Leifsdóttir og Íris Lind Sæmundsdóttir lögfræðingur og auk þess hafði Arnar Þór Stefánsson hdl. umsjón með útgáfunni af hálfu ritstjórnar.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2009 (janúar – júní)

2. gr. Réttur til lífs.....	9
Branko Tomasic o.fl. gegn Króatíu. Dómur frá 15. janúar 2009	
<i>Líflátshótanir. Athafnaskyldur ríkis til að vernda líf.....</i>	9
F.H. gegn Svíþjóð. Dómur frá 20. janúar 2009	
<i>Útlendingar. Hæli. Dvalarleyfi. Brottvísun.....</i>	10
3. gr. Bann við pyndingum.....	13
F.H. gegn Svíþjóð (sjá reifun undir 2. gr.)	13
A o.fl. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 5. gr.)	13
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi.....	14
A o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 19. febrúar 2009	
<i>Grunaðir hryðjuverkamenn. Útlendingar. Skerðing</i>	
<i>réttinda á hættutímum. Frelsissvipting. Endurskoðun frelsissviptingar.</i>	
<i>Aðgangur að gögnum.....</i>	14
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	21
A.L. gegn Finnlandi. Dómur frá 27. janúar 2009	
<i>Rétturinn til að spyrja vitni. Sönnunargögn.</i>	21
Lenskaya gegn Rússlandi. Dómur frá 29. janúar 2009	
<i>Endurupptaka máls fyrir dómi. Lögmætar væntingar.....</i>	24
Vilen gegn Finnlandi. Dómur frá 17. febrúar 2009	
<i>Stjórnsýslumál. Jafnræði málsaðila. Aðgangur að gögnum.</i>	27
Kozacioglu gegn Tyrklandi (sjá reifun undir 1. gr. 1. viðauka)	28
Natunen gegn Finnlandi. Dómur frá 31. mars 2009	
<i>Sakamál. Jafnræðisreglan. Eyðing rannsóknargagna.</i>	
<i>Aðstaða sakbornings til að verja sig.</i>	28
Mendel gegn Svíþjóð. Dómur frá 7. apríl 2009	
<i>Atvinnuleysistryggingar. Aðgangur að dómstólum. Réttindi og</i>	
<i>skyldur að einkamálarétti.....</i>	30
Martinen gegn Finnlandi. Dómur frá 21. apríl 2009	
<i>Rétturinn til að fella ekki á sig sök.</i>	32
Sibgatullin gegn Rússlandi. Dómur frá 23. apríl 2009	
<i>Réttlát málsmeðferð. Réttur til að vera viðstaddur málsmeðferð</i>	
<i>fyrir dómi í refsímáli.....</i>	33
Kenedi gegn Ungverjalandi (sjá reifun undir 10. gr.)	35
R.H. gegn Finnlandi. Dómur frá 2. júní 2009	
<i>Réttlát málsmeðferð. Munnleg málsmeðferð. Vitni.</i>	
<i>Sönnunarmat á vitnisburði.</i>	35

Lawyer Partners, A.S. gegn Slóvakíu. Dómur frá 16. júní 2009 <i>Aðgangur að dómstólum</i>	37
7. gr. Engin refsing án laga	39
Liivik gegn Eistlandi. Dómur frá 25. júní 2009 <i>Fyrirsjáanleiki laga. Tülkun refsheimilda</i>	39
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	41
Cosic gegn Króatíu. Dómur frá 15. janúar 2009 <i>Heimili. Útburður. Málsmeðferðarúrræði</i>	41
Iordachi o.fl. gegn Moldavíu. Dómur frá 10. febrúar 2009 <i>Símhleranir. Lagaheimild fyrir takmörkunum</i>	43
A gegn Noregi . Dómur frá 9. apríl 2009 <i>Fjölmiðlar. Meidýrði. Sakleysi uns sekt er sönnuð</i>	44
Karakó gegn Ungverjalandi. Dómur frá 28. apríl 2009 <i>Mörk einkalífs og tjáningarfrelsis. Stjórnámálamenn. Gildisdómar</i>	46
Brauer gegn Þýskalandi (sjá reifun undir 14. gr.)	47
Szuluk gegn Bretlandi. Dómur frá 2. júní 2009 <i>Fangar. Bréfaskipti</i>	47
Jónína Benediktsdóttir gegn Íslandi. Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 16. júní 2009 <i>Einkalífsvernd. Birting tölvupósta. Skylda til að tryggja friðhelgi einkalífs. Hlutverk fjölmiðla</i>	49
10. gr. Tjáningarfrelsi	67
Csánics gegn Ungverjalandi. Dómur frá 20. janúar 2009 <i>Meidýrði. Gildisdómar. Staðreyndir. Umræða um almannahagsmuni</i>	67
Eerikäinen o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 10. febrúar 2009 <i>Meidýrði. Sakamál. Umræða um almannahagsmuni</i>	69
Marchenko gegn Úkraínu. Dómur frá 19. febrúar 2009 <i>Meidýrði. Umræða um almannahagsmuni</i>	71
Times Newspapers Ltd. (nr. 1 og 2) gegn Bretlandi. Dómur frá 10. mars 2009 <i>Meidýrði. Rafræn skjalasöfn. Málshöfðunarfrestir. Ábyrgð á efni á Internetinu</i>	73
Társaság a Szabadságjokokért gegn Ungverjalandi. Dómur frá 14. apríl 2009 <i>Fjölmiðlar. Aðgangur að upplýsingum. Umræða um almannahagsmuni</i>	75
Egeland og Hanseid gegn Noregi. Dómur frá 16. apríl 2009 <i>Fjölmiðlar. Myndbirting af dómfellda á leið úr dómsal</i>	77
Kenedi gegn Ungverjalandi. Dómur frá 26. maí 2009 <i>Aðgangur að gögnum hjá hinu opinbera. Málshraði</i>	79

Standard Verlags GmbH gegn Austurríki (nr. 2). Dómur frá 4. júní 2009	
<i>Fjölmíðlar. Opinberar persónur. Meiðyrði</i>	80
Sorguc gegn Tyrklandi. Dómur frá 23. júní 2009	
<i>Ærumeiðingar. Gildisdómar</i>	82
Verein Gegen Tierfabriken Schweiz (VgT) gegn Sviss (nr. 2). Dómur frá 30. júní 2009	
<i>Bann við birtingu auglýsingar</i>	83
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns	85
Iordachi o.fl. gegn Moldavíu (sjá reifun undir 8. gr.)	85
A o.fl. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 5. gr.)	85
Kenedi gegn Ungverjalandi (sjá reifun undir 10. gr.)	85
14. gr. Bann við mismunun	86
Brauer gegn Þýskalandi. Dómur frá 28. maí 2009	
<i>Erfðaréttur. Börn fædd utan hjónabands</i>	86
15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum	88
A o.fl. gegn Bretlandi (sjá reifun undir 5. gr.)	88
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	89
Lenskaya gegn Rússlandi (sjá reifun undir 5. gr.)	89
Kozacioglu gegn Tyrklandi. Dómur frá 19. febrúar 2009	
<i>Menningarleg verðmæti. Eignarnámsbætur</i>	89
Hilmar Kristinn Adolfsson o.fl. gegn Íslandi. Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 24. mars 2009	
<i>Umboð til að leggja fram kæru. Þolandi brots. Hugtakið eign</i>	91
4. gr. 7. viðauka: Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis 97	
Ruotsalainen gegn Finnlandi. Dómur frá 16. júní 2009	
<i>Skattsektir. Alagning gjalds</i>	97

2. gr. Réttur til lífs

Branko Tomasic o.fl. gegn Króatíu

Dómur frá 15. janúar 2009

Mál nr. 46598/06

2. gr. Réttur til lífs

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Líflátshótanir. Athafnaskyldur ríkis til að vernda líf.

1. Málsatvik

Kærendur eru Branko Tomasic, eiginkona hans, A, og börn þeirra, B, C og D. Þau eru króatískir ríkisborgarar, fædd 1956, 1963, 1985, 1995 og 2001 og búa í Cakovec í Króatíu. Fjórða barn Tomasic-hjónanna var dóttirin X. Í mars 2005 eignaðist X barnið Z með manninum Y sem hún var þá í sambandi við. Í ágúst 2006 myrti Y barnsmóður sína og barn.

X og Y höfðu búið saman á heimili Tomasic-hjónanna þar til í júlí 2005 þegar Y flutti út eftir rifrildi við aðra á heimilinu. X kærði Y fyrir líflátshótanir í janúar 2006. Y var sakfelldur í héraðsdómi þann 15. mars 2006 fyrir að hafa ítrekað hótað X að drepa hana, sjálfan sig og barn þeirra með sprengju. Hann var dæmdur í fimm mánaða fangelsi. Honum var einnig gert að sæta geðrænni meðferð meðan á afplánun stóð og eftir fangelsisvistina eftir því sem nauðsyn krefði. Áfrýjunardómstóll dró úr skyldubundinni meðferð Y og takmarkaði hana við afplánunartímann. Y afplánaði refsivist sína og var látinn laus 3. júlí 2006. Þann 15. ágúst 2006 skaut hann X og dóttur þeirra Z, en svipti sig síðan lífi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur studdu kvörtun sína við 2. og 13. gr. sáttmálans og héldu því fram að ríkið hefði ekki gripið til viðeigandi aðgerða til að vernda líf X og Z og ekki rannsakað með fullnægjandi hætti ábyrgð ríkisins á dauða þeirra.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Niðurstaða dómstóla í Króatíu og fyrirmæli um meðferð Y vegna geðrænna vandamála sýndi að yfirvöldum var ljós sú hættu sem X og Z stafaði af honum og að hættan var það alvarleg að allra skynsamlegra leiða hefði átt að leita til að vernda líf þeirra. Dómstóllinn benti á að þrátt fyrir að Y hefði ítrekað hótað að nota sprengju, og gæti vel hafa átt önnur vopn, var engin leit gerð á heimili eða ökutæki hans þegar við upphaf rannsóknar lögreglu. Þá stóð geðrannsókn á Y í of skamman tíma miðað við alvarleika hótana hans. Yfirvöldum hafði heldur ekki tekist að sýna fram á að hinni geðrænu meðferð hefði verið stjórnað með fullnægjandi hætti. Ennfremur voru gildandi lagareglur um meðferðina ófullnægjandi. Loks hafði Y ekki verið skoðaður áður en honum var sleppt úr fangelsi með tilliti til mögulegrar hættu á að hann

2. gr. Réttur til lífs

léti verða af þeim gjörðum sem hann hafði hótað X og Z. Dómstóllinn taldi því að ekki hefði verið gripið til viðunandi aðgerða af hálfu yfirvalda til að vernda líf X og Z. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 2. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að vegna þeirrar niðurstöðu sem hann hefði komist að um brot gegn 2. gr. sáttmálans væri ekki þörf á að skoða kvörtun kæranda í ljósi 13. gr. sáttmálans

Kærendum voru með vísan til 44. gr. sáttmálans dæmdar sameiginlega 40.000 evrur í miskabætur og 1.300 evrur í málskostnað.

F.H. gegn Svíþjóð

Dómur frá 20. janúar 2009

Mál nr. 32621/06

2. gr. Réttur til lífs

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Hæli. Dvalarleyfi. Brottvísun.

1. Málsatvik

Kærandi, F.H., er íraskur ríkisborgari, fæddur 1956 og býr í Svíþjóð. Kærandi kom til Svíþjóðar árið 1993 og sótti um hæli og dvalarleyfi. Kvaðst hann hafa yfirgefið Írak vegna ótta við Saddam Hussein og ríkisstjórn hans. Kærandi kvaðst hafa gegnt herþjónustu og tekið þátt í stríðinu gegn Íran. Kvaðst hann hafa verið fluttur í skriðdrekadeild lýðveldishersins þegar stríðinu lauk árið 1988. Kærandi hélt því fram að hann hefði aldrei tekið þátt í bardaga eða stjórnmalastarfi. Störf hans í hernum hefðu aðallega snúið að því að flytja varning. Í október 1992 hafi herinn skipað honum að taka þátt í aðgerðum gegn shítum í Al Ahwar. Þar sem hann hafi ekki getað drepð landa sína gerðist hann liðhlaupi og flúði frá Írak í desember 1992. Kærandi bendir á að hann sé kristinn og hafi verið í Bath-flokknum. Hann hafi aldrei hitt Saddam Hussein sjálfan en hann hafi fengið „vinakort Saddams“ sem veitti honum viss friðindi.

Í maí árið 1995, áður en afstaða hafði verið tekin til umsóknar kæranda um hæli í Svíþjóð, var kærandi sakfelldur af dómstól fyrir morð á eiginkonu sinni. Var hann dæmdur til vistunar á viðeigandi geðheilbrigðisstofnun. Ennfremur var kæranda gert að yfirgefa Svíþjóð með ævilöngu endurkomubanni. Í kjölfarið óskaði hann eftir því við sænsk stjórnvöld að brottvísunarúrskurðinum yrði snúið við. Eftir fall Saddam Hussein ætti hann á hættu að verða drepinn vegna þess að hann var félagi í Bath-flokknum og lýðveldishernum. Ekki var fallist á beiðni kæranda. Í ágúst 2006 bað kærandi dómstólinn um að fara fram á við sænsk stjórnvöld í samræmi við 39. gr. málsmeðferðarreglna dómstólsins að fresta brottvísun hans til Íraks á þeim grundvelli að hann yrði tekinn af lífi eða pyntaður og settur í fangelsi ef hann sneri aftur. Dómstóllinn féllst á málaleitan kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi, með vísan til 2. gr. og 3. gr. sáttmálans, að ef honum yrði vísað frá Svíþjóð til Íraks væri hann í raunverulegri hættu á að verða drepinn eða sæta ómannúðlegri meðferð eða pyntingum vegna þess að hann væri kristinn og hefði þar að auki verið í lýðveldishernum og félagi í Bath-flokknum. Auk þess ætti hann á hættu að verða dæmdur í annað sinn fyrir morðið á eiginkonu sinni.

Niðurstaða

Um 2. og 3. gr.: Dómstóllinn taldi rétt að skoða atvik málsins í ljósi beggja ákvæða saman. Dómstóllinn benti á viðkvæmt öryggisástand í Írak og lagði áherslu á mikilvægi þeirra upplýsinga sem væri að finna í nýlegum skýrslum sjálfstæðra alþjóðlegra mannréttindasamtaka og frá ýmsum ríkisstofnunum. Dómstóllinn taldi hins vegar að þótt almennt ástand í Írak væri óöruggt þá væri það ekki það alvarlegt að það eitt og sér gæti leitt til þess að brottvísun kæranda fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Af því leiddi að dómstóllinn yrði að skoða hvort einstaklingsbundnar aðstæður kæranda væru slíkar að brottvísun hans myndi leiða til brots gegn 2. og 3. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn benti á að nokkrar árásir hefðu beinst að kristnum mönnum í Írak. Hins vegar söfnuðust kristnir enn saman í Írak og fyrir lá að íraska ríkisstjórnin hefði fordæmt allar árásir á hópa kristinna. Í október 2008 þegar tólf kristnir menn voru drepnir í árás á borgina Mósúl skárust lögreglan og herinn í leikinn. Ljóst væri að ríkið legði ekki blessun sína yfir ofsóknir gegnum kristnum mönnum og þar sem enginn lýsti árásinni á hendur sér, og hún var auk þess m.a. fordæmd af íslömskum hópum, þá virtist hún hafa verið verk einstaklinga en ekki skipulagðra samtaka. Kærandi hafði tekið fram að hann hefði verið í lýðveldishernum og tekið þátt í hernaði milli Íraks og Írans og í fyrra Persaflóastríðinu. Dómstóllinn tók fram að sumir fyrrverandi liðsmenn lýðveldishersins væru nú orðnir liðsmenn nýja íraska hersins. Á grundvelli upplýsinga frá kæranda sjálfum taldi dómstóllinn að ekkert benti til þess að kærandi ætti á hættu að verða ákærður vegna afbrota fyrir íröskum dómstólum vegna veru hans í lýðveldishernum. Þá væri ekki hægt að staðreyna hvort kærandi hefði verið fullgildur meðlimur í Bath-flokknum og ef svo væri hvaða stöðu hann gegndi innan hans. Í ljósi þess að kærandi tók fram að hann hefði aldrei hitt Saddam Hussein né tekið þátt í neinu stjórnmalastarfi taldi dómstóllinn ólíklegt að hann hefði verið hátt settur í flokknum. Þá hefðu lög verið sett í Írak um að fyrrverandi meðlimir flokksins ættu aftur möguleika á að starfa hjá hinu opinbera. Ennfremur hefðu verið samþykkt lög um friðhelgi sem leitt hefðu til þess að 120.000 mönnum í varðhaldi var sleppt. Dómstóllinn taldi því að kærandi yrði ekki í neinni raunverulegri hættu á að sæta ofsóknum og jafnvel minni hættu á því að verða dæmdur til dauða þar sem hann hafði verið félagi í Bath-flokknum.

2. gr. Réttur til lífs

Vegna þeirrar málsástæðu kæranda að hann ætti á hættu að verða drepinn án dóms og laga af herskáum hópum sem tilheyrðu shítum benti dómstóllinn á að kærandi hefði haldið því fram alla tíð frá 1988 að hann hefði aðeins unnið við flutning varnings í hernum og að hann hefði hætt herþjónustu vegna þess að hann vildi ekki taka þátt í árásum á shíta. Kærandi hefði því sjálfur aldrei tekið þátt í neinum ofbeldisverkum gegn shítum, sem þeir kynnu að vilja hefna. Vegna ótta kæranda við að verða dæmdur á ný fyrir morðið á eiginkonu sinni benti dómstóllinn á að þrátt fyrir nokkra óvissu í þeim efnum bönnuðu írösk hegningarlög frá 1969 að hann yrði sóttur til saka á ný.

Dómstóllinn taldi því að brottvísun kæranda frá Svíþjóð fæli ekki í sér brot gegn 2. og 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn taldi þó rétt að beiðni dómstólsins um að kæranda yrði ekki vísað frá Svíþjóð héldi áfram gildi sínu þar til yfirdeild hefði tekið afstöðu til mögulegrar áfrýjunar málsins til yfirdeildar.

Tveir dómáramur skiluðu séráliti.

3. gr. Bann við pyndingum

F.H. gegn Svíþjóð

Dómur frá 20. janúar 2009

Mál nr. 32621/06

Sjá reifun dómsins undir 2. gr.

Útlendingar. Hæli. Dvalarleyfi. Brottvísun.

A o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 19. febrúar 2009

Mál nr. 3455/05

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

***Grunaðir hryðjuverkamenn. Útlendingar. Skerðing réttinda á hættutímum.
Frelssisvipting. Endurskoðun frelssisviptingar. Aðgangur að gögnum.***

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

A o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 19. febrúar 2009

Mál nr. 3455/05

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum

Grunaðir hryðjuverkamenn. Útlendingar. Skerðing réttinda á hættutímum. Frelsissvipting. Endurskoðun frelsissviptingar. Aðgangur að gögnum.

1. Málsatvik

Kærendur eru ellefu talsins. Sex eru alsírskir ríkisborgarar, fjórir franskir og einn jórdanskur, einn marokkóskur, einn túnískur og einn án ríkisfangs, en fæddur í palestínskum flóttamannabúðum í Jórdaníu.

Í kjölfar árásar Al-Kaída á Bandaríkin 11. september 2001 töldu bresk yfirvöld að Bretland væri mögulegt skotmark í hryðjuverkaárás sem „ógnaði tilveru þjóðarinnar“ í skilningi 15. gr. sáttmálans. Þau töldu að ógnin stafaði frá ákveðnum erlendum ríkisborgurum sem væru í Bretlandi og væru stuðningsnet fyrir öfgasinnaða íslamska hryðjuverkamenn sem tengdust Al-Kaída. Ekki væri hægt að vísa þessum einstaklingum úr landi þar sem þeir væru í raunhæfri hættu á að sæta slæmri meðferð í heimalandi sínu sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans. Bresk yfirvöld töldu því nauðsynlegt að auka völd innanríkisráðherra til að hneppa einstaklinga í varðhald ef rökstuddur grunur væri á að þeir ógnuðu þjóðaröryggi og væru „alþjóðlegir hryðjuverkamenn“. Þar sem bresk yfirvöld töldu að sú ráðagerð kynni að brjóta í bága við 1. mgr. 5. gr. sáttmálans var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins tilkynnt um ráðstafanir sem kynnu að brjóta í bága við ákvæði sáttmálans hinn 11. nóvember 2001. Í tilkynningunni var vísað til tiltekinna lagaákvæða í lögum frá 2001 sem fjölluðu m.a. um baráttu gegn hryðjuverkamönnum. Meðal þeirra var lagaákvæði sem fól í sér heimild til að hafa í haldi einstaklinga sem grunur léki á að væru alþjóðlegir hryðjuverkamenn sem væri ekki að svo stöddu hægt að vísa úr landi.

Umrædd löggjöf var í gildi frá og með 4. desember 2001 þar til í mars 2005. Á meðan lögin voru í gildi var 16 einstaklingum, þar á meðal öllum ellefu kærendum í þessu máli, haldið í varðhaldi. Kærendum var upphaflega haldið í Belmarsh-fangelsinu í Lundúnum. Kærendunum frá Marokkó og Frakklandi var sleppt í desember 2001 og mars 2002 þar sem þeir kusu að yfirgefa Bretland. Eftir að heilsu þriggja kærenda hrakaði, þar á meðal reyndi einn þeirra að svipta sig lífi, voru þeir fluttir á öryggisgeðsjúkrahús. Öðrum kæranda var sleppt gegn tryggingu í apríl 2004 með skilyrðum sem svipa til stofufangelsis vegna ótta um andlega heilsu hans.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Ákvörðun um að vista menn í varðhaldi á grundvelli laganna sætti endurskoðun tiltekinnar áfrýjunarnefndar og svo á sex mánaða fresti eftir það. Allir kærendur áfrýjuðu til nefndarinnar. Áfrýjunarnefndinni var heimilt að líta bæði til sönnunargagna sem kærendur höfðu aðgang að en einnig til þeirra sem töldust vera of viðkvæms eðlis. Kærendur fengu aðgang að fyrrnefndu sönnunargögnunum og gátu komið athugasemdum sínum á framfæri bæði skriflega og munnlega. Þau sönnunargögn sem voru talin of viðkvæms eðlis voru ekki gerð aðgengileg kærendum eða lögmönnum þeirra. Þess í stað var skipaður sérstakur málsvari fyrir þeirra hönd. Áfrýjunarnefndin hlýddi bæði á kærendur en einnig á sérstakan málsvara við lokaða málsmeðferð þar sem hann gat komið athugasemdum á framfæri. Sérstaki málsvarinn mátti hins vegar ekki hafa samband við kærendur eftir að hann hafði séð þau sönnunargögn sem voru talin viðkvæms eðlis nema með sérstöku leyfi dómstóla. Hinn 30. júlí 2002 staðfesti áfrýjunarnefndin að nægilega rökstuddur grunur hefði verið fyrir hendi til að hneppa kærendur í gæsluvarðhald en þar sem lögin náðu aðeins til erlendra ríkisborgara fælu þau í sér mismunun sem væri í andstöðu við sáttmálann.

Kærendur vefengdu einnig lögmæti þeirra ráðstafana sem bresk yfirvöld höfðu gripið til með vísan til 15. gr. sáttmálans. Hinn 16. desember 2004 komst æðsta dómstig Bretlands, Lávarðadeildin, að þeirri niðurstöðu að hættuástand væri til staðar en að það kerfi sem væri komið á fót með lögunum tæki ekki á því með nægilega málefnalegum hætti og ekki væri gætt meðalhófs í aðgerðum. Lávarðadeildin komst einnig að þeirri niðurstöðu að teikn væru á lofti um að breskir ríkisborgarar tengdust einnig Al-Kaída en samkvæmt lögunum náðu þau aðeins til erlendra ríkisborgara. Lögin fælu því í sér óréttmæta mismunun gagnvart erlendum ríkisborgurum. Lávarðadeildin ógilti því tilkynningu breskra yfirvalda um að grípa til ráðstafana samkvæmt 15. gr. sáttmálans. Lögin frá 2001 voru engu að síður áfram í gildi þar til þingið felldi þau úr gildi í mars 2005. Um leið og kærendum var sleppt úr haldi var þeim gert að sæta skilyrðum í samræmi við hryðjuverkalögin frá 2005 en þau lög voru óháð ríkisfangi.

Frá árslokum 2003 unnu bresk yfirvöld að því að fá tryggingu fyrir því að sjö kærendur, þ.e. sex frá Alsír og einn frá Jórdaníu, myndu ekki sæta slæmri meðferð ef þeir sneru aftur til heimalands síns. Í apríl árið 2008 komst áfrýjunardómstóll að þeirri niðurstöðu að ekki mætti vísa jórdanska ríkisborgaranum úr landi þar eð líklegt væri að sönnunargögn fengin með pyndingum yrðu notuð gegn honum í réttarhaldi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að ótímabundið varðhald í hámarks-öryggisfangelsum teldist vera ómannleg eða vanvirðandi meðferð. Þeir héldu því einnig fram að það kerfi sem væri komið á fót með lögunum væri ólögmætt, fæli í sér mismunun og meðalhófs væri ekki gætt. Ennfremur laut kvörtun kærenda

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

að því að jafnvel þótt kerfið teldist ólögmætt gátu þeir ekki sótt neinar bætur eða fengið sig lausa. Þá kvörtuðu þeir einnig yfir því að þeir hefðu aðeins haft takmarkaða vitneskju um málatilbúnað gegn þeim fyrir áfrýjunarnefndinni og þar með takmörkuð tækifæri til að verja sig. Töldu kærendur að 3., 5., 6., 13. og 14. gr. sáttmálans hefðu verið brotnar.

Niðurstaða

Um 3. gr., sbr. 13. gr.: Dómstóllinn lýsti sig meðvitaðan um þá erfiðleika sem fylgja baráttunni gegn hryðjuverkum en minnti á að 3. gr. hefði að geyma grundvallarreglu í lýðræðisþjóðfélagi. Jafnvel við erfiðustu kringumstæður, eins og í baráttunni gegn hryðjuverkum, og óháð háttsemi borgaranna, væri bannið gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu algilt. Sú óvissa og ótti sem fylgdi ótímabundnu varðhaldi hlaut að hafa valdið þeim tíu kærendum, sem eftir voru, streitu. Sú streita var líklega nægilega mikil og viðvarandi til að hafa áhrif á geðheilsu sumra kærenda. Hins vegar var ekki hægt að segja að kærendur hefðu verið án allra væntinga um að geta losnað. Þeir hefðu getað farið með mál sitt fyrir áfrýjunarnefndina og Lávarðadeild. Það hefðu þeir gert og borið sigur úr þytum. Þá var áfrýjunarnefndinni að lögum skylt að endurskoða réttmæti varðhaldsins á sex mánaða fresti. Aðstæður kærenda voru því ekki sambærilegar ævilöngu fangelsi án möguleika á reynslulausn sem gæti vakið uppi álítaefni í tengslum við 3. gr. sáttmálans.

Kærendum stóð jafnframt til boða að nýta öll sömu úrræði og aðrir fangar, þar á meðal að kvarta yfir ónógri læknis meðferð. Kærendur höfðu ekki nýtt sér þau úrræði og því var skilyrði 35. gr. sáttmálans um að tæma öll úrræði að landsrétti ekki fullnægt. Því gæti dómstóllinn ekki skoðað nein álítaefni er lutu að þeim aðstæðum gæsluvarðhaldsins. Dómstóllinn taldi því að eins og málum væri háttað hefði varðhaldið ekki náð því að teljast til ómannlegrar eða vanvirðandi meðferðar sem bryti í bága við 3. gr. sáttmálans.

Varðandi 13. gr. sáttmálans áréttaði dómstóllinn að ákvæðið tryggði ekki rétt til að vefengja gildandi lög. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 3. gr., sbr. 13. gr., sáttmálans hefðu ekki verið brotnar. Dómstóllinn vísaði kvörtun marokkóska ríkisborgarans frá vegna þess að honum hefði aðeins verið haldið í nokkra daga.

Um 1. mgr. 5. gr. og 15. gr.:

Hvort kærendum var haldið með lögmætum hætti í samræmi við f-lið 1. mgr. 5. gr. Dómstóllinn áréttaði að 5. gr. hefði að geyma grundvallarrétt þess efnis að vernda borgarana gegn geðþóttaafskiptum af réttinum til frelsis og að sá réttur næði til allra óháð ríkisfangi. Bresk yfirvöld héldu því fram að aðgerðir þeirra teldust til gæslu „manns sem vísa á úr landi eða framselja“, sbr. f-lið 1. mgr. 5. gr. Dómstóllinn taldi að hvað varðaði þá kærendur sem hefði verið haldið í stuttan tíma áður en þeir kusu að fara úr landi hefði ekkert brot átt sér stað. Að því er varðaði hina níu kærendurna taldi dómstóllinn

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

ekki nægilegt að það sætti reglulegri skoðun hvort vísa ætti þeim úr landi, sbr. orðalagið „sem vísa á úr landi“. Undirliggjandi forsenda laganna frá 2001 var að ekki væri hægt að vísa þessum einstaklingum úr landi og ekki hefði verið sýnt fram á, á neinum tímapunkti, að raunhæfur möguleiki hefði verið á brottvísun. Einn kæranda var án ríkisfangs og bresk yfirvöld höfðu ekki sýnt fram á nein sönnunargögn um að annað ríkið hefði verið reiðubúið að taka við honum. Viðræður yfirvalda við yfirvöld í Alsír og Jórdaníu hófust ekki fyrr en í árslok 2003 og trygging fyrir að kærendur myndu ekki sæta slæmri meðferð af þeirra hálfu fékkst ekki fyrr en í ágúst 2005. Kærendur féllu því ekki undir undanþágu f-liðar 1. mgr. 5. gr. Lávarðadeildin hafði komist að sambærilegri niðurstöðu. Varðhald án grunsemda um refsiverðar sakir er ekki í samræmi við 5. gr. nema undantekning 15. gr. eigi við. Vegna þess þyrfti að kanna hvort undanþágan ætti við í þessu tilviki.

Hvort ráðstafanir sem víkja frá skyldum 5. gr. með vísan til 15. gr. sáttmálans hafi verið lögmætar. Dómstóllinn benti á að kringumstæðurnar væru óvenjulegar. Lávarðadeildin hefði komist að þeirri niðurstöðu að neyðarástand sem ógnaði tilveru þjóðarinnar væri til staðar en að þær aðgerðir sem gripið hefði verið til tækju ekki nægilega á því. Taldi dómstóllinn sig því aðeins geta komist að öndverðri niðurstöðu ef veigamiklir annmarkar væru á niðurstöðu Lávarðadeildarinnar.

Hvort neyðarástand sem ógnar tilveru þjóðarinnar hafi verið til staðar. Ýmis sönnunargögn höfðu verið lögð fram fyrir dómstólum innanlands og fyrir áfrýjunarnefndina. Allir dómendur höfðu talið hættuna vera raunhæfa. Þótt engin árás af hálfu Al-Kaída hefði átt sér stað yrðu yfirvöld ekki gagnrýnd fyrir að óttast slíka yfirvofandi árás. Ekki væri hægt að vænta þess að ríki biði eftir því að hörmungar dyndu yfir það í stað þess að grípa til ráðstafana til að kljást við þær. Þá hefði hættan á slíkum árásum verið full ljós eftir sprengjuárásir og tilraunir til þeirra í Lundúnum í júlí árið 2005. Þótt breska ríkið hefði verið eina ríkið sem tilkynnti um beitingu ráðstafana samkvæmt 15. gr. sem víkja frá skyldum þeirra samkvæmt sáttmálanum þá væri það í höndum hvers ríkis, sem verndar öryggi borgara sinna, að meta ástandið. Líta yrði því til þess hvernig ríkið og dómara í heimalandinu hefðu metið stöðuna. Dómstóllinn taldi því að neyðarástand sem ógnaði tilveru þjóðar hefði verið til staðar.

Hvort ráðstafanir sem víkja frá skyldum samkvæmt sáttmálanum hafi verið nauðsynlegar. Dómstóllinn áréttaði að þetta væri lögfræðileg spurning enda hefði verið vikið frá grundvallarréttindum 5. gr. sáttmálans þar sem kærendur hefðu verið sviptir frelsi sínu í langan tíma. Í ljósi varfærnislegrar nálgunar Lávarðadeildarinnar taldi dómstóllinn sér ekki fært að fullyrða að sjónarmið yfirvalda og þingsins hefðu fengið of mikið vægi. Dómstóllinn taldi að Lávarðadeildin hefði nálgast viðfangsefnið með réttum hætti þegar hún sagði að málið varðaði þjóðaröryggi en ekki útlendinga sem slíka og með því að koma á fót kerfi þar sem útlendingar voru hnepttir í varðhald ótímabundið hefði þeim verið mismunað og ekki hefði verið gætt hófs. Bresk

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

yfirvöld héldu því fram í málinu að með því að einskorða kerfið við útlendinga væri dregið úr líkum á því að breskir múslimar gengju til liðs við hryðjuverka-sellur. Dómstóllinn tók fram að breska ríkið hefði ekki sýnt fram á að erlendir múslimar í Bretlandi væru líklegri til að ganga til liðs við slíkan málstað. Þvert á móti gerðu hryðjuverkalögin frá 2005 ekki slíkan greinarmun. Dómstóllinn féllst heldur ekki á þá röksemd yfirvalda að þau væru betur í stakk búin í baráttunni gegn hryðjuverkum ef þau gætu haldið útlendingum sem taldir voru tengjast hryðjuverkum í varðhaldi. Dómstóllinn taldi því ekki ástæðu til annars en að fallast á með Lávárðadeildinni að um óréttmæta mismunun hefði verið að ræða. Þá hefðu dómstólar innanlands og áfrýjunarnefndin, sem höfðu aðgang að öllum sönnunargögnum, ekki talið að ógn stafaði fremur af útlendingum en af breskum ríkisborgurum. Dómstóllinn taldi því að ráðstafanir sem viku frá skyldum aðildarríkis væru úr hófi þar sem gerðu með óréttmætum hætti greinarmun á breskum ríkisborgurum og útlendingum. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 5. gr. sáttmálans hefði verið brotin gagnvart öllum kændum nema þeim marokkóska og þeim frönsku.

Um 4. mgr. 5. gr.: Þar sem kændurnir frá Marokkó og Frakklandi höfðu yfirgefið Bretland var þeirra kvörtun vísað frá. Hinir kændurnir kvörtuðu yfir því að málsmeðferð fyrir áfrýjunarnefndinni hefði verið óréttlát þar sem þeir hefðu ekki fengið að sjá öll sönnunargögnin gegn þeim.

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt 4. mgr. 5. gr. á hver sá sem er handtekinn eða settur í varðhald rétt á að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól er úrskurði um hana með skjótum hætti og fyrirskipi að hann skuli látinn laus ef ólögmæt reynist. Þessum rétti fylgi yfirleitt réttur til að fá vitneskju um þau sönnunargögn sem eru til staðar gegn borgaranum. Í þeim tilvikum þar sem miklir almannahagsmunir standa því í vegi, t.d. að vernda viðkvæm vitni eða heimildarmenn, er mögulegt að takmarka rétt til aðgangs að sönnunargögnum svo lengi sem borgari á möguleika með skilvirkum hætti á að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól. Dómstólar innanlands höfðu komist að þeirri niðurstöðu að athafnir og markmið Al-Kaída hefðu leitt til neyðarástands sem ógnaði tilveru þjóðarinnar. Á þeim tíma var talin brýn nauðsyn á að vernda íbúa Bretlands fyrir hryðjuverkaárás og miklir almannahagsmunir í því fólgir að öðlast upplýsingar um Al-Kaída og samstarfsmenn samtakanna og halda leynd yfir heimildarmönnum slíkra upplýsinga. Gegn þessum almannahagsmunum varð að vega hagsmuni kæranda samkvæmt 4. mgr. 5. gr. Því var mikilvægt að kændur fengu aðgang að eins miklum upplýsingum og mögulegt var án þess að stofna þjóðaröryggi eða öryggi annarra í hættu. Þar sem ekki var mögulegt að veita aðgang að öllum upplýsingum varð að meta það í tilviki kæranda með hliðsjón af því að þeir hefðu skilvirkan möguleika á að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól. Í ljósi þess að áfrýjunarnefndin hafði aðgang að öllum gögnum og sérstakur málsvari

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

einnig sem gat spurt vitni yfirvalda og lagt fram kröfur fann dómstóllinn ekki að því að óþarfa leynd hefði ríkt yfir gögnum málsins.

Í þeim tilvikum þar sem nánast flest gögn höfðu talist viðkvæm en sakarefnið hins vegar verið nægilega afmarkað í gögnum sem voru kærendum aðgengileg voru kærendur í þeirri stöðu að geta veitt lögmönnum sínum eða sérstaka málsvaranum fullnægjandi upplýsingar til að hrekja ásökunina. Hins vegar í þeim tilvikum þar sem sakarefnið var tiltölulega almennt og niðurstaða áfrýjunarnefndar byggðist nær eingöngu á gögnum sem töldust viðkvæms eðlis var ekki gætt málsmeðferðarréttinda 4. mgr. 5. gr. sáttmálans. Í tilvikum fimm kærenda var sakarefnið tiltölulega afmarkað. Var sakarefnið í þeim tilvikum afmarkað t.d. við kaup á tilteknu fjarskiptatæki, varðveislur sérstakra skjala sem tengdust nafngreindum einstaklingum sem grunaðir væru um að vera hryðjuverkamenn og fundi við slíka nafngreinda einstaklinga á ákveðnum dögum og stöðum. Í þessum tilvikum höfðu kærendur möguleika með skilvirkum hætti á að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól og ekki var talið að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Sakarefnið varðandi tvo kærendur var afmarkað með þeim hætti að þeir tengdust fjáröflun fyrir hryðjuverkahópa sem tengdust Al-Kaída. Þessar ásanir voru studdar sönnunargögnum sem voru kærendum aðgengileg. Dæmi um slík sönnunargögn vörðuðu að háar fjárhæðir hefðu verið færðar á milli bankareikninga eða fjármunir sem hefðu verið fengnir með sviksamlegum hætti. Í máli þeirra var niðurstaðan hins vegar einnig studd við sönnunargögn sem þeir höfðu ekki aðgang að og áttu að sýna fram á hin meintu tengsl við fjáröflunina og hryðjuverkahópana. Kærendur höfðu því ekki verið í stakk búinir til að bera lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstól með skilvirkum hætti. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 4. mgr. 5. gr. hefði verið brotin.

Í máli hinna kærendanna laut sakarefnið að því að þeir væru meðlimir nafngreindra öfgakenndra múslimskra hópa sem tengdust Al-Kaída. Áfrýjunarnefndin hafnaði áfrýjun þeirra nær eingöngu á grundvelli sönnunargagna sem töldust viðkvæms eðlis. Höfðu þessir kærendur því heldur ekki verið í aðstöðu til að geta með skilvirkum hætti borið lögmæti frelsisskerðingarinnar undir dómstóla. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 4. mgr. 5. gr. hefði verið brotin.

Um 5. mgr. 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærendur hefðu ekki fengið bætur vegna framangreindra brota og því hefði 5. mgr. 5. gr. verið brotin gagnvart öllum kærendum nema þeim marokkóska og franska.

Um aðrar greinar: Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að skoða málið í tengslum við önnur ákvæði sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar talsvert lægri bætur en hafa tíðkast í málum varðandi frelsissviptingu vegna þess að það kerfi sem var komið á fót vegna

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

neyðarástands miðaði að því að finna meðalveg þess að vernda breska ríkisborgara fyrir hryðjuverkaárásum og banns 3. gr. sáttmálans við að vísa kærendum úr landi ef þeir væru í raunhæfri hættu á að sæta slæmri meðferð. Alsírsku kærendunum voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 3.400, 3.900, 3.800, 3.400, 2.500 og 1.700 evrur. Jórdanska kærandanum voru dæmdar 2.800 evrur, þeim túníska og þeim sem er án ríkisfangs 3.900 evrur. Kærendum voru sameiginlega dæmdar 60.000 evrur í málskostnað.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

A.L. gegn Finnlandi

Dómur frá 27. janúar 2009

Mál nr. 23220/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Rétturinn til að spyrja vitni. Sönnunargögn.

1. Málsatvik

Hinn 13. mars 2001 hafði X samband við lögreglu vegna grunsemda um að dóttir hennar, R, fædd í desember 1986, hefði sætt kynferðislegri misnotkun af hálfu kæranda, A.L., tíu dögum fyrr. Kærandi er frændi R. Hinn 21. mars 2001 yfirheyrði lögreglan X og 9. júlí s.á. yfirheyrði lögreglan kæranda. Lögregla tók skýrslu af R 30. júlí s.á. í viðurvist félagsráðgjafa. Engir aðrir voru viðstaddir þá yfirheyrslu né var hún tekin upp. Kærandi var í kjölfarið ákærður fyrir kynferðislega misnotkun gegn R, sem var 14 ára á þeim tíma er meint brot var framið. Honum. var gefið að sök að hafa snert kynfæri R. Kærandi lýsti sig saklausan af ákærinni. Dómstóll hlýddi á vitnisburð móður R, kæranda og þriggja vitna sem kærandi leiddi til skýrslugjafar. Saksóknari lagði fram myndbandsupptöku af tveimur viðtölum við R sem sérfræðilæknirinn H hafði umsjón með hinn 17. og 18. júlí 2001. H var vegna þessa leiddur fyrir dóminn sem vitni. Saksóknari lagði einnig fram læknauskýrslu sem fól í sér mat á viðtölunum og öðrum atriðum sem tengdust líkamsrannsókn á R. Þá lagði saksóknarinn ennfreður fram yfirlýsingu frá endurhæfingarstöð fyrir andlega fatlaða einstaklinga sem veitt var 14. mars 2001 þess efnis að andleg hæfni R væri á við 6 til 8 ½ árs barn. Þá voru lögð fram skrifleg gögn um að R þyrfti á nánar tilgreindri sérfræðiaðstoð að halda.

Hinn 20. nóvember 2001 var kærandi sakfelldur í undirrétti fyrir að hafa misnotað barn kynferðislega og dæmdur í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi. Dómstóllinn byggði úrlausn sína aðallega á því að vitnisburður móður R þótti trúverðugri en vitnisburður kæranda og vitna sem hann leiddi fram og í öðru lagi með vísan til myndbandsupptökunnar og vitnisburðar H. Undirréttur benti á að lýsing R á atburðum gagnvart móður hennar og H hafi verið sambærileg og að meðan á viðtölum við H stóð hefði R talað opinskátt og af sjálfstrausti við H en hegðun hennar hefði skýrlega breyst þegar umræðunni var snúið að hinni meintu misnotkun. R hafði hins vegar tekist að lýsa atburðinum með nákvæmum hætti. Ekki var ástæða til að halda að R væri að endurtaka orð einhvers annars eða hefði ímyndað sér atburðinn.

Kærandi áfrýjaði dómi undirréttar til áfrýjunardómstóls. Taldi hann að undirréttur hefði ekki átt að dæma í málinu án þess að hlýða fyrst beint

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

á vitnisburð R. Þá hefði hann ekki fengið færi á að leggja spurningar fyrir R né hefði hann fengið að sjá myndbandsupptökuna af viðtölum H við R áður en aðalmeðferð hófst en upptakan var mikilvægur þáttur í sönnunarfærslu ákærvaldsins. Óskaði kærandi eftir því að áfrýjunardómstóll viðhefði munnlega málsmeðferð og R yrði leidd fyrir dóminn sem vitni svo hann gæti lagt fyrir hana spurningar. Hinn 9. janúar 2003 synjaði áfrýjunardómstóll beiðni kæranda þar sem það gæti reynst R skaðlegt miðað við þroska hennar og eðli spurninganna. Studdi dómstóllinn niðurstöðu sína við lagaákvæði þess efnis að einstaklingi undir 15 ára aldri bæri ekki að vera viðstaddur réttarhald ef dómari teldi það skaðlegt fyrir hann. Einnig var vísað til lagaákvæðis þess efnis að aðeins mætti yfirheyra barn fyrir dómi að það yrði því ekki til skaða. Ekki var hægt að áfrýja þessari ákvörðun áfrýjunarréttarins sérstaklega. Við munnlega málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstólnum voru sömu sönnunargögn lögð fram og fyrir undirrétti auk þess sem lagðar voru fram fjórar myndir og teikningar af íbúð kæranda. Hinn 27. febrúar 2003 staðfesti áfrýjunardómstóll dóm undirréttar. Kærandi sótti um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og hélt því meðal annars fram að sáttmálinn hefði verið brotinn. Hinn 14. janúar 2004 var umsókn hans um áfrýjunarleyfi hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin m.a. þar sem hann hefði ekki fengið færi á að leggja spurningar fyrir hinn meinta brotapolu, R, og það jafnvel þó að myndbandsupptaka af vitnisburði hennar hafi verið þýðingarmikið sönnunargagn í sakamálinu gegn honum.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að framlagning sönnunargagna væri almennt séð atriði sem væri kveðið á um í lögum landsréttar og það væri hlutverk dómstóla í viðkomandi landi að meta þau. Hlutverk Mannréttindadómstólsins væri ekki að meta hvort framburðir vitna væru samþykktir sem sönnunargögn heldur að ganga úr skugga um að málsmeðferðin í heild, þar á meðal mat á sönnunargögnum, væri sanngjörn og réttlát. Dómstóllinn benti á þá meginreglu að öll sönnunargögn í refsimáli ætti að leggja fram við opinbera málsmeðferð að viðstöddum ákærða svo að hann ætti möguleika á að andæfa þeim. Hins vegar væru undantekningar á þeirri meginreglu. Almennt væri ekki hægt að túlka 1. mgr. og d-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þannig að í öllum málum yrði að leggja spurningar milliliðalaust af ákærða eða lögmanni hans fyrir brotapolu heldur yrði að gefa sakborningi raunhæft tækifæri til að andmæla og leggja spurningar fyrir vitni sem mæla honum í mót, annaðhvort þegar það gæfi framburð sinn eða á síðari stigum. Sakfelling mætti ekki byggjast eingöngu eða að stórum hluta á vitnisburði sem ákærði

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

hefði ekki haft tækifæri til að veita andsvör við. Hins vegar ætti ákærði ekki ótakmarkaðan rétt á viðurvist vitna í réttarhaldi. Innanlandsdómstólar yrðu almennt að taka ákvörðun um hvort nauðsynlegt eða skynsamlegt væri að hlýða á vitnisburð vitna. Dómstóllinn taldi að R teldist hafa verið vitni í málinu í skilningi d-liðar 3. mgr. 6. gr. sáttmálans vegna þess að myndbandsupptakan af viðtalinu við lækinn H var tekin og notuð sem sönnunargagn gegn ákærða fyrir dómi.

Dómstóllinn tók fram að meðferð kynferðisafbrotamála væri oft þungbær vitnum, sérstaklega þegar þau væru leidd gegn vilja sínum til að standa andspænis sakborningi. Ætti þetta sérstaklega við þegar þolandi væri ungur að árum. Þegar metið væri hvort málsmeðferð hefði verið réttlát yrði að taka mið af rétti fórnarlambis til friðhelgi einkalífs. Dómstóllinn fellst þ.a.l. á að grípa yrði til sérstakra ráðstafana til að vernda meint fórnarlamb, að því gefnu að slíkar ráðstafanir samrýmdust viðunandi og skilvirkum rétti sakbornings til varnar. Dómstólar gætu þurft að grípa til annarra úrræða til að viðhalda jafnvægi þegar hallaði á sakborning af þessum sökum.

Dómstóllinn benti á að vitnisburðir H og móður R hefðu aðeins verið óbein sönnunargögn, þ.e. þau endurtóku aðeins það sem R hafði tjáð þeim, og fjölluðu um breytingar sem þau hefðu orðið vör við í hegðun R. Þá hefði H gefið vitnisburð um þá aðferð sem hann notaði til að taka viðtölin tvö sem voru spiluð á myndbandi fyrir réttinum. Dómstóllinn tók fram að þar sem myndbandsupptakan hefði verið lögð fyrir dómstólinn gátu dómarnir og kærandi, sem var sakborningur í málinu, hlýtt á frásögn R sjálf, séð hvernig viðtalið fór fram og að vissu marki metið trúverðugleika hennar. Þá gat kærandi andmælt þeim sönnunargögnum sem voru lögð fyrir undirrétt. Þótt dómstóllinn viðurkenndi mikilvægi myndbandsupptöku sem þessarar gæti það ekki eitt talist nægjanlegt svo gætt væri að réttindum sakbornings sér til varnar þar sem kæranda hafði ekki staðið til boða að leggja spurningar fyrir vitnið.

Dómstóllinn tók fram að í þessu máli, andstætt S.N. gegn Svíþjóð í máli nr. 34209/96 og B. gegn Finnlandi frá 24. apríl 2007 í máli nr. 17122/02, hafði kærandi ekki fengið tækifæri til að leggja spurningar fyrir R á neinu stigi málsins. Ósk hans um að R bæri vitni fyrir áfrýjunardómstóli var hafnað. Frekari tilraunir hans, meðal annars fyrir Hæstarétti, báru engan árangur. Dómstóllinn tók jafnframt fram að sú varnarástæða finnska ríkisins að kærandi hefði ekki óskað eftir því að fá að hlýða á R fyrir undirrétti heldur fyrst fyrir áfrýjunardómstóli stæðist ekki þar sem áfrýjunardómstóli væri að lögum heimilt að endurmeta bæði lagaleg atriði og málsatvik. Þá hefði einskis sérfræðiálits verið leitað til að kanna hvort R gæti komið fyrir dómstólinn og gefið vitnisburð eða með öðrum vægari leiðum. Í þessu máli væri myndbandsupptakan eina beina sönnunargagn gegn kæranda. Við þessar kringumstæður leiddi notkun sönnunargagnsins

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

til slíkrar takmörkunar á réttindum kæranda til varnar að hann hlaut ekki réttláta málsmeðferð.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. mgr., sbr. d-lið 3. mgr. 6. gr., hefði verið brotin.

Með vísan til 44. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 402 evrur í málskostnað.

Lenskaya gegn Rússlandi

Dómur frá 29. janúar 2009

Mál nr. 28730/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Endurupptaka máls fyrir dómi. Lögmætar væntingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Lyudmila Gennadyevna Lenskaya, er fædd 1955 og býr í Tomsk. Hún er aðstoðarforstjóri Tomsk-sjúkrahússins. Hinn 25. nóvember 2000 kærði hún C, fyrrverandi eiginmann sinn, fyrir líkamsárás. Lagði hún fram áverkavottorð frá Tomsk-sjúkrahúsinu um að hún hefði komið á spítalann sama dag með áverka en hefði ekki heilahristing. Tveimur dögum síðar skoðaði réttarlæknir kæranda. Þar kom fram að kærandi hefði m.a. tvo marbletti á andlitinu. Ekki væri hægt að útiloka að áverkarnir væru tilkomnir á þeim tíma sem kærandi sagðist hafa hlotið þá. Hinn 15. desember 2000 gaf saksóknari í Kirovskiy út ákæru á hendur C. Nokkur þinghöld voru haldin í málinu og meðal annars hlýtt á vitnisburði. C neitaði ásökunum og sagðist ekki hafa hitt kæranda þann dag sem hún hélt því fram að árásin hefði átt sér stað. Hann hefði gist hjá vinkonu sinni, P. Sonur hans staðfesti að hann hefði eytt öllum deginum með honum áður hann fór að heimsækja P. Tvö vitni sögðu að kærandi hefði sagt þeim að C hefði lamið sig. Eitt vitni, nágrenni kæranda, hélt því fram að kærandi hefði reynt að fá tvær manneskjur til að bera ljúgvitni. Hinn 15. júlí 2002 var C sakfelldur fyrir líkamsárás. Var hann meðal annars dæmdur til að greiða kæranda skaðabætur. C áfrýjaði og bar fyrir sig að engin vitni hefðu séð hann ráðast á kæranda né að hann hefði verið með henni. Þvert á móti hefðu tvö vitni veitt honum fjarvistarsönnun. Þá hefði dómari í undirrétti neitað að víkja en lögmaður kæranda hefði verið leiðbeinandi dómarans þegar hann skrifaði doktorsritgerð sína. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðuna en lækkaði skaðabæturnar. C óskaði eftir því við forseta héraðsdómstólsins í Tomsk að málið yrði endurupptekið vegna hlutdrægni dómarans við undirrétt. Endurskoðunarúrræði þetta byggist á laga- og málsmeðferðaratriðum en ekki vegna þess að upplýsingar um ný málsatvik liggi fyrir. Í nóvember 2002 var kæranda boðið að leggja fram skrifleg andmæli sín vegna endurupp-

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

tökukröfunnar. Hinn 11. desember 2002 var fyrri dómur felldur úr gildi og C sýknaður. Skaðabótakröfu var jafnframt vísað frá. Kom fram að undirréttur og áfrýjunardómstóll í málinu gegn C hefðu ekki metið sönnunargögn með forsvaranlegum hætti og gefið sér að áverkar kæranda væru af völdum fyrrverandi eiginmanns hennar. Sekt C hefði ekki verið sönnuð og reglan um að maður sé saklaus þar til sekt sé sönnuð var brotin.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að 6. gr. og 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann hefðu verið brotin við það að dómur í refsimálinu gegn C var felldur úr gildi.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að túlka yrði 1. mgr. 6. gr. í ljósi formálsorða sáttmálans sem vísuðu m.a. til réttarríkisins. Lagaleg víska væri eitt af grundvallaratriðum réttarríkis en í því fælist að þegar dómur hefðu gengið ætti ekki að draga þá í efa. Af því leiðir að enginn ætti rétt á því að fá mál endurupptekið til þess eins að fá nýtt álit á málinu. Undantekningar frá þessu gætu aðeins átt við þegar efnislegar og knýjandi ástæður réttlættu þær. Endurskoðun æðri dómstóla væri til þess að leiðrétta grundvallarágalla á dómum undirréttar. Því valdi ætti að beita með hliðsjón af því jafnvægi sem þyrfti að ríkja á milli hagsmuna einstaklinga og þeirrar nauðsynjar sem væri á skilvirknu réttarkerfi. Við þetta mat yrði m.a. að líta til þeirra afleiðinga sem endurupptaka og síðari málsmeðferð hefði fyrir kæranda, hvort kærandi hefði sjálfur óskað eftir því, á hvaða grundvelli fyrri dómur væri felldur úr gildi, að hvaða leyti hefði verið fylgt lögum í fyrri málsmeðferð. Við mat á meiriháttar ágalla yrði að hafa í huga að sjónarmið um að sakamálarannsókn hefði verið ófullkomin og einhliða eða að maður hefði með röngu verið sýknaður gætu ekki, án alvarlegra málsmeðferðarannmarka, misnotkunar valds, alvarlegra ágalla við beitingu efnisákvæða eða annarra þungvægra ástæðna, ein og sér leitt til þess að meiriháttar ágalli væri til staðar.

Dómstóllinn taldi álitaefnið vera hvort sú ákvörðun að endurupptaka málið og fella eldri dóm úr gildi hefði verið tekin í því skyni leiðrétta meiriháttar ágalla og ef svo væri hvort framkvæmdin hefði verið með þeim hætti að grafið hefði verið undan réttlæti allrar málsmeðferðarinnar. Dómstóllinn leit til þeirra ástæðna sem gefnar hefðu verið fyrir því að taka málið upp og fella fyrri dóm úr gildi. Vísað hefði verið til þess að ekki hefði verið staðfest að líkamsárásin hefði átt sér stað, brotið hefði verið gegn reglunni um að allir ættu að teljast saklausir þar til sekt er sönnuð og að sekt fyrrverandi eiginmanns kæranda hefði ekki verið sönnuð. Hefði hann því verið sýknaður og skaðabótakröfu vísað frá. Taldi dómstóllinn að ástæðurnar væru ekki

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

óskynsamlegar né settar fram af geðþótta. Dómstóllinn leit til þess að við endurupptökuna hefði verið litið til þess að sönnunargögn hefðu verið metin með óforsvaranlegum hætti þar sem litið var framhjá vitnisburði sem staðfesti fjarvistarsönnun fyrrverandi eiginmanns kæranda, honum hefði verið gert að greiða skaðabætur án þess að sannað hefði verið að hann hefði valdið tjóni og ekki hefðu verið virt efnisleg réttindi hans. Ágallarnir hefðu verið slíkir að réttarhald með þeim gæti ekki talist til réttlátrar málsmeðferðar. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki andstætt sáttmálanum að endurupptaka dóma til að leiðrétta réttarspjöll. Dómur þar sem lykil-sönnunargögn eru hunsuð getur talist til slíkra réttarspjalla. Dómstóllinn taldi að hefðu ágallar í máli fyrrverandi eiginmanns kæranda verið látnir ótaldir hefðu það verið ágallar sem hefðu veruleg áhrif á réttlæti málsmeðferðarinnar, heilindi og traust til réttarkerfisins. Þá hefði ekki verið hægt að leiðrétta þessa ágalla nema með því að fella dóminn úr gildi. Við þessar aðstæður hefði ekki verið hægt að hafna beiðni fyrrverandi eiginmanns kæranda. Dómstóllinn taldi að dómurinn hefði verið endurupptekinn með það fyrir augum að leiðrétta meiriháttar ágalla. Dómstóllinn benti á mikilvægi þess að reglur um dómskerfið væru ekki svo afdráttarlausar að ekki væri unnt að leiðrétta alvarlega ágalla.

Dómstóllinn leit næst til þess hvort gætt hefði verið að málsmeðferðarvernd 6. gr. sáttmálans við endurupptökuna. Ekkert benti til þess að endurskoðun á málsatvikum og sönnunargögnum væri andstæð 6. gr. sáttmálans. Kærandi fékk fullnægjandi tækifæri til að andmæla. Hún lagði fram ítarlegan skriflegan rökstuðning og hún, og lögmaður hennar, voru viðstödd málsmeðferðina og fluttu mál sitt munnlega. Dómstóllinn tók fram að sjónarmiðum kæranda hefði verið gefið hæfilegt vægi. Ekkert benti til þess að mat á sönnunargögnum hefði verið óréttlátt eða framkvæmt af geðþótta. Gætt var að vægi réttlætis og hagsmuna af endanlegri niðurstöðu. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 6. gr. hefði ekki verið brotin.

Um 1. gr. 1. viðauka: Dómstóllinn tók fram að þegar krafa stofnaðist með aðfararhæfum dómi hefðu stofnast lögmætar væntingar til þess að sú krafa yrði greidd. Slík krafa væri því eign í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Það að fella aðfararhæfan dóm úr gildi fæli í sér afskipti af 1. gr. 1. viðauka. Við slíkt inngrip yrði að gæta að jafnvægi á milli almanna-hagsmuna og verndar einkaeignarréttar. Skaðabætur þær sem fyrrverandi eiginmaður kæranda var dæmdur til að greiða henni voru skilyrtar við að hann væri sakfelldur fyrir líkamsárás. Krafa kæranda var ekki lengur fyrir hendi eftir að dómurinn hafði verið felldur úr gildi. Í ljósi niðurstöðu dómstólsins um 6. gr. sáttmálans taldi hann að sérstakar aðstæður væru fyrir hendi sem réttlættu að dómurinn væri felldur úr gildi og skaðabóta-kröfunni vísað frá. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka hefði ekki verið brotin gagnvart kæranda.

Vilen gegn Finnlandi

Dómur frá 17. febrúar 2009

Mál nr. 22635/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Stjórnsýslumál. Jafnræði málsaðila. Aðgangur að gögnum.

1. Málsatvik

Kærandi, Pauli Vilen, er finnskur ríkisborgari, fæddur 1953 og búsettur í Parola. Kærandi óskaði eftir sjúkratryggingabótum á grundvelli læknisvottorðs fyrir tæplega sjö mánaða tímabil árið 2002 vegna þess að hann væri óvinnufær. Beiðni hans var hins vegar synjað tvisvar af því stjórnvaldi sem fer með almannatryggingamál í Finnlandi, KELA. Var kærandi ekki talinn óvinnufær. Kærandi kærði til áfrýjunarnefndar sem staðfesti hinn 24. apríl 2003 ákvörðun lægra setts stjórnvalds. Í ákvörðun áfrýjunarnefndarinnar var hvergi vísað til þess læknisvottorðs sem kærandi lagði fram. Vísað var til þess að kærandi hefði haft tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við niðurstöðu lægra setts stjórnvalds. Hins vegar var þeirri niðurstöðu ekki ítarlega lýst né kom fram hvort kærandi nýtti sér þennan rétt sinn. Kærandi kærði til annarrar nefndar sem vísaði heldur ekki til læknisvottorðs kæranda né skýrslu um ástand kæranda frá endurhæfingarstöð þar sem hann dvaldi á tímabilinu 8. til 28. janúar 2003. Tekið var á ný fram að kærandi hefði haft rétt til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri en ekki var gerð grein fyrir niðurstöðu lægra setts stjórnvalds né hvort hann hefði nýtt sér rétt sinn. Hinn 1. mars 2004 fór kærandi fram á aðgang að gögnum máls síns hjá KELA. Þar var að finna læknaskýrslur frá ýmsum tímabilum; 10. apríl, 6. júní, 22. ágúst og 17. október 2002 og 18. júní 2003. Kærandi hafði ekki áður fengið að sjá þessar skýrslur. Samkvæmt upplýsingum frá finnskum yfirvöldum, sem dómstóllinn aflaði sér, fylgdu læknisskýrslurnar til áfrýjunarnefndanna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin þar sem hann fékk ekki aðgang að læknisskýrslum sem voru útbúnar í tengslum við mál hans áður en ákvörðun var tekin í máli hans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Yfirvöld héldu því fram að læknisskýrslurnar hefðu verið útbúnar vegna þess að áfrýjunarnefndin hefði óskað eftir sjónarmiðum KELA og þær teldust vera vinnugögn í skilningi upplýsingalaga. Meginniðurstaða þeirra kæmi fram í skýringum KELA til áfrýjunarnefndarinnar sem kærandi hefði haft aðgang að. Dómstóllinn benti á að jafnræði málsaðila væri hluti af réttlátri málsmeðferð. Í því fælist að hver aðili

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dómsmáls yrði að hafa raunhæfan möguleika á að flytja mál sitt þannig að halli ekki um of á viðkomandi aðila gagnvart gagnaðila. Almennt myndu aðilar því þurfa að hafa upplýsingar um og aðgang að gögnum málsins sem og möguleikann til að koma athugasemdum sínum á framfæri til að geta haft áhrif á niðurstöðuna. Þetta ætti þó ekki við þegar athugasemdirnar væru hlutlausar eða þegar til staðar í málsgögnum. Það væri mat aðila máls hvort þeir gerðu athugasemdir eða ekki.

Dómstóllinn tók fram að það skipti ekki máli hvort upplýsingarnar kæmu fram í skýrslu KELA til áfrýjunarnefndarinnar, hvort þær hefðu áður talist til vinnugagna eða hefðu haft áhrif á niðurstöðu áfrýjunarnefndanna. Þær töldust til gagna málsins og því var það undir kæranda komið hvort hann vildi gera athugasemdir við þær. Það var því skylda áfrýjunarnefndarinnar að gefa kæranda færi á að gera athugasemdir við skýrslurnar áður en hún kvað upp úrskurð. Afleiðing þess að kærandi fékk ekki aðgang að umræddum læknisskýrslum var sú að hann gat ekki tekið með viðunandi hætti þátt í málsmeðferðinni. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 6. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 2.000 evrur í miskabætur.

Kozacioglu gegn Tyrklandi - Yfirdeild

Dómur frá 19. febrúar 2009

Mál nr. 2334/03

Sjá reifun dómsins undir 1. gr. 1. viðauka

Menningarleg verðmæti. Eignarnámsbætur.

Natunen gegn Finnlandi

Dómur frá 31. mars 2009

Mál nr. 21022/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakamál. Jafnræðisreglan. Eyðing rannsóknargagna. Aðstaða sakbornings til að verja sig.

1. Málsatvik

Kærandi, Jari Natunen, er fæddur árið 1962 og er búsettur í Helsinki. Hann, ásamt tveimur öðrum, var grunaður um fíkniefnasmygl. Í október árið 2001 fann lögreglan amfetamín í fórum annars hinna tveggja grunuðu og gerði það upptækt. Í málalítilbúnaði saksóknara var því haldið fram að þeir þrír hefðu falið fíkniefnin í vörubíl sem ferja átti frá Eistlandi til Finnlands. Í kjölfarið voru þeir sakfelldir fyrir umsvifamikil fíkniefnabrot.

Fyrir dómi höfðu allir sakborningar neitað sök og vísað til þess að þeir hefðu ætlað að kaupa vopn en ekki fíkniefni. Staðfestingu á því væri

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

að finna í símtölum þeirra á umræddum tíma. Lögreglan hafði hlerað síma þeirra á þeim tíma og í tilviki kæranda voru lagðar fram upptökur 21 símtals og 7 smáskilaboð. Kærandi vísaði hins vegar til þess að upptökur margra símtala sem styddu hans málatilbúnað hefðu hvorki verið lagðar fram né hefði honum verið gert kleift að fara yfir þær.

Árið 2002 var kærandi sakfelldur og hann dæmdur til sjö ára fangavistar. Hann áfrýjaði dóminum og vísaði til þess að ekki hefði verið stuðst við símtöl sem staðfestu sakleysi hans. Saksóknari vísaði hins vegar til þess að í samræmi við ákvæði landslaga hefði öllum upptökum, utan þeirra sem lagðar voru fram, verið eytt þar sem ekki hefði verið unnt að tengja þær við önnur hugsanleg brot.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. og b-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem hann hefði ekki notið réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Hann hélt því fram að það bryti í bága við jafnræðisregluna sem fælist í 1. mgr. að eyðileggja stærstan hluta símtalsupptaka. Það hefði og komið í veg fyrir að hann fengi nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að förgun símtalsupptaka hefði komið í veg fyrir að kærandi gæti vísað til gagna sem staðfest gætu sakleysi hans. Hann benti einnig á að förgunin hefði átt sér stað á meðan málið var til meðferðar á fyrsta dómstigi og að það hefði verið gert án þess að kærandi eða verjandi hans hefðu verið upplýstir um það. Það hefði komið í veg fyrir að þeir gætu staðreynt hvort í þeim kynnu að felast mikilvægar upplýsingar fyrir vörn kæranda.

Förgunin var byggð á ákvæðum landslaga sem voru að mati dómstólsins gölluð þar sem þau heimiluðu förgun gagna sem staðfest gætu sakleysi sakborninga og það áður en ákvörðun í máli þeirra lægi fyrir. Dómstóllinn vísaði til þess að löggjöf þessi hefði nú verið afnumin vegna umræddra annmarka en að það hefði hins vegar verið of seint fyrir kæranda. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 2.500 evrur í miskabætur og 3.800 evrur í málskostnað.

Mendel gegn Svíþjóð
Dómur frá 7. apríl 2009
Mál nr. 28426/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
Atvinnuleysistryggingar. Aðgangur að dómstólum. Réttindi og skyldur að einkamálarétti.

1. Málsatvik

Kærandi, Sonja Mendel, er sænskur ríkisborgari, fædd árið 1944 og búsett í Málmey. Hún hefur verið skráð atvinnulaus frá árinu 1992 og árið 2001 hóf hún þátttöku í verkefni sænsku vinnumálastofnunarinnar um úrræði fyrir einstaklinga sem höfðu verið án atvinnu til langs tíma. Markmið verkefnisins var að tryggja virkni fólks sem þannig ætti að auðvelda endurkomu þeirra á vinnumarkaðinn. Í því fólst m.a. að fólki gafst kostur á að taka þátt í mismunandi verkefnum t.a.m. námskeiðum og ýmiss konar störfum. Hver þátttakandi hafði aðgang að ráðgjafa stofnunarinnar sem þeir voru skuldbundnir til að hitta reglulega. Þátttakendum var einnig heimilt að sækja um störf sem auglýst voru í gegnum vinnu-miðlun stofnunarinnar.

Í júlí árið 2005 var kæranda vikið úr verkefninu með vísan til þess að hún hefði ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar væru til hennar sem þátttakanda í verkefninu. Í kjölfarið var hún svipt bótum og var því tekjulaus í kjölfarið. Kærandi kærði ákvörðunina til úrskurðarnefndar atvinnuleysistrygginga sem staðfesti brottvísun hennar úr verkefninu. Í úrskurði nefndarinnar var sérstaklega tilgreint að hann væri endanlegur og að ekki væri hægt að leita endurskoðunar hans.

Í apríl árið 2006 ritaði kærandi nefndinni bréf þar sem hún tjáði henni óánægju sína með úrskurðinn. Í erindi sínu vísaði kærandi m.a. til þess að nefndin hefði sérstaklega tilgreint að kæra væri útilokuð og óskaði eftir því að fá upplýsingar um það hvernig hún gæti óskað endurskoðunar á ákvörðun nefndarinnar. Í september 2006 lagði kærandi fram kvörtun til embættis á vegum sænskra stjórnvalda sem hefur eftirlit með ákveðinni starfsemi stjórnsýslunnar (*Justitiekanslern*). Hún kvartaði yfir ákvörðun stjórnvalda og málsmeðferðinni í heild sinni. Hún fór fram á greiðslu skaðabóta en hélt því þó ekki fram að brotið hefði verið í bága við 6. gr. sáttmálans. Málið bíður enn afgreiðslu embættisins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að þar sem henni hefði ekki verið gert kleift að skjóta máli sínu til dómstóla hefði verið brotið í bága við rétt hennar til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 6. gr. sáttmálans sem og rétt hennar til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns samkvæmt 13. gr. hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans tryggði öllum rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi þegar um væri að ræða réttindi og skyldur manna að einkamálarétti eða um sök, sem þeir væru bornir um refsiverð brot. Í ákvæðinu fælist réttur til að bera mál sitt undir dómstóla, m.a. til að reka einkamál fyrir dómstólum í aðildarríkjum sáttmálans. Hann benti ennfremur á að ákvæðið kæmi þó ekki í veg fyrir að aðgangur að dómstólum væri takmarkaður í málum sem féllu utan gildissviðs 1. mgr. 6. gr. Slíkar takmarkanir mættu þó ekki skerða kjarna þess sem ákvæðinu væri ætlað að standa vörð um. Þær yrðu að stefna að lögmætum markmiðum og meðalhófs yrði að vera gætt milli takmörkunar og þeirra markmiða sem stefnt væri að með henni.

Dómstóllinn benti á að dómsniðurstöður sænskra dómstóla staðfestu að almenningur gæti almennt séð skotið niðurstöðum lægra settra stjórnvalda til æðri stjórnsýslustiga þrátt fyrir að ákvæði einstakra laga eða tilskipana tilgreindu að slíkur réttur væri ekki til staðar í þeim. Dómstóllinn ákvað að kanna hvort þessi réttur teldist raunhæfur í tilviki kæranda.

Dómstóllinn benti á að á úrskurðarnefndinni hvíldi sú lagalega skylda að upplýsa kæranda hvort unnt væri að kæra ákvörðun hennar og hvernig slíku málskoti væri háttað. Nefndin leiðbeindi kæranda hins vegar ekki um slíkar leiðir heldur tilgreindi sérstaklega að ekki væri unnt að kæra ákvörðun hennar. Vísaði nefndin til lagaákvæða þar að lútandi.

Dómstóllinn vísaði sérstaklega til þess að kærandi hefði sent nefndinni erindi í apríl árið 2006 þar sem hún tjáði nefndinni óánægju sína með afstöðu nefndarinnar. Í því erindi óskaði hún upplýsinga um það hvernig hún gæti leitað endurskoðunar á ákvörðun nefndarinnar. Nefndin hefði hins vegar hvorki svarað henni né leiðbeint sérstaklega um það hvort og hvernig hún gæti fengið endurskoðun á úrskurðinum. Með vísan til framangreinds og að teknu tilliti til þess að kærandi hefði á engum stigum notið lögfræðilegrar aðstoðar í samskiptum sínum við úrskurðarnefndina þá mátti hún treysta því að upplýsingar nefndarinnar um að ekki væri hægt að áfrýja úrskurði hennar, væru réttar.

Það var einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem kærandi hafði ekki haft raunverulegan rétt á að leita ásjár dómstóla vegna ákvörðunar stjórnvalda. Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að skoða málið út frá 13. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 2.000 evrur í málskostnað.

Marttinen gegn Finnlandi

Dómur frá 21. apríl 2009

Mál nr. 19235/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Rétturinn til að fella ekki á sig sök.

1. Málsatvik

Kærandi, Mikko Marttinen, er finnskur ríkisborgari, fæddur árið 1945 og búsettur í Helsinki. Árið 2000 var hann grunaður um skilasvik þar sem grunsemdir vöknðu um að hann hefði ekki upplýst réttilega um eigur sínar í skuldamálum á hendur honum árin 1994 og 1997, þar á meðal um hlutafé hans í tveimur fyrirtækjum og bifreiðum. Hið sama hefði verið uppi á teningnum í gjaldprotamáli hans í nóvember árið 1995 og janúar árið 1996. Vegna grunsemda um að hann hefði framið refsiverð brot sat hann í gæsluvarðhaldi frá 26. janúar til 22. mars árið 2000. Rannsókn málsins var tímabundið hætt árið 2005 og saksóknara falið að fara yfir það. Á þeim tíma sem málið var til skoðunar hjá dómstólnum var óljóst hvort saksóknari legði til að kærandi yrði saksóttur.

Þegar málið var til rannsóknar árið 2000 var kærandi krafinn upplýsinga um eigur sínar svo unnt væri að tryggja lánardrottnum hans fullnaðargreiðslur vegna skulda hans við þá í tengslum við fyrri málin. Hann neitaði og vísaði til þess að gögnin tengdust einnig rannsókn um skilasvik hans. Hann vísaði til réttar síns um að neita að bera gegn sjálfum sér eða fella á sig sök. Sama dag var úrskurðað að hann skyldi afhenda gögnin ellegar sæta sekt. Hann neitaði og vísaði til réttar síns samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Í nóvember árið 2000 gerði dómstóll honum að greiða sekt að andvirði rúmlega 8.400 evrur og var sú ákvörðun staðfest af hæstarétti í desember árið 2001.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem hann hefði verið sektaður fyrir að neita að afhenda yfirlit yfir allar eigur sínar og það þrátt fyrir að hann væri á sama tíma grunaður um skilasvik. Þannig hefði honum beinlínis verið refsað fyrir að neita að bera gegn sjálfum sér eða játa á sig sök.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að hlutverk sitt væri einkum að kanna hvort það samræmdist ákvæði 6. gr. sáttmálans að leggja sekt á aðila þegar þeir neituðu að afhenda gögn vegna rannsóknar stjórnvalda þegar fyrir lægi að sömu gögn kynnu að vera notuð í rannsókn í sakamáli á hendur viðkomandi. Hann benti á að málið sem hér um ræddi varðaði ekki notkun umræddra gagna í sakamáli heldur þvingun stjórnvalda til að fá þau afhent.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Dómstóllinn benti auk þess á að hugtakið *sök* í skilningi 6. gr. sáttmálans hefði sjálfstæða merkingu og ætti við um það þegar rannsókn eða meðferð máls væri farin að hafa umtalsverð áhrif á stöðu manns sem grunaður væri um refsiverða háttsemi. Í máli kæranda hefði rannsókn hafist og sneri að því hvort hann hefði ekki gefið réttar upplýsingar um eignastöðu sína í gjaldþrotamálum árin 1994 og 1997. Því væri hann borinn sök um refsivert brot á sama tíma og þess væri óskað að hann afhenti gögn í tengslum við rannsókn stjórnvalda árið 2000. Að sama skapi var hann borinn sök um refsivert brot í skilningi 6. gr. þegar þvingunarráðstöfun í formi sektar var beitt þrátt fyrir að saksóknari hefði ekki enn gefið út ákæru á hendur honum. Dómstóllinn gat því ekki fallist á sjónarmið stjórnvalda sem héldu því fram að rétturinn til að neita að bera gegn sjálfum sér ætti ekki við á þessu stigi máls.

Dómstóllinn benti á að það væri eðlilegur þáttur í stjórnsýslu aðildarríkjanna að krefjast ýmissa upplýsinga og gagna frá almenningi. Mætti sem dæmi nefna ýmiss konar upplýsingaöflun þeirra í tengslum við reglubundið skattauppgjör. Erfitt væri að sjá skattyfirvöld starfa með eðlilegum og virkum hætti án slíkrar upplýsingagjafar almennings.

Dómstóllinn vísaði til þess að ekki lægi fyrir hvort gögnin sem kærandi var krafinn um yrðu notuð í hugsanlegu sakamáli á hendur honum. Það var þó ekki útilokað að þau yrðu hugsanlega notuð gegn honum. Að mati dómstólsins væri þvingunarráðstöfun í formi sektar til þess fallin að skerða kjarna þess réttar sem 1. mgr. 6. gr. sáttmálans væri ætlað að vernda, þ.e. rétt manns til að neita að játa á sig sök eða bera gegn sjálfum sér. Starfshættir stjórnvalda við skuldainnheimtu gætu í engum tilvikum réttlætt það að komið væri í veg fyrir rétt kæranda, sem borinn væri sökum um refsiverða háttsemi, til að neita að tjá sig um sakargiftir og þar með talið neita að játa á sig sök. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 12.000 evrur í málskostnað.

Sibgatullin gegn Rússlandi

Dómur frá 23. apríl 2009

Mál nr. 32165/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttlát málsmeðferð. Réttur til að vera viðstaddur málsmeðferð fyrir dómi í refsimáli.

1. Málsatvik

Kærandi, German Sibgatullin, er rússneskur ríkisborgari og er fæddur árið 1966. Hann afplánar nú refsingu í fangelsi í Nizhniy Tagil í Rússlandi. Í febrúar árið 2002 var hann sakfelldur fyrir þrjú morð og þjófnað og dæmdur

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

til 20 ára fangelsisvistar. Hann áfrýjaði dóminum en óskaði ekki sérstaklega eftir því að vera viðstaddur þegar málið yrði tekið til meðferðar.

Í ágúst árið 2002 vísaði Hæstiréttur Rússlands máli kæranda frá. Hvorki kærandi né verjandi hans voru viðstaddir réttarhaldið. Niðurstaðan var ógilt í apríl árið 2006 og málinu vísað til nýrrar efnislegrar meðferðar. Það var gert á grundvelli beiðni ríkissaksóknara þar sem hvorki kærandi né verjandi hans hefðu verið upplýstir um hvenær taka ætti málið fyrir og því hefði það farið fram að þeim fjarstöddum.

Þann 23. maí árið 2006 var kæranda sent símbréf þar sem tilgreint var að málið yrði tekið fyrir að nýju af hæstarétti þann 29. júní sama ár. Málið var svo tekið fyrir þann dag án þess að kærandi eða verjandi væru viðstaddir. Saksóknari fór fram á að dómur um sekt kæranda vegna þriggja morða yrði staðfestur en að hann yrði sýknaður af sakargiftum um þjófnað. Hæstiréttur dæmdi kæranda til nítján ára og sex mánaða fangelsisvistar.

Þann 4. júlí árið 2006 hafði kæranda borist til eyrna að í apríl hefði niðurstaða dómstólsins frá árinu 2002 verið ógilt. Hann skilaði greinargerð með frekari röksemdum og fór auk þess fram á að honum yrði heimilað að vera viðstaddur þegar málið yrði tekið fyrir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að málsmeðferðin hefði verið óréttlát vegna þess að hann var ekki viðstaddur réttarhöld í máli sínu og með því hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að hæstarétti hefði verið falið að fara yfir mál kæranda í heild sinni og að meta sekt hans eða sakleysi í tengslum við fyrsta og þriðja morðið. Þetta varðaði afar brýna hagsmuni kæranda sem hefði verið dæmdur til 20 ára fangelsisvistar á fyrsta dómstigi og hefði ekki verið viðstaddur þegar málið var tekið fyrir að nýju í júní árið 2006.

Hæstiréttur hefði í raun ekki getað metið málið án beinnar aðildar kæranda þar sem taka hefði þurft skýrslu af honum. Að sama skapi var ekki hægt að tryggja jafnræði málsaðila þar sem kæranda var ekki gefinn kostur á að bregðast við málatilbúnaði saksóknara við réttarhaldið.

Dómstóllinn vísaði til þess að í fyrra réttarhaldinu hefði málsmeðferð ekki verið réttlát þar sem hvorki kærandi né verjandi hans hefðu verið upplýstir í tíma um tímasetningu þess. Að sama skapi var það mat dómstólsins að síðara réttarhaldið hefði ekki verið réttlátt þar sem kærandi hefði ekki verið upplýstur um tímasetningu þess. Hæstiréttur hefði ekki staðreynt hvort kærandi var upplýstur um tímasetningu þess né lá fyrir að kærandi hefði með sannanlegum hætti afsalað sér réttinum til að taka þátt í réttarhaldinu. Stjórnvöld hefðu því ekki tryggt kæranda rétt til að fá

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mál sitt endurupptekið þar sem honum var ekki gefinn kostur á þátttöku í réttarhaldinu. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem réttarhöldin fóru fram að kæranda fjarstöddum.

Kenedi gegn Ungverjalandi

Dómur frá 26. maí 2009

Mál nr. 31475/05

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Aðgangur að gögnum hjá hinu opinbera. Málshraði.

R.H. gegn Finnlandi

Dómur frá 2. júní 2009

Mál nr. 34165/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Réttlát málsmeðferð. Munnleg málsmeðferð. Vitni. Sönnunarmat á vitnisburði.

1. Málsatvik

Kærandi, R.H., er fæddur árið 1953 og er finnskur ríkisborgari. Í janúar 2002 hitti hann kunningjakonu sína á veitingahúsi og tvær 17 ára stúlkur sem voru með henni. Stúlkurnar komu heim með honum og samkvæmt frásögn kæranda sátu þau áfram þar að drykkju og spjalli. Hafi hann síðan hringt á leigubíl fyrir þær og látið þær fá pening fyrir fari heim. Fjórum mánuðum síðar hafði lögreglan samband við kæranda og sagði hann grunaðan um kynferðisafbrot. Frásögn stúlnanna í lögregluskýrslu var ekki í samræmi við framburð hans, þar sem þær sökuðu kæranda um að hafa haft samfarir við aðra stúlkuna, er hún var sofandi, og reynt að nauðga hinni. Hafi þær síðan farið heim og kærandi gefið þeim pening fyrir leigubílnum. Móðir annarrar stúlkunnar hafi síðan hringt á lögreglu, sem hafi yfirheyrt stúlkurnar en sú, sem var nauðgað, neitaði að gangast undir læknisrannsókn.

Fyrir héraðsdómi fór fram munnleg málsmeðferð, þar sem hlýtt var á vitnisburð kæranda og stúlnanna tveggja. Niðurstaða héraðsdóms var sú að með vísan til framburðar stúlnanna hefði kærandi gerst sekur um kynferðisafbrot og var hann dæmdur til skilorðsbundinnar fangelsisvistar og greiðslu sektar. Kærandi áfrýjaði niðurstöðu dómsins til áfrýjunardómstóls og krafðist þess að munnleg málsmeðferð færi fram að nýju, þar sem framburður hans og stúlnanna stangaðist á. Framburður stúlnanna fyrir héraðsdómi hefði verið í ósamræmi við það sem eftir þeim var haft í lögregluskýrslunni, engin læknisrannsókn hefði farið fram og lögreglan hefði rannsakað málið frá upphafi sem nauðgun, án þess að rannsaka íbúð kæranda. Loks hefði kærandi ekki verið yfirheyrður fyrr en fjórum

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

mánuðum eftir meintan atburð. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðu héraðsdóms án þess að rannsaka málið frekar og hafnaði kröfu kæranda um að vitnaleiðslur færu fram að nýju, en studdist einvörðungu við skjölin sem fylgdu áfrýjun málsins og niðurstöðu héraðsdómstólsins. Kærandi áfrýjaði niðurstöðu málsins til Hæstaréttar, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ríkið hefði brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans, þar sem áfrýjunardómstóll hefði ekki rannsakað mál hans til hlítar og fallist á kröfu hans um að munnlegar vitnaleiðslur færu fram að nýju.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að meta bæri hvort málsmeðferðin í heild sinni hefði verið réttlát, m.a. hvernig staðið var að sönnunarmati. Dómstóllinn benti á að því hefði ítrekað verið slegið föstu í framkvæmd hans að heimilt væri að takmarka rétt sakbornings til að leiða fram vitni og væri það venjulega á valdi landsdómstólanna sjálfra að meta hvort þörf væri á að leiða fram tiltekið vitni. Hefði munnleg málsmeðferð farið fram á lægri dómstigum, mætti takmarka þann rétt þegar málsmeðferð lyti að heimild til áfrýjunar eða snerist eingöngu um lagaatriði.

Samkvæmt landsrétti mætti beita þeirri málsmeðferð sem fór fram í máli kæranda þegar munnlegur málflutningur væri ekki nauðsynlegur og yrði dómstóllinn því að skoða hvort það skilyrði hefði verið uppfyllt. Jafnframt skyldi fara fram munnlegur málflutningur fyrir áfrýjunardómstólnum ef vitnisburður sá sem gefinn var fyrir lægra dómstigi væri vefengdur. Kærandi hélt því fram að málsatvik hefðu ekki verið með þeim hætti, sem lögð voru til grundvallar niðurstöðu kæru á hendur honum og krafðist munnlegrar málsmeðferðar til að skýra þau frekar.

Dómstóllinn tók fram að áfrýjunardómstóllinn hefði orðið að meta sekt eða sakleysi kæranda að nýju, þar sem kærandi hafði ávallt neitað sök. Því var trúverðugleiki vitnisburðar aðilanna lykilatriði í mati á sök kæranda. Þó hefði áfrýjunardómstóllinn staðfest niðurstöðu héraðsdómstólsins, án munnlegrar málsmeðferðar og án þess að rannsaka málið frekar.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið hægt að skera úr um trúverðugleika vitnisburðar aðilanna án þess að fram færi munnlegur málflutningur að nýju. Hafði ríkið því brotið gegn ákvæði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Í samræmi við ákvæði 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 2.000 evrur í málskostnað.

Lawyer Partners, A.S. gegn Slóvakíu

Dómur frá 16. júní 2009

Mál nr. 54252/07, 3274, 3377, 3505, 3526, 3741, 3786, 3807, 3824, 15055, 29548, 29551, 29552, 29555 og 29557/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Aðgangur að dómstólum.

1. Málsatvik

Kærandi er einkahlutafélag, með skráð aðsetur í Bratislava í Slóvakíu. Árið 2005 gerði kærandi samning við slóvakíska ríkisútvarpið, þar sem kærandi fékk framseldan rétt til að innheimta útistandandi kröfur þess á hendur 355.917 aðilum, sem ekki hefðu greitt útvarpsgjald.

Kærandi var því skuldbundinn til að höfða mál á hendur þeim, sem höfðu neitað að greiða þá skuld, sem fyrirtækið hafði eignast. Kærandi undirbjó málshöfðun á hendur hverjum skuldara og krafðist þess að greiðsluáskorun yrði gefin út á hendur skuldurum. Vegna mikils fjölda skuldara, voru málshöfðanirnar gerðar á tölvutæku formi og afritaðar á DVD-diska, sem voru sendir til viðeigandi héraðsdómstóla ásamt skýringarbréfi. Dómstólar neituðu að skrá málshöfðanirnar, þar sem þeir töldu sig ekki hafa viðeigandi búnað til að móttaka og vinna úr tölvutækum gögnum. Kærandi bar synjun dómstóla fyrir stjórnlagadómstólinn og taldi brotið á rétti sínum til aðgangs að dómstólum, sem vísaði málinu frá, þar sem viðeigandi málshöfðunarfrests hafði ekki verið gætt.

Dómsmálaráðuneytið hafði áður komist að þeirri niðurstöðu, að dómstólar skyldu hafa viðeigandi búnað til að taka á móti slíkum málshöfðunum og voru leiðbeiningar um hvernig standa skyldi að þeim birtar á heimasíðu ráðuneytisins í október 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að neita að skrá málshöfðanir fyrir-tækisins á rafrænu formi hefði verið brotið gegn rétti hans til aðgangs að dómstólum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt landslögum mætti stefna málum til dómstóls með mismunandi hætti og þar með talið rafrænum. Jafnframt hefði það verið eini raunhæfi möguleikinn fyrir kæranda. Hefðu máls-höfðanirnar ásamt fylgiskjöllum verið prentaðar út, hefðu þær verið samtals yfir 40 milljónir blaðsíðna. Þrátt fyrir að innlendir dómstólar hefðu borið fyrir sig skort á viðunandi tækni til að móttaka rafræna málshöfðanir, hefði það verið heimilt samkvæmt landslögum síðan 2002.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn kæranda 10.000 evrur í skaðabætur og 8.000 evrur í málskostnað.

7. gr. Engin refsing án laga

Liivik gegn Eistlandi

Dómur frá 25. júní 2009

Mál nr. 12157/05

7. gr. Engin refsing án laga

Fyrirsjáanleiki laga. Túlkun refsheimilda.

1. Málsatvik

Kærandi, Jaak Liivik, er eistneskur ríkisborgari, fæddur árið 1951 og búsettur í Saku í Eistlandi. Hann var skipaður sviðsstjóri hjá eistnesku einkavæðingarstofnuninni í október 1999 og var sem slíkur ábyrgur fyrir daglegum rekstri stofnunarinnar, m.a. samningum um einkavæðingu. Í febrúar 1999 ákvað eistneska þingið að einkavæða það hlutafélag sem var eigandi járnbrautanna í Eistlandi. Hlutafélagið var í fjárhagskröggum og var haldið alþjóðlegt opinbert útboð sem satti mikilli gagnrýni. Samningur komst á um einkavæðingu járnbrautanna í apríl 2001 og kærandi skrifaði undir fyrir hönd einkavæðingarstofnunarinnar. Í ágúst 2001 samþykkti kærandi, fyrir hönd eistneska ríkisins, að á það féllu ábyrgðir samkvæmt samningnum sem stöfuðu m.a. af kröfum á hendur bjóðanda. Í september 2001 var kærandi kærður fyrir misnotkun á valdi sínu fyrir að hafa farið út fyrir umboð sitt og skuldbundið ríkið fjárhagslega. Í janúar 2004 var kærandi dæmdur til tveggja ára fangelsisvistar. Í niðurstöðu dómstóla kom fram að hann hefði með framferði sínu valdið talsverðu tjóni. Hann hefði stefnt eignum ríkisins í hættu, jafnvel þó ekki hefði komið til þess að ríkið gengist í ábyrgð fyrir skuldir bjóðanda. Jafnframt hefðu athafnir hans, sem háttsetts embættismanns, verið í ósamræmi við almenn réttlætissjónarmið og hefðu skaðað orðspor ríkisins á alþjóðavettvangi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið m.a. gegn réttindum hans samkvæmt ákvæði 7. gr. sáttmálans, sérstaklega þar sem þau lög sem sakfelling hans var byggð á, hefðu ekki verið nægilega skýr refsheimild.

Niðurstaða

Um 7. gr. Dómstóllinn taldi að túlkun og beiting ákvæða landslaga, sem voru grundvöllur sakfellingar kæranda, hefði falið í sér svo óskýr hugtök og óljósan mælikvarða, að kröfur sáttmálans um skýrleika og fyrirsjáanleika laga hefðu ekki verið uppfylltar. Samkvæmt landsrétti verði sá, sem ákærður sé fyrir misnotkun á opinberu valdi, að hafa valdið verulegu tjóni. Enginn mælikvarði hafði þróast fyrir mat á hættu á tjóni. Ennfremur hafði

7. gr. Engin refsing án laga

kæranda verið skylt að einkavæða járnbrautirnar og þurfti því að vega þá áhættu, sem fælist í að halda áfram með einkavæðingu hlutafélagsins á móti þeirri áhættu, sem hlytist af að hætta við samningsgerð.

Ennfremur taldi dómstóllinn að sá mælikvarði, sem innlendir dómstólar hefðu beitt til að sýna fram á að kærandi hefði valdið umfangsmiklu og siðferðilegu tjóni, hefði verið of óskýr. Mælikvarðinn byggðist á því að kærandi hefði verið háttsettur embættismaður, á sviði sem vakti mikla opinbera athygli, og að athafnir hans hefðu verið í samræmi við almenn réttlætissjónarmið.

Var það því einróma niðurstaða dómstólsins að það hefði ekki verið nægjanlega fyrirsjáanlegt að athafnir kæranda hefðu talist brot samkvæmt landsrétti og hefði ríkið því brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 7. gr. sáttmálans.

Með vísan til 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 5.000 evrur í miskabætur og 9.000 evrur í málskostnað.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Cosic gegn Króatíu

Dómur frá 15. janúar 2009

Mál nr. 28261/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Heimili. Útburður. Málsmeðferðarúrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, Katarina Cosic, er fædd 1943 og býr í Pozega í Króatíu. Hún hefur starfað sem kennari í ýmsum grunnskólum í Króatíu. Árið 1966 hóf hún að kenna við grunnskólann í Caglin. Fjórum árum síðar, árið 1970, ól hún son sem bjó hjá henni til ársins 2004. Sem einstæðri móður voru henni veitt sérstök leiguréttindi í íbúð í Caglin. Árið 1984 var kærandi flutt í kennarastöðu við grunnskóla í Pozega, bæ á sama landsvæði. Skólinn útvegaði henni íbúð sem hann hafði leigt af þáverandi eiganda íbúðarinnar, júgóslavneska hernum. Leigusamningurinn rann út árið 1990. Árið 1991 tóku yfirvöld yfir allar eignir júgóslavneska hersins og urðu þar með eigandi íbúðarinnar. Skólinn óskaði í framhaldinu nokkrum sinnum eftir því að leigusamningurinn yrði framlengdur en því var hafnað. Þar sem engin útburðarkrafa var gerð á hendur henni og henni ekki útveguð önnur íbúð af atvinnurekanda, hélt kærandi áfram að búa í íbúðinni og borgaði mánaðarlega leigu til ríkisins.

Þann 7. janúar 1999 krafðist ríkið þess fyrir dómi að kærandi yrði borin út úr framangreindri íbúð og byggði á því að þar sem leigusamningurinn hefði runnið út ætti hún enga frekari kröfu til þess að búa í íbúðinni. Þann 30. október 2002 féllst undirréttur á kröfu yfirvalda og gerði kæranda að yfirgefa íbúðina innan fimmtán daga, og það jafnvel þótt hún ætti ekki í nein önnur hús að venda. Var dómurinn byggður á því að ríkið ætti íbúðina og að hún ætti ekkert lagalegt tilkall til að búa þar. Áfrýjunarréttur og stjórnlagadómstóll staðfestu dóm undirréttar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi niðurstöður króatískra dómstóla um útburð hennar úr íbúðinni fara í bága við rétt hennar til friðhelgi heimilisins samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Kærandi benti á að dómstólar í Króatíu hefðu ekki tekið fullnægjandi tillit til allra aðstæðna. Hún hefði haft sérstök leiguréttindi í Caglin en hún hefði síðan verið færð til í starfi til Pozega. Króatísk yfirvöld töldu

hins vegar að engin takmörkun á rétti hefði átt sér stað þar sem hún bjó enn í íbúðinni þrátt fyrir úrskurð dómstóls og ef dómstóllinn teldi að um takmarkanir væri að ræða byggðist það á lögum sem stefndu að lögmætu markmiði. Hvað varðaði meðalhóf þá nytu aðildarríki töluverðs svigrúms til mats í þeim efnum. Kærandi byggði ólöglega í íbúðinni og hún hefði ekki beðið um að fá íbúðina leigða.

Dómstóllinn taldi að skyldan til að yfirgefa íbúðina teldist til takmörkunar á rétti hennar til friðhelgi heimilis óháð því hvort útburðarúrskurði dómstóls hefði verið framfylgt. Dómstóllinn tók fram að útburðarúrskurðurinn byggðist á lögum sem stefndu að lögmætu markmiði, þ.e. vernd eignarréttar ríkisins sem eiganda íbúðarinnar. Álitafnið lyti því að hvort meðalhófs hefði verið gætt. Dómstóllinn tók fram að 2. mgr. 8. gr. gerði ekki aðeins kröfur til efnislegra atriði heldur einnig til málsmeðferðar. Í þessu tilliti vísaði dómstóllinn til dóms síns frá 27. maí 2004 í máli Connors gegn Bretlandi þar sem kom fram að líta yrði til þess hvort þær málsmeðferðarreglur sem leiddu til takmörkunar væru sanngjarnar og hvort þær tækju nægjanlegt tillit til þeirra hagsmuna sem 8. gr. verndaði.

Dómstóllinn tók fram að undirréttur hefði tekið fram í dómi sínum að hann væri meðvitaður um erfiðar aðstæður kæranda en yrði að byggja niðurstöðu sína einvörðungu á viðeigandi lagaákvæðum. Dómstóllinn benti á að dómstólar í Króatíu hefðu látið við það sitja að slá því föstu að vera kæranda í íbúðinni væri án lagalegrar heimildar en hefðu í engu látið fara fram frekari greiningu á meðalhófi þeirrar aðgerðar sem beita skyldi gagnvart kæranda. Tekið var fram að ákvæði 8. gr. sáttmálans gerði ekki aðeins þá kröfu að takmörkun byggðist á lögum heldur einnig að gætt væri meðalhófs. Ennfremur ætti ekki að túlka eða beita neinu lagaákvæði í landsrétti þannig að það færi í bága við skyldur króatíska ríkisins samkvæmt sáttmálanum.

Dómstóllinn tók fram að missir heimilis væri þungbærasta takmörkunin á rétti til friðhelgi heimilisins. Sá einstaklingur sem ætti á hættu að verða fyrir slíkri takmörkun skyldi almennt séð eiga rétt til þess að meðalhóf og réttmæti þeirrar aðgerðar væri ákvarðað af óháðum úrskurðaraðila í ljósi 8. gr. sáttmálans, og það óháð því hvort lagalegur réttur viðkomandi einstaklings til að búa á staðnum væri á enda runninn eða ekki. Kærandi hafði ekki fengið notið slíks úrræðis. Þar sem skorti á viðeigandi málsmeðferðarúrreði í þessu sambandi komst dómstóllinn einróma að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru, með vísan til 44. gr. sáttmálans, dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 369,97 evrur í málskostnað.

Iordachi o.fl. gegn Moldavíu

Dómur frá 10. febrúar 2009

Mál nr. 25198/02

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Símhleranir. Lagaheimild fyrir takmörkunum.

1. Málsatvik

Kærendur, Vitalie Iordachi, Vitalie Nagacevski, Snejana Chitic, Victor Constantinov og Vlad Gribinecea, eru moldavískir ríkisborgarar, fæddir 1972, 1965, 1980, 1961 og 1980 og eru búsettir í Chisinau, höfuðborg Moldavíu. Kærendur eru félagar í samtökunum *Lögmenn með mannréttindum* sem sérhæfa sig í hagsmunagæslu fyrir einstaklinga sem fara með mál fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Kærendur telja að í ljósi núverandi löggjafar í Moldavíu sé raunhæf hætta á því að simtæki þeirra séu hleruð. Ástæða þess sé sú að þau hafa verið málsvavar í nokkrum málum gegn moldavíska ríkinu fyrir Mannréttindadómstólnum, og haft sigur, og þar með valdið ríkinu umtalsverðum skaða, bæði fjárhagslegum og líka á mynd moldavíska ríkisins. Kærendur lögðu fyrir dómstólinn tölfraði frá innlendum dómstólum sem sýndi að 99,24% allra beiðna um að hlera simtæki á árinu 2007 hefðu verið samþykktar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur telja að 8. gr. sáttmálans hafi verið brotin þar sem raunhæf hætta sé á því að simtæki þeirra séu hleruð miðað við núverandi löggjöf í Moldavíu. Ennfremur telja kærendur að 13. gr. sáttmálans hafi verið brotin.

Niðurstaða

Moldavíska ríkið mótmælti því að kærendur gætu talist *þolendur* brots í skilningi sáttmálans þar sem fyrir lægi að simtöl þeirra hefðu ekki verið hleruð. Dómstóllinn taldi að ekki væri unnt að útiloka að leynilegu eftirliti, í formi símhlerana, hefði verið beint að kærendum, eða að kærendur væru í töluverðri hættu á að verða undir slíku eftirliti. Dómstóllinn taldi að tilvist gildandi löggjafar um símhleranir fæli í sér ákveðna ógn um að eftirliti yrði beitt, og að sú ógn beindist gegn frelsi símnotenda til samskipta sín á milli, og fæli því í sér inn grip í rétt kærenda til friðhelgi samskipta sinna. Kærendur voru því talin *þolendur* í skilningi sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók fram að þau lög sem á reyndi kvæðu ekki skýrlega á um eðli þeirra afbrota eða flokka þeirra einstaklinga sem mætti hlera simatæki hjá. Ennfremur settu lögin engin skilyrði um tímamörk þess hversu lengi slík heimild gæti varað né væru þau skýr um hvað teldist

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

rökstuddur grunur sem gæti réttlætt símhlerun. Eftir að símhlerunarheimild hefði verið veitt gegndu dómstólar veigalitlu hlutverki í eftirliti með notkun hennar. Þar að auki væru engar skýrar reglur um hlustun, varðveislu eða eyðslu gagna sem væri safnað með slíkum leynilegum hlerunum. Í ljósi þess að innlendir dómstólar hefðu heimilað nánast allar beiðnir um símhlerun sem yfirvöld hefðu farið fram á árið 2007 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að eftirlit í formi símhlerana væri ofnotað. Dómstóllinn taldi því að núgildandi lög veittu ekki viðhlítandi vörn gegn misbeitingu ríkisvalds. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 8. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Um 13. gr.: Þar sem 13. gr. sáttmálans yrði ekki túlkuð sem svo að í henni fælist réttur til almenns úrræðis til að vefengja gildandi löggjöf taldi dómstóllinn að 13. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Kærendum voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar sameiginlega 3.500 evrur í málskostnað.

A gegn Noregi

Dómur frá 9. apríl 2009

Mál nr. 28070/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fjölmíðlar. Meiðyrði. Sakleysi uns sekt er sönnuð.

1. Málsatvik

Kærandi, A, er norskur ríkisborgari, fæddur árið 1957 og búsettur í Kristiansand í Noregi. Málið varðar kvörtun hans vegna tapaðs meiðyrðamáls sem hann höfðaði gegn norsku dagblaði, Föðurlandsvininum (*Fædrelandsvennen*). Málið höfðaði hann í kjölfar birtingar blaðsins á tveimur greinum um rannsókn lögreglu á morðum á tveimur 8 og 10 ára stúlkum árið 2000. Í greinunum var látið að því liggja að hann hefði átt þátt í morðunum.

Á þeim tíma sem þeir atburðir urðu var kærandi 42 ára og hafði þá tveimur árum áður lokið afplánun fangelsisdóms fyrir morð og líkamsárás. Hann dvaldist reglulega á svæðinu sem stúlkurnar voru myrtar á og var yfirheyrður sem hugsanlegt vitni. Honum var þó sleppt í kjölfar tíu tíma yfirheyrslu. Rannsókn leiddi lögreglu síðar að tveimur karlmönnum sem sakfelldir voru fyrir morðin.

Áhugi lögreglu á kæranda vakti athygli fjölmíðla og var hann og fortíð hans umfjöllunarefni þeirra dagana á eftir. Enginn þeirra nafngreindi hann beinlínis ef frá er talið dagblaðið Föðurlandsvinurinn með áður nefndum tveimur greinum sínum sem birtust í maí árið 2000. Hann var ekki nafngreindur berum orðum en þar var þó að finna nákvæma umfjöllun um hann og tilgreint að vitni hefðu séð hann á svipuðum stað og stúlkurnar

voru myrtar. Þar var einnig viðtal við hann þar sem hann neitaði sök, upplýsingar um vinnustað hans og heimili auk stórrar myndar af honum sem var lítillaga rugluð. Á svipuðum tíma fjallaði sjónvarpsstöðin TV2 um málið. Í fréttaskýringu hennar var fjallað um að fjölmiðlar hefðu elt kæranda, þ.e. 42 ára morðingja í bænum þar sem stúlkurnar voru myrtar. Í þættinum var auk þess sýnt viðtal við hann á leið til morðstaðarins.

Kærandi höfðaði í kjölfarið meiðyrðamál á hendur dagblaðinu og sjónvarpsstöðinni. Dómstólar úrskurðuðu honum í vil og var sjónvarpsstöðinni gert að greiða honum skaðabætur. Dagblaðið var hins vegar sýknað. Innlendir dómstólar vísuðu til þess að efnistöð greinanna hefðu vissulega verið ærumeiðandi að svo miklu leyti sem hinn almenni lesandi öðlaðist af lestri þeirra þá trú að kærandi hefði líklegast framið morðin. Það væri eigi að síður réttur dagblaðsins að birta greinarnar þar sem það þjónaði hagsmunum almennings, þ.e. að upplýsa hinn almenna borgara um þróun rannsóknar og leit lögreglu að meintum geranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að niðurstaða innlendra dómstóla hefði brotið í bága við rétt hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. og 8. gr. sáttmálans þar sem birting greinanna hefði skert rétt hans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð. Að sama skapi hefði birtingin brotið í bága við friðhelgi einkalífs hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði fyrst til niðurstöðu innlendra dómstóla um að efni greinanna hefði verið ærumeiðandi þar sem þær hefðu gefið til kynna að kærandi væri grunaður um morðin á stúlkunum tveimur. Þrátt fyrir að kærandi hefði ekki verið nefndur á nafn hefðu myndir, upplýsingar um heimili hans og vinnustað gert almenningi kleift að átta sig á því hver hann væri og að hann væri grunaður um hrottafengna glæpi.

Dómstóllinn benti því næst á að dagblaðið hefði farið með rangt mál þegar gefið var til kynna að kærandi lægi undir grun í rannsókn lögreglu. Það væri hafið yfir allan vafa að fjölmiðlar hefðu rétt á að taka við og veita upplýsingar sem almenningur hefði að sama skapi rétt á fá. Það gæti þó ekki réttlætt þá ærumeiðandi umfjöllun sem í greinunum fólst og þann skaða sem þær höfðu í för með sér fyrir kæranda. Fjölmiðlar hefðu ekki látið kæranda í friði enda hefðu þeir sótt fast að honum í þeim tilgangi að nálgast mynd af honum og viðtal. Þetta hefði átt sér stað á sama tíma og hann var í samfélagsaðlögun og endurhæfingu eftir fangavist. Vegna greinanna hefði hann ekki séð sér annan kost en að hætta í starfi sínu og flytja frá heimili sínu. Í raun hefði hann verið hrakinn í samfélagslega útleigð. Að mati dómstólsins hefði birting greinanna skaðað orðspor og

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

heiður kæranda með verulegum hætti. Og haft skaðleg áhrif á andlega og líkamlega líðan hans sem og einkalíf og það bryti í bága við friðhelgi einkalífs hans.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. dæmdar 19.000 evrur í miskabætur og 12.500 evrur í málskostnað.

Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að skoða málið út frá 6. gr. sáttmálans þar sem hún ætti ekki við enda hefðu stjórnvöld ekki borið kæranda sök um refsivert brot í skilningi hennar.

Karakó gegn Ungverjalandi

Dómur frá 28. apríl 2009

Mál nr. 39311/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Mörk einkalífs og tjáningarfrelsis. Stjórnámálamenn. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, László Karakó, er ungverskur ríkisborgari, fæddur árið 1955 og búsettur í Gávavencsellö í Ungverjalandi. Hann er þingmaður og tók m.a. þátt í þingkosningum árið 2002.

Í kosningabaráttunni í apríl árið 2002 dreifði stjórnámálamaður í kjördæmi kæranda dreifiriti þar sem því var haldið fram að kærandi ynni oft gegn hagsmunum kjördæmisins. Í maí árið 2002 lagði kærandi fram kæru á hendur stjórnámálamanninum þar sem dreifiritið hefði skaðað orðspor sitt. Rannsókn fór fram en henni var hætt í maí árið 2004 þar sem saksóknari taldi ekki efni til útgáfu ákæru.

Í janúar árið 2005 höfðaði kærandi mál á hendur stjórnámálamanninum en dómstóll hafnaði kröfum hans. Vísað var til þess að í bæklingnum væri að finna gildisdóm sem væri innan marka ásættanlegrar gagnrýni sem væri rýmri þegar um stjórnámálamenn væri að ræða. Þeir yrðu almennt að þola meiri gagnrýni en ætti við um einstaklinga sem stæðu utan stjórn mála.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ungversk stjórnvöld hefðu ekki tryggt friðhelgi einkalífs hans fullnægjandi vernd þar sem dómstólar hefðu hafnað kröfum hans í máli hans gegn öðrum stjórnámálamanni. Þannig hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að á þeim tíma sem um ræddi hefði verið til staðar í Ungverjalandi réttarkerfi sem tryggði friðhelgi réttinda sem teldust falla undir einkalíf einstaklinga. Málið lyti að kvörtun vegna ummæla en rétturinn til að viðhafa slík ummæli félli undir tjáningarfrelsið sem nyti verndar 10. gr. sáttmálans. Skylda ríkja til að vernda rétt einstaklinga samkvæmt 8. gr. sáttmálans yrði að samræmast skyldu þeirra til að vernda rétt annarra til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. Innlendir dómstólar hefðu komist að þeirri niðurstöðu að fullyrðingarnar um kæranda í dreifiritinu hefðu verið gildisdómar. Réttur stjórnámamannsins til að tjá sig með þessum hætti væri því verndaður af tjáningarfrelsisákvæði ungverskrar löggjafar. Ungversk stjórnvöld hefðu litið til þess að kærandi væri stjórnámamaður og að fullyrðingin í dreifiritinu hefði verið sett fram í kosningabaráttu sem hann hefði tekið þátt í og fól í sér neikvæða umfjöllun um opinber störf hans. Því var það mat innlendra dómstóla að ummælin um kæranda nytu verndar tjáningarfrelsisákvæðis ungversku stjórnarskrárinnar.

Dómstóllinn tók undir niðurstöðu innlendra dómstóla og tók fram að hefðu innlendir dómstólar sektað stjórnámamanninn fyrir ummælin hefðu þeir takmarkað tjáningarfrelsi hans með ólögmætum hætti og þar með brotið í bága við 10. gr. sáttmálans. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 8. gr. sáttmálans þar sem ummæli stjórnámamannsins um kæranda væru innan marka þess sem tjáningarfrelsisákvæði landslaga og sáttmálans heimiluðu honum.

Brauer gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. maí 2009

Mál nr. 3545/04

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Erfðaréttur. Börn fædd utan hjónabands.

Szuluk gegn Bretlandi

Dómur frá 2. júní 2009

Mál nr. 36936/05

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Fangar. Bréfaskipti.

1. Málsatvik

Kærandi, Edward Szuluk, er breskur ríkisborgari, fæddur árið 1955 og situr nú í fangelsi í Staffordskíri í Bretlandi. Þann 30. nóvember 2001 var kærandi dæmdur í 14 ára fangelsi vegna fíkniefnabrota.

Kærandi hafði verið látinn laus gegn tryggingu og beið réttarhalda. Þann 6. apríl 2001 fékk hann heilablóðfall og gekkst í kjölfarið undir tvær skurðaðgerðir. Eftir að hann var færður í fangelsi var hann undir eftirliti taugageislalæknis utan spítalans og þarfnadist skoðunar hjá honum tvisvar á ári. Kærandi afplánaði dóm sinn í fangelsi með föngum, sem sættu hámarksöryggisgæslu, og féll hann því undir þær reglur sem um slíka fanga gilda, m.a. um bréfaskipti. Fór kærandi þess á leit við fangelsisstjórnann að farið yrði með bréfaskriftir hans við lækni sem trúnaðarmál, til að tryggja að hann hlyti rétta læknismeðferð og eftirlit í fangelsinu. Fallist var á þá beiðni hans að vissum skilyrðum uppfylltum. Síðar endurskoðaði fangelsisstjórinn þá ákvörðun sína og voru því öll bréfaskipti milli kæranda og læknis hans opnuð og skoðuð af fangelsislækninum, til að staðreyna að þar kæmu einungis fram upplýsingar af læknisfræðilegum toga. Kærandi krafðist endurskoðunar dómstóla á þeirri ákvörðun, en fékk ekki hnekknið úrskurðinn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með því að fylgjast með og skoða bréfaskipti hans við lækni sinn utan fangelsisins, hefði ríkið brotið gegn rétti hans til friðhelgi bréfaskipta sinna og einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ljóst væri að réttur kæranda til friðhelgi bréfaskipta, sem verndaður væri af 8. gr. sáttmálans, hefði verið takmarkaður. Þar sem hvorki var ágreiningur um að mælt hefði verið fyrir um takmörkun í lögum né að hún hefði stefnt að lögmætu markmiði, laut skoðun dómstólsins eingöngu að því hvort takmörkunin gæti talist nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Við það mat bæri að hafa í huga að nauðsynlegt gæti verið, og þar af leiðandi heimilt samkvæmt sáttmálanum, að fylgjast með bréfaskiptum fanga. Dómstóllinn tók fram að ströng skilyrði væru fyrir slíku eftirliti hvað varðaði bréfaskipti fanga við lögfræðinga sína. Í þessu tilviki væri um að ræða eftirlit með samskiptum kæranda við lækni sinn utan fangelsisins, vegna lífshættulegs ástands hans. Dómstóllinn vísaði til framkvæmdar sinnar þar sem áhersla væri lögð á að ef heilsufarslegar upplýsingar einstaklinga nytu ekki verndar í réttarkerfum aðildarríkjanna gætu þeir ekki notið viðunandi læknismeðferðar, þar sem líklegra væri að þeir vildu ekki gefa þær upp. Jafnframt vísaði dómstóllinn til framkvæmdar sinnar hvað varðaði 3. gr. sáttmálans og staðla Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum, um að ríki yrðu að veita föngum viðunandi lækniþjónustu.

Dómstóllinn leit til þess að kærandi þurfti stöðuga sérfræðimeðhöndlun þar sem ástand hans gæti verið lífshættulegt og að hann afplánaði refsingu

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

með föngum, sem sættu hámarksöryggisgæslu. Kærandi hafi einungis viljað skrifast á í trúnaði við einn lækni, sem hefði fylgt fyrirmælum fangelsisstjórans og auðkennt bréf sín til kæranda sérstaklega.

Í ljósi alvarlegs ástands kæranda taldi dómstóllinn að óhindruð samskipti fanga við sérfræðing á sviði læknisfræði ættu ekki að njóta minni verndar en samskipti fanga við þingmenn. Dómstóllinn vísaði til afstöðu áfrýjunardómstólsins, um að í sumum tilfellum gæti talist úr hófi fram að neita fanga um trúnað í bréfaskiptum hans við lækni sinn og þess að landslögum hefði verið breytt í samræmi við það. Jafnframt leit dómstóllinn til þess að ríkið hefði ekki veitt viðunandi rök fyrir því að neita um slíkan trúnað í bréfaskiptum fanga við lækni – en heimilisfang, hæfi og trúnaður læknisins var ekki vefengdur á grundvelli hættu á að trúnaðurinn yrði misnotaður – frekar en í bréfaskiptum fanga við lögfræðinga sína.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að ríkið hefði ekki gætt meðalhófs við skerðingu á réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans, jafnvel þótt aðeins fangelsislæknirinn hefði farið með umrætt eftirlit.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.000 evrur í miskabætur, auk 6.000 evra í málskostnað.

Jónína Benediktsdóttir gegn Íslandi

Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 16. júní 2009

Mál nr. 38079/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Einkalífsvernd. Birting tölvupósta. Skylda til að tryggja friðhelgi einkalífs. Hlutverk fjölmiðla.

MÁLSATVIK

Kærandi, Jónína Benediktsdóttir, er íslenskur ríkisborgari, fædd 1957 og búsett í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir hana gagnvart dómstólnum var Hróbjartur Jónatansson, lögmaður í Reykjavík.

Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragna Árnadóttir.

A. Málavextir

Atvik málsins, eins og þau voru sett fram af aðilum, eru í samantekt sem hér segir:

1. Aðdragandi málsins.

Hinn 1. júlí 2005 var gefin út ákæra á hendur J.J. (stofnanda verslanakeðjunnar Bónuss, sem varð grunnurinn að fjölþjóðlegu fyrirtæki, Baugi Group), syni hans J.A.J., forstjóra Baugs Group, dóttur hans, K, og T.J., fyrrum aðstoðarforstjóra Baugs Group. Ákæran átti sér rætur í opinberri

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

rannsókn, sem hafin var í kjölfar kæru Jóns Gerald Sullenbergers í Bandaríkjunum, en hann var fyrrum samstarfsmaður J.A.J., forstjóra Baugs Group.

Baugur Group var stór hluthafi í 365 prentmiðlum, sem m.a. gaf út Fréttablaðið, sem er dagblað á Íslandi.

Á þeim tíma sem um ræðir, var uppi almenn umræða á Íslandi varðandi ásakanir um að framámenn hefðu með óviðeigandi hætti haft áhrif á stærstu opinberu rannsókn sakamáls sem nokkru sinni hafði átt sér stað á Íslandi.

Dagana 24., 25. og 26. september 2005 birti Fréttablaðið, án vitundar eða samþykkis kæranda, nokkurn fjölda tölvupóstskeyta, sem hún hafði sent og móttengið frá nafngreindum mönnum. Hin umdeildu gögn fólust m.a. í beinum tilvitnunum og umorðunum á tölvupóstskeytum frá árunum 2002 og 2003 milli Jóns Gerald Sullenbergers, kæranda og Styrmis Gunnarssonar, fyrrum ritstjóra annars dagblaðs, Morgunblaðsins, og milli kæranda og T.J., sem þá var aðstoðarforstjóri Baugs Group. Samskiptin vörðuðu m.a. óskir Jóns Gerald Sullenbergers um að finna hæfan lögmann til þess að aðstoða sig við að koma til lögreglunnar gögnum, sem hann hafði í fórum sínum og taldi gefa vísbendingar um meinta refsiverða háttsemi, og einnig til að reka fyrirhugað dómsmál gegn forráðamönnum Baugs Group; milligöngu Styrmis Gunnarssonar milli Jóns Gerald Sullenbergers og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hæstaréttarlögmans; tillögu kæranda til Jóns Gerald Sullenbergers um að hann skyldi velja Jón Steinar Gunnlaugsson; ráðstafanir sem til umræðu voru milli kæranda og Styrmis Gunnarssonar um afhendingu gagna til skattyfirvalda; tillögu kæranda við Styrmi um að hann tæki viðtal við Jón Gerald Sullenberger. Í tengslum við tillöguna um Jón Steinar Gunnlaugsson var minnst á Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins.

Í hinum umdeildu birtu gögnum var einnig m.a. að finna upplýsingar um eigin fjárhagsstöðu kæranda og kröfur hennar, tillögu hennar við Styrmi Gunnarsson um að viðtalið við Jón Gerald Sullenberger skyldi ekki tekið þar til gengið hefði verið að kröfum hennar sjálfrar; kröfur hennar á hendur J.J. hjá Baugi Group; þann ásetning hennar, sem hún hafði tilkynnt T.J. um, að birta skjöl sem hún hefði í fórum sínum ef Baugur Group gengi ekki að kröfum hennar; og tillögu T.J. til hennar um að afhenda gögnin yfirvöldum ef hún teldi að Baugur Group hefði aðhafst eitthvað ólöglegt.

Á þeim tíma sem hin umdeilda birting átti sér stað var kærandi orðin þjóðþekkt persóna á Íslandi; í september 2005 hafði hún tilkynnt um framboð til sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík, sem halda átti vorið 2006.

Kærandi bar að án vitundar hennar eða samþykkis hefðu tölvupóstskeytin verið fengin með ólögmætum hætti af óþekktum þriðja aðila. Fyrir dómstólum á Íslandi bar hún að hún hefði áður rekið fyrirtæki, Aktiverum ehf., sem hefði starfrækt líkamsræktarstöð undir nafninu Planetpulse.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Félagið hefði haft tölvulén og kæranda og öðrum starfsmönnum þess verið úthlutað þar tölvupóstföngum. Hefði hún ein þekkt lykilorðið að tölvupóstfangi sínu hjá félaginu. Þú félagsins hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta árið 2003 og eignir þess seldar, þar á meðal sú tölva eða netþjónn, þar sem tölvupósthólf starfsmanna voru. Ekki hefðu legið fyrir upplýsingar um það hvort skiptastjóri þrotabúsins hefði hlutast til um að eyða tölvupósti af netþjóninum áður en hann var seldur. Gögnin hefðu verið prentuð út úr tölvupósthólfi hennar í júlí eða ágúst 2005, en þá hefði hennar eigin tölva, sem hún notaði 2002, verið löngu ónýtt orðin.

Ber kærandi að eftir fyrstu birtinguna hinn 24. september hafi hún krafist þess af ritstjóra Fréttablaðsins að birtingu yrði hætt og að henni yrði skilað tölvupóstinum, en hann hafi neitað. Ritstjórinn bar hins vegar að kærandi hefði aðeins spurt hvort það væri ætlun hans að halda birtingunum áfram og að því hefði hann svarað játandi. Hefði hún ekki beðið um að hætt yrði við frekari birtingar eða að henni yrðu afhent gögnin.

2. Lögbann til bráðabirgða lagt á af sýslumanni

Hinn 29. september 2005 lagði kærandi fyrir sýslumanninn í Reykjavík lögbannsbeiðni (sbr. 1. mgr. 24. gr. og 26. gr. laga nr. 31/1990, um kyrrsetningu, lögbann o.fl.) gegn 365-prentmiðlum ehf. þar sem þess var krafist að lagt yrði lögbann við því að gerðarþoli “birti opinberlega einkagögn [kæranda] í dagblaðinu „Fréttablaðið“ eða öðrum fjölmiðlum gerðarþola, að hluta til eða í heilu lagi, með beinni eða óbeinni tilvitnun, hvort heldur um er að ræða tölvupóst þar sem gerðarbeiðandi er ýmist sendandi eða viðtakandi eða önnur slík persónuleg einkaskjöl gerðarbeiðanda sem gerðarþoli hefur í sínum vörslum.”

Kærandi krafðist þess ennfremur að sýslumaður tæki úr vörslum gerðarþola öll framangreind einkagögn, sem gerðarþoli hefði í sínum vörslum og sem nýtt hefðu verið, eða bersýnilega væru ætluð til nota, við þá athöfn sem krafist væri lögbanns við (2. mgr. 25. gr.).

Þá krafðist kærandi þess að lögbannið yrði lagt á án undanfarandi tilkynningar til gerðarþola og að gerðin skyldi hefjast á starfsstöð gerðarþola, (sbr. 26. gr. og 2. tl. 3. mgr. 21. gr. aðfararlaga).

Hinn 30. september 2005 lagði sýslumaður á hið umbeðna lögbann við frekari birtingu, án undanfarandi tilkynningar, og tók lögbannið þegar gildi; jafnframt var gerðarþola gert að afhenda öll gögn, sem krafist var af kæranda. Fréttastjóri Fréttablaðsins, Sigurjón M. Egilsson, staðfesti að hann hefði umrædd gögn undir höndum og afhenti þau sýslumanni, sem tók þau í sínar vörslur. Lögmaður gerðarþola lýsti yfir að hann féllist á afhendingu gagnanna og varð þannig við kröfum kæranda.

Lögbannið var lagt á tímabundið með fyrirvara um niðurstöðu dómsmálsins, sem lýst er hér á eftir.

Af hálfu ríkisins hefur komið fram að engin gögn, sem áttu rætur í tölvupóstsendingum er tengjast kæranda, hafi verið birt, hvorki fyrir réttarhöldin né eftir þau. Um þetta er ekki deilt af hálfu kæranda.

3. Dómsmál höfðað af kæranda

Í október 2005 höfðaði kærandi dómsmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn útgefanda, 365-prentmiðlum ehf., og K.J., ritstjóra Fréttablaðsins. Krafðist hún staðfestingar á lögbanni sýslumanns og haldlagningu gagna í vörslum útgefanda, en hafði ekki uppi frekari kröfur í þeim efnum. Ekki gerði hún kröfu um að sér yrðu afhent gögnin.

Kærandi krafðist þess að ritstjóranum, K.J., yrði gert að sæta refsingu fyrir að hafa orðið sér úti um aðgang að einkagögnum hennar, sem geymd hafi verið á tölvutæku formi, með brögðum eða annarri áþekkri ólögmætri aðferð og hnýsast í innihald þeirra, sem væri brot gegn 228. gr. almennra hegningarlaga. Hún krafðist þess einnig að hann skyldi dæmdur til refsingar samkvæmt 229. gr., en samkvæmt þeirri grein skal hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Ennfremur gerði hún kröfu um miskabætur á hendur báðum stefndu, m.a. á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1953.

Með dómi, sem kveðinn var upp 14. desember 2005, hafnaði héraðsdómari kröfum kæranda í öllum atriðum.

Í málskoti sínu til Hæstaréttar féll kærandi frá kröfum sínum samkvæmt 1. og 3. mgr. 228. gr., en byggði þess í stað á 2. mgr. 228. gr.; einnig féll hún frá kröfum sínum, sem byggðust á persónuverndarlögum nr. 77/2000 og fjarskiptalögum nr. 82/2003, en þeim hafði verið hafnað í héraðsdómi; að öðru leyti hélt hún uppi sömu kröfum fyrir Hæstarétti.

Hinn 1. júní 2006 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms með eftirfarandi rökstuðningi:

„III

Áfrýjandi fékk eins og áður greinir lagt lögbann 30. september 2005 við því að stefndi 365-prentmiðlar ehf. „birti opinberlega einkagögn gerðarbeiðanda í dagblaðinu „Fréttablaðið“ eða öðrum fjölmiðlum gerðarþola, að hluta til eða í heilu lagi, með beinni eða óbeinni tilvitnun, hvort heldur um er að ræða tölvupóst þar sem gerðarbeiðandi er ýmist sendandi eða viðtakandi eða önnur slík persónuleg einkaskjöl gerðarbeiðanda sem gerðarþoli hefur í sínum vörslum.”

Í kjölfarið höfðaði hún málið með stefnu, sem gefin var út af dómstjóranum í Reykjavík 6. október 2005, og þingfesti það 11. sama mánaðar. Í héraðsdómsstefnu gerði áfrýjandi þá kröfu að lögbannið yrði staðfest og ennfremur að staðfest yrði sú ákvörðun sýslumanns að taka í sínar hendur gögn í vörslum stefnda 365-prentmiðla ehf. Engin krafa var

hins vegar gerð um þau réttindi, sem áfrýjandi leitaði verndar á til bráða-birgða með lögbanni, og ekki heldur um að fyrrgreind gögn yrðu afhent henni. Kröfugerð áfrýjanda, sem er á sama veg fyrir Hæstarétti, er að þessu leyti í andstöðu við þá reglu 2. mgr. 36. gr. laga nr. 31/1990 um að leita skuli í einu og sama máli dóms um staðfestingu á lögbanni og þau réttindi, sem lögbanni er ætlað að vernda. Þessi annmarki á kröfugerð áfrýjanda getur þó ekki einn og sér valdið því að málinu verði vísað frá dómi að þessu leyti. Áfrýjandi verður á hinn bóginn að sæta því að í málinu verði ekki leyst úr öðru en því hvort formleg og efnisleg skilyrði séu til að staðfesta lögbannsgerðina.

Krafa áfrýjanda um lögbann tók sem fyrr segir til þess að stefnda 365-prentmiðlum ehf. yrði meinað að birta efni úr ótilgreindum einkagögnum hennar, í heild eða að hluta og hvort heldur með beinni eða óbeinni tilvitnun. Þótt áfrýjandi hafi leitast við að afmarka nánar inntak kröfu sinnar með því að taka fram að átt væri við tölvupóst, sem hún hafi sent eða tekið við, og önnur slík persónuleg einkaskjöl, var í engu tiltekið hvort krafa hennar varðaði öll atriði, sem fram komu í þessum gögnum, án tillits til þess hvort þau væru alkunn eða aðrar heimildir voru tiltækar fyrir. Enginn munur var þar gerður á gögnum, sem stöfuðu frá áfrýjanda sjálfri eða beint var til hennar af þeim, sem að orðsendingu stóð, og gögnum, sem voru henni óviðkomandi en komust höfðu allt að einu í hennar hendur. Ekki var skýrt nánar hvað átt væri við með orðunum „önnur slík persónuleg einkaskjöl“ í kröfu áfrýjanda og er ekkert fram komið um að slík skjöl hennar hafi komist í hendur stefnda 365-prentmiðla ehf. Ekkert var leitast við að afmarka frekar hvaða efni gögn þessi voru talin varða. Við svo búið var ógerlegt að leggja á lögbann, sem kostur gæti verið á að halda uppi samkvæmt efni sínu eftir reglum 32. gr. laga nr. 31/1990, nema eftir atvikum að undangengnu því að áfrýjandi afmarkaði nánar kröfu sína þegar í ljós var komið við gerðina hver gögnin voru, sem þessi stefndi hafði undir höndum, sbr. 2. mgr. 31. gr. sömu laga. Krafa áfrýjanda um lögbann var því í senn of víðtæk og óákveðin til þess að taka mætti hana til greina. Að þessu virtu er ekki annað unnt en að hafna kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbannsins.

Samkvæmt því, sem liggur fyrir í málinu, hefur sýslumaður varðveitt gögnin, sem tekin voru úr vörslum stefnda 365-prentmiðla ehf. við framkvæmd lögbannsins, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 31/1990. Samkvæmt VI. kafla sömu laga verður ekki leitað sjálfstætt dóms um staðfestingu á slíkri ráðstöfun, sem gripið er til við lögbannsgerð, heldur verður leyst úr um réttmæti hennar í tengslum við staðfestingu á gerðinni í heild. Áfrýjandi hefur ekki gert kröfu í málinu um að dæmt verði um rétt hennar til að fá gögn þessi afhent úr vörslum sýslumanns. Kemur það því ekki frekar til álita í málinu.

IV

Fyrir héraðsdómi krafðist áfrýjandi þess að stefnda K.J. yrði gerð refsing fyrir brot gegn 228. gr. almennra hegningarlaga. Sagði í stefnu að stefndi hafi brotið gegn því ákvæði með því að verða sér úti um aðgang að einkagögnum áfrýjanda, sem geymd hafi verið í tölvutæku formi, með brögðum eða annarri áþekkri, ólögmætri aðferð, og hnýsast í gögnin. Sú verknaðarlýsing í stefnu fellur að ákvæði 1. mgr. 228. gr., sem mælir fyrir um refsingu fyrir slíka háttsemi, en þar eru talin upp bréf og önnur gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns. Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá kröfu um refsingu samkvæmt 1. mgr. og 3. mgr. 228. gr. Krefst hún þess að stefnda verði gerð refsing með heimild í 2. mgr. 228. gr., en samkvæmt henni varðar það refsingu að ónýta eða skjóta undan einkagögnum þeim, sem nefnd eru í 1. mgr. sömu greinar. Í héraðsdómsstefnu var ætluðum verknaði stefnda ekki lýst þannig að ákvæði þetta gæti átt við og dómkrafa um refsingu við það miðuð, sbr. d. lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Kemur þegar af þeirri ástæðu ekki til álita að stefnda verði gerð refsing með heimild í 2. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga.

Áfrýjandi styður kröfu sína um að stefnda K.J. verði gerð refsing jafnframt við 229. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt henni skal hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum manns, án þess að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi er réttlæti verknaðinn, sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Vegna þessarar kröfu kemur til úrlausnar hvort skrif Fréttablaðsins hafi lotið að einkamálefnum áfrýjanda, sem áður nefnd tölvugögn hafi haft að geyma, og hafi svo verið hvort blaðið hafi skýrt frá þeim opinberlega án þess að nægar ástæður hafi réttlætt það.

Áður var þess getið að umfjöllun blaðsins hafi að einhverju leyti byggst á bréfaskiptum milli annarra manna, sem bárust áfrýjanda og þaðan til stefnda 365-prentmiðla ehf. Í þeim var í engu vikið að áfrýjanda og var umfjöllun blaðsins, sem byggði á þeim, því ekki brot gagnvart henni. Að stærstum hluta var þó byggt á bréfaskiptum áfrýjanda sjálfrar við aðra menn, sem ekki voru lengur varðveitt í hennar tölvu, heldur komin í hendur annarra í útprentuðu formi. Er að framan getið efnis þeirrar umfjöllunar, sem laut að ráðagerðum um kærur á hendur forráðamönnum Baugs Group hf., en einnig var í skrifum blaðsins vikið að tölvupóstskiptum áfrýjanda við annan mann um fjárkröfur hennar á hendur einum fyrirsvarsmanna félagsins. Þegar til þessa er litið verður fallist á með áfrýjanda að skrif Fréttablaðsins um fjárhagsleg málefni hennar hafi lotið að einkamálefnum í merkingu 229. gr. almennra hegningarlaga, svo og það efni þessara skrifa, þar sem greint var frá hvatningum áfrýjanda og öðrum hlut hennar sjálfrar í ráðagerðum um að kæra nafngreinda menn.

Kemur þá til álita sú málsvörn stefnda að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi til að réttlæta birtingu skrifa, sem unnin voru upp úr margnefndum tölvupóstskiptum og höfðu meðal annars að geyma einkamálefni áfrýjanda.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Við úrlausn um það verður litið til þess að þegar skrif Fréttablaðsins birtust hafði málefni tengd kærnu um ætlaða refsiverða háttsemi forráðamanna Baugs Group hf. um alllangt skeið borið hátt í opinberri umræðu hér á landi og harðar deilur staðið um þau, meðal annars vegna húsleitar lögreglu hjá félaginu í ágúst 2002 og ákæru á hendur nokkrum fyrirsvarsmönnum þess í júlí 2005. Skrif blaðsins höfðu að geyma efni, sem átti erindi til almennings og varðaði mál, sem miklar deilur höfðu staðið um í þjóðfélaginu. Þótt jafnframt hafi verið greint í umfjöllun blaðsins frá fjárhagsmálefnum áfrýjanda voru þau svo samfléttuð fréttæfninu í heild að ekki varð greint á milli.

Verður fallist á með stefnda að ekki hafi verið gengið nær einkalífi áfrýjanda en óhjákvæmilegt var í opinberri umræðu um málefni, sem varðaði almenning. Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi, sem réttlættu birtingu þessara skrifa blaðsins. Verður stefnda K.J. ekki gerð refsing samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga.

Áfrýjandi krefst þess loks að stefndu verði óskipt gert að greiða sér miskabætur að fjárhæð 5.000.000 krónur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Að framan var komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið farið út fyrir mörk heimillar tjáningar í skrifum Fréttablaðsins. Er krafan að öðru leyti ekki lögð fyrir með þeim hætti að efni séu til að taka hana til greina svo sem rakið er í forsendum héraðsdóms. Verða stefndu samkvæmt því sýknaðir af henni.“

4. Samhliða málsókn kæranda á hendur DV

Hinn 26. september 2005 gekk annað dagblað, DV, lengra en aðrir fjölmiðlar í umfjöllun sinni um samskipti kæranda og ritstjóra Morgunblaðsins við fréttaf lutning um tölvupóstsamskipti þeirra.

Kærandi höfðaði sérstakt mál á hendur ritstjórn DV og krafðist sakfellingar samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga fyrir að hafa skýrt opinberlega í blaðagrein frá einkamálefnum hennar, án þess að nægar ástæður væru fyrir hendi.

Ritstjórnir báru að umrædd frétt ætti erindi til almennings í ljósi almennrar umræðu um tengsl þeirra aðila, sem fjallað væri um í fréttinni, við Baugsmálið. Á sama tíma hefði stefnandi verið í framboði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins við borgarstjórnarkosningar í Reykjavík og Styrmir Gunnarsson hefði verið áhrifamaður í Sjálfstæðisflokki og íslenskum stjórnmálum almennt til margra áratuga. Þegar slíkir aðilar tengdust ákveðnum böndum á sama tíma og þeir stæðu saman að því að ná fram réttlæti að eigin mati, skipti það máli fyrir eðlilega skoðanamótun að almenningur fengi að vita um þau tengsl sem væru á milli viðkomandi aðila.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði þessari röksemdafærslu í dómi, sem kveðinn var upp 8. desember 2006, og sakfelldi báða ritstjóra fyrir

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

brot gegn réttindum kæranda samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga og gerði hvorum þeirra um sig að greiða sekt að fjárhæð 150.000 króna og 500.000 krónur í miskabætur til stefnanda. Ritstjórnarnir áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar, sem staðfesti niðurstöður héraðsdóms með dómi hinn 4. október 2007.

B. Landslög sem eiga við

228. og 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er að finna í XXV. kafla laganna, um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Greinarnar eru svohljóðandi:

228. gr.

„Ef maður hnýsist í bréf, skjöl, dagbækur eða önnur slík gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, og hann hefur komist yfir gögnin með brögðum, opnað bréf, farið í læsta hirslu eða beitt annarri áþekkri aðferð, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári. Sömu refsingu skal sá sæta sem á ólögmætan hátt verður sér úti um aðgang að gögnum eða forritum annarra sem geymd eru á tölvutæku formi.

Sömu refsingu varðar það að ónýta eða skjóta undan einkagögnum þeim, sem nefnd eru í 1. mgr.

Sektum eða fangelsi allt að 3 mánuðum skal sá sæta, sem hnýsist í hirslur annars manns án nægilegra ástæðna.”

229. gr.

„Hver, sem skýrir opinberlega frá einkamálefnum annars manns, án þess að nægar ástæður séu fyrir hendi, er réttlæti verknaðinn, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er svohljóðandi:

26. gr.

„Heimilt er að láta þann sem:

- a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða
- b. ábyrgð ber á ólögmætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.

Þeim sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur dauða annars manns má gera að greiða maka, börnum eða foreldrum miskabætur.“

Kærandi vísaði til 5. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. IX. kafla laganna, um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs, hefur að geyma eftirfarandi ákvæði:

„Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við sím-skeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum, táknum eða hlustar á símtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt ber honum að tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.“

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Samkvæmt 74. gr. laganna varða brot á lögunum sektum eða fangelsi. Kærandi vísaði einnig til 5. og 7. gr. laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

KÆRAN

Kærandi kvartaði undan því að með því að veita henni ónóga vernd gegn ólögmætri birtingu einkatölvuskeyta sinna í fjölmiðlum hefði ríkið vanrækt að gæta réttinda hennar, sem tryggð eru með 8. gr. mannréttindasáttmálans, og þar með brotið gegn þeirri grein. Kærandi benti sérstaklega á að íslenskir dómstólar hefðu hafnað beiðni hennar um lögbann við ólögmætri birtingu tölvupóstskæptanna, sem hefði heldur ekki verið skilað til hennar, og neitað kröfu hennar um sakfellingu ritstjóra Fréttablaðsins fyrir ólögmæta notkun á einkabréfaskiptum hennar.

Kærandi bar að ónafngreindur þriðji aðili hefði komist yfir umrædd tölvuskeyti án vitundar hennar eða samþykkis, og þar með á ólögmætan hátt, í netþjóni, sem áður hefði verið í eigu og rekstri atvinnuveitanda hennar, sem hefði orðið gjaldþrota árið 2003. Enn fremur hefði dagblaðið birt upplýsingar úr þessum tölvupósti án vitundar hennar eða samþykkis.

LAGAATRIÐI

8. gr. sáttmálans er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaeilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.“

1. Röksemdir ríkisins

Ríkið benti á að aldrei hefði verið fyllilega upplýst hvernig Fréttablaðið komst yfir hinn umrædda tölvupóst, né hefði fengist staðfest að það hefði gerst með ólögmætum hætti. Við meðferð málsins fyrir dómi hefði komið fram að fréttaritstjóri Fréttablaðsins hefði fengið útprentanir af tölvupóstskæptunum frá ónafngreindum aðila og við skoðun virtust þau hafa verið prentuð út á einhverjum tíma úr tölvupósthólfi kæranda. Ekkert hefði komið fram í málinu sem benti til þess að starfsfólk Fréttablaðsins hefði gripið til neinna ráða til þess að komast yfir gögnin með ólögmætum hætti.

Ríkið andmælti því ekki að hluti gagnanna, sem birtust í Fréttablaðinu, varðaði einkamálefni kæranda, sem nytu verndar samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmálans. Né heldur var því mótmælt að varsla gagnanna og birting upplýsinga úr þeim hefðu haft áhrif á friðhelgi einkalífs kæranda og bréfaskipta á þann hátt að varðaði við 8. gr. mannréttindasáttmálans.

Kjarni máls þessa varðaði þá kröfu kæranda að ritstjóri dagblaðsins skyldi sæta refsingu samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga fyrir að

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skýra opinberlega frá einkamálefnum hennar án þess að nægar ástæður hafi verið fyrir hendi, að mati kæranda. Á grundvelli röksemdafærslu Hæstaréttar taldi ríkið að í ljósi málsatvika hefðu dómstólar réttilega sett hagsmunum frelsis fjölmiðla í lýðfrjálsu landi til þess að birta upplýsingar, sem ættu erindi til almennings, ofar hagsmunum kæranda af verndun einkalífs síns og bréfaskipta. Birting hinna umdeildu gagna hefði verið liður í almennri þjóðfélagsumræðu um málefni, sem tengdust áhrifum framá-manna á umfangsmestu rannsókn sakamáls fyrr og síðar á Íslandi. Ekki væri unnt að líta svo á að íslenskum dómstólum hafi verið skylt samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu að láta dagblaðið og ritstjóra þess sæta refsingu vegna birtinganna. Í þessu sambandi væri einnig rétt að hafa í huga að kærandi væri þekkt opinber persóna á Íslandi og hefði lýst yfir framboði til komandi sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík.

Enn fremur lagði ríkið áherslu á að ekki væri hægt að halda því fram að íslensk stjórnvöld hefðu vanrækt skyldu sína til þess að tryggja réttindi kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans með því að leggja ekki varanlegt bann við birtingu upplýsinga úr tölvupóstinum og afhenda henni póstinn. Í þessum efnum skipti höfuðmáli sú staðreynd að kærandi hefði aldrei krafist þess fyrir dómstólum að bann yrði lagt við frekari birtingu eða að tölvu-póstinum yrði skilað.

Enn fremur hefðu íslensk stjórnvöld brugðist skjótt við beiðni kæranda um lögbann við birtingu Fréttablaðsins á upplýsingum úr tölvupósti hennar. Meðan beiðni var niðurstöðu í dómsmálinu hefði lögbannið verið í gildi og öll gögnin með tölvupósti kæranda í vörslu sýslumanns. Þannig hefði úrræðið, sem kærandi hefði gripið til (lögbannsbeiðnin), þjónað tilgangi hennar fullkomlega: birtingu hefði verið hætt og lögbannið við birtingu upplýsinga úr tölvupóstinum hefði verið í gildi í átta mánuði, þ.e. frá 30. september 2005 til 1. júní 2006. Síðan Hæstiréttur hefði kveðið upp dóm sinn hefðu engar upplýsingar úr tölvupósti, sem tengdist kæranda, verið birtar. Þannig hefði kærandi ekki orðið fyrir frekari skerðingu á hagsmunum sínum, sem rekja mætti til þeirrar ákvörðunar Hæstaréttar að hafna kröfu hennar um staðfestingu lögbannsins.

Grundvallaratriði varðandi lögbannið frá 30. september 2005 væri að það hefði verið ætlað sem bráðabirgðaúrræði. Eina ástæðan fyrir því að Hæstiréttur hefði hafnað kröfu kæranda um staðfestingu lögbannsins væri að lögbannsbeiðnin, sem lögð var fram af lögmanni hennar, hefði ekki uppfyllt skýlausar lagakröfur, þar sem hún hefði verið of víðtæk og óákveðin og í algeru ósamræmi við alkunnar lagavenjur.

Ríkið lagði á það áherslu að eftir dómsuppkvaðningu Hæstaréttar, þar sem kröfu kæranda um staðfestingu lögbannsins var hafnað, hefði hún ekkert aðhafst til þess að lagfæra þá annmarka sem þar væri lýst. Hefði henni verið í lófa lagið að leggja fram nýja lögbannsbeiðni með réttu og

lögboðnu formi og leita aftur til dómstóla um að fá lögbandið staðfest og að fá tiltekin gögn afhent. Það hafi hún hins vegar ekki gert.

Þær starfsaðferðir, sem dagblaðið hefði fylgt, hafi verið fullkomlega í samræmi við það sem ætla mætti af ábyrgum fjölmiðli í viðkvæmu máli af þessu tagi. Ekki hafi verið rofin friðhelgi einkalífs kæranda umfram það sem óhjákvæmilegt var til þess að varpa ljósi á mikilvægt þjóðfélagsmálefni, sem hafi verið það mál sem mestar umræður og deilur hafi staðið um á þeim tíma sem Fréttablaðið birti umrædd gögn. Þannig hafi dagblaðið farið eftir þeim grundvallarreglum sem kveðið er á um í siðareglum Blaðamannafélags Íslands, einkum 3. gr. reglnanna, sem er svohljóðandi:

„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitssemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

2. Röksemdir kæranda

Kærandi mótmælti því, sem ríkið hélt fram, að engin grundvöllur væri fyrir þeirri staðhæfingu að Fréttablaðið hefði komist yfir tölvupóstinn með ólögmatum hætti. Tölvupósturinn, sem birtur hefði verið af dagblaðinu, hefði haft að geyma orðsendingar milli kæranda og tiltekinna nafngreindra einstaklinga og hefði hann verið fenginn með ólögmatum hætti og afhentur dagblaðinu án vitneskju hennar eða samþykkis. Tölvuskeytin hefðu verið birt án samþykkis hennar og birtingu haldið áfram jafnvel eftir að hún hefði krafist þess að henni yrði hætt. Efni tölvuskeytanna hefði verið tekið út úr samhengi og afar neikvæð mynd hefði verið dregin upp af kæranda í miðli sem væri í eigu manna sem væru sakborningar í Baugsmálinu.

Birtingin hafi átt sér stað á tíma þegar kærandi hafði tekið ákvörðun um að bjóða sig fram í sveitarstjórnarkosningum. Eftir birtinguna hafi henni fundist hún tilneydd að láta af þeim áformum.

Að áliti kæranda hefði Hæstiréttur ekki fundið viðeigandi jafnvægi milli hagsmuna hennar af því að vernda friðhelgi einkalífs síns og bréfa-skipta og hagsmuna fjölmiðla.

Kærandi mótmælti þeirri staðhæfingu ríkisins að ekki hefði verið fullsannað að tölvupósturinn hefði verið tekin frá henni með ólögmatum hætti. Mikilvægt atriði í þessu sambandi væri að Fréttablaðið hefði ekki getað sannað að varsla blaðsins á tölvupóstinum og birting á efni hans hefði átt sér stað [með samþykki] kæranda.

Kærandi var ósammála því sjónarmiði að fyrir hendi væru þeir almannahagsmunir sem réttlætt gætu birtingu efnis úr einkagögnum hennar. Hún mótmælti því að umrætt sakamál varðaði einhverja sérstaka almannahagsmuni. Það væri ekkert frábrugðið öðrum sakamálum er væru fyrir dómstólum og varðaði almenning ekkert meira en önnur sakamál er biðu úrlausnar.

Enn fremur virtist sem Hæstiréttur hefði virt að vettugi þá staðreynd að mál kæranda snerist um bréfaskipti, sem væru einkamál og trúnaðarmál viðkomandi aðila. Niðurstöður Hæstaréttar hefðu ranglega snúist um það efni, sem átt hefði erindi til almennings og miklar deilur hefðu staðið um. Þetta deilumál, sem snúist hefði um staðhæfingar um að annarlegar hvatir lægju að baki sakamálinu, væri ekki annað en umfjöllun fjölmiðla í eigu sakborninga.

Virtist afstaða Hæstaréttar vera sú að tilgangurinn helgaði meðalið. Þannig hefði það verið innihald efnisins sem hefði ráðið úrslitum um hvort heimilt væri að birta umrædd einkasamtöl, en ekki samhengið sem einkamálin hefðu verið sett fram í eða hvernig dagblaðið hefði komist yfir gögnin. Þannig hefði Hæstiréttur í raun svipt verndinni af persónulegum trúnaðarbréfaskiptum. Af dómi Hæstaréttar megi ráða að lögmætt sé að birta hvaða tölvupóst sem er, sem fengin er með brögðum frá stjórnmalamönnum eða opinberum embættismönnum, svo lengi sem pósturinn fjallar um efni sem miklar deilur eru uppi um.

Hefði Hæstiréttur ekki útskýrt hvers vegna einkasamskipti kæranda við aðrar persónur „ættu erindi til almennings“ þegar lítið væri til þess að kærandi væri einstaklingur. Engin tilraun hefði verið gerð til þess að skýra hvaða hagsmuni almenningur hefði af því að sjá og heyra allt sem kynni að hafa farið milli einstaklinga varðandi þetta tiltekna sakamál á hendur eigendum Baugs Group. Kærandi væri ekki aðili að Baugsmálinu; hún hafi ekki lagt fram kæru á hendur forsvarsmönnum Baugs; hún sætti ekki sjálf rannsókn í málinu; hún væri hvorki í hópi lögreglu, saksóknara né dómara í málinu; hún væri ekki starfsmaður hjá Baugi Group eða tengd því félagi með þeim hætti að réttlætt gæti birtingu einkasamskipta hennar í fjölmiðlum gegn vilja hennar. Ennfremur hafi efni einkasamskipta hennar ekkert varðað Baugsmálið sem slíkt, þar sem þar hafi ekkert verið að finna sem áhrif gæti haft á lyktir þess máls. Þannig væru einkaskoðanir og hugsanir kæranda um Baugsmálið og forsvarsmenn þess fyrirtækis, eins og þær væru settar fram í tölvupósti hennar, óviðkomandi sakamálinu sem slíku. Almenningur ætti engan rétt á að fá upplýsingar um skoðanir hennar á málinu umfram það sem hún væri sjálf reiðubúin að setja fram í eigin birtu skrifum.

Hinar miklu deilur sem Hæstiréttur vísaði til væru ekki annað en opinber gagnrýni sakborninga og annarra aðila, sem áhyggjur hefðu af framgöngu lögreglunnar og saksóknara, og staðhæfingar þeirra um skort á hlutlægum forsendum fyrir sakamálinu sem höfðað hefði verið gegn þeim.

Við þessar aðstæður væri það skoðun kæranda að hagsmunir hennar af verndun einkalífs síns og trúnaðarsamskipta skyldu vega þyngra en hagsmunir dagblaðsins og ritstjóra þess af því að birta umrædd gögn. Hins vegar hefði Hæstiréttur að ófyrirsynju svipt hana þeirri vernd sem henni bar samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmálans.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Sú niðurstaða Hæstaréttar að einkafjármál kæranda væru svo samfléttuð fréttæfninu í heild að ekki yrði greint á milli væri marklaus. Þótt birting athugasemda um fjárhagsleg málefni kæranda hafi ekki komið málinu á neinn hátt við hafi Hæstiréttur komist að þeirri niðurstöðu að þau tengdust máli sem miklar deilur hefðu staðið um í þjóðfélaginu. Birting einkabréfa hennar utan samhengis, þar sem fjárkröfur kæranda á hendur fyrrum sambýlismanni sínum hefðu verið ræddar, hafi ekki á nokkurn hátt varðað umræddar deilur né heldur umrætt sakamál.

Birting Fréttablaðsins á efni, sem unnið hafi verið upp úr einkatölvupóstum áfrýjanda í þeirri vitneskju að þeir hefðu verið fengnir með ólögmatum hætti og án samþykkis kæranda, samræmdist ekki siðareglum fréttamanna.

Kærandi taldi einnig að framsetningin á kröfum hennar fyrir íslenskum dómstólum hefði átt að leiða til staðfestingar þeirra á lögbanninu og haldlagningar á tölvupóstinum, sakfellingar á stefndu fyrir brot gegn friðhelgi einkalífs hennar og ákvörðunar miskabóta til handa kæranda.

Ástæða þess að í lögbannsbeiðni hennar hafi verið minnst á önnur persónuleg einkaskjöl en tölvupóstskeyti væri að hún hafi ekki vitað á þeim tíma nákvæmlega hvaða persónuleg gögn hennar Fréttablaðið hefði undir höndum eða hvaðan umrædd gögn væru fengin.

Það álit Hæstaréttar að lögbannsbeiðni hennar hafi verið of víðtæk til þess að taka mætti hana til greina ætti sér ekki stoð og væri ekki í samræmi við álit sýslumanns, enda hefðu stefndu ekki einu sinni haft uppi þá vörn, hvorki fyrir héraðsdómi né Hæstarétti.

Í ljósi kröfu kæranda um staðfestingu á þeirri ákvörðun sýslumanns að haldleggja tölvupóst hennar hafi verið óþarfi fyrir hana að gera sérstaka kröfu um að henni yrði skilað tölvupóstinum, andstætt því sem ríkið héldi fram.

Ennfremur leiddi af kröfum kæranda um að stefnda yrði gerð refsing, og auk þess gert að greiða miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga, að óþarft hafi verið fyrir kæranda að leggja fram sérstaka kröfu um bann við birtingu upplýsinga úr tölvupóstinum.

Hafi Hæstiréttur ranglega talið að óljóst væri hvaða birtingu lögbanninu væri ætlað að koma í veg fyrir. Hæstiréttur hafi í raun mistúlkað og affært beiðni hennar með órökréttum hætti.

3. Álit dómstólsins

(i) Meginreglur

Samkvæmt réttarframkvæmd mannréttindadómstólsins fellur söfnun og varsla persónulegra upplýsinga, sem tengjast tölvupósti manns, undir hugtökin bréfaskipti og einkalíf, sbr. 1. mgr. 8. gr. sáttmálans (sjá Copland gegn Bretlandi, nr. 62617/00, 41. og 44. lið, ECHR 2007 - ...). Jafnvel þegar gengið er á rétt þennan í tengslum við atvinnustarfsemi eða á vinnustað kann

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

það að varða friðhelgi einkalífs í skilningi þessarar greinar (sbr. Halford gegn Bretlandi, dóm frá 25. júní 1997, Reports of Judgments and Decisions 1997-III, bls. 1016, 43. lið; Niemietz gegn Þýskalandi, dóm frá 16. desember 1992, A-deild nr. 251-B, bls. 33-34, 29. lið; Huvig gegn Frakklandi, dóm frá 24. apríl 1990, A-deild nr. 176-B, bls. 41, 8. lið, bls. 52, 25. lið; Chappell gegn Bretlandi, dóm frá 30. mars 1989, A-deild nr. 152-A, bls. 12-13, 26. lið, og bls. 21-22, 51. lið).

Dómurinn ítrekar að þótt tilgangur 8. gr. sé fyrst og fremst að vernda einstaklinga gegn því að opinber yfirvöld gangi á rétt þeirra með óréttmætum hætti, er ríki ekki aðeins skylt að ganga ekki þannig á rétt manna: auk þessarar skuldbindingar, sem er fyrst og fremst neikvæð skuldbinding, kunna að vera jákvæðar skuldbindingar sem felast í virkri virðingu fyrir einkalífi eða fjölskyldulífi. Slíkar skuldbindingar kunna að kalla á ráðstafanir sem miða að því að tryggja virðingu fyrir einkalífi, jafnvel í samskiptum einstaklinga sín á milli. Mörkin milli jákvæðra og neikvæðra skuldbindinga ríkis samkvæmt þessari grein er ekki hægt að skilgreina af neinni nákvæmni. Þær meginreglur sem gilda eru hins vegar sambærilegar. Í báðum tilvikum þarf að huga að sanngjörnu jafnvægi milli hagsmuna einstaklingsins og samfélagsins í heild, sem kunna að rekast á; og í báðum tilvikum nýtur ríkið ákveðins svigrúms til mats (sjá m.a. Von Hannover gegn Þýskalandi, nr. 59320/00, 57. lið, ECHR 2004-VI og fjölda annarra heimilda.)

Spurningin er hvort ríkið, við uppfyllingu jákvæðra skuldbindinga sinna samkvæmt 8. gr., hafi gætt jafnræðis milli réttar kæranda „til friðhelgi einkalífs síns ... og bréfaskipta“ samkvæmt 8. gr. og réttar dagblaðsins til tjáningarfrelsis, sem tryggt er með 10. gr. sáttmálans. Við umfjöllun um þetta álitamál tekur dómurinn mið af þeim meginreglum sem fram koma í réttarframkvæmd dómstólsins varðandi frelsi fjölmiðla til þess að miðla upplýsingum um mál, sem erindi eiga til almennings, þ.m.t. um sakamál sem standa yfir, og rétt almennings til aðgangs að slíkum upplýsingum (sbr. m.a. Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörk [GC], nr. 49017/99, 68.-71. lið, ECHR 2004-XI).

(ii) Beiting þessara meginreglna

Rétt er að taka fram í upphafi að gildi 8. gr. í málinu var óumdeilt, og dómurinn sér ekki ástæðu til þess að telja annað. Eina álitamálið er hvort ríkið hafi uppfyllt þá jákvæðu skyldu sína samkvæmt greininni að vernda friðhelgi einkalífs og bréfaskipta kæranda. Þegar litið er til sérstaks eðlis þeirra hagsmuna sem þarna rekast á og mikilvægi þeirra, telur dómurinn að yfirvöldum í ríkinu beri nokkurt svigrúm til mats er það vegur þörfina á því að vernda einkalíf og bréfaskipti kæranda samkvæmt 8. gr. á móti þeirri þörf að vernda tjáningarfrelsi dagblaðsins samkvæmt 10. gr.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Dómurinn vill í upphafi vekja athygli á því að samkvæmt 228. gr. almennra hegningarlaga telst það refsivert brot að komast með brögðum yfir gögn, sem hafa að geyma upplýsingar um einkamál annars manns, þ.m.t. gögn sem geymd eru á tölvutæku formi, eða að ónýta eða skjóta undan slíkum einkagögnum. Enn fremur telst það refsivert samkvæmt 229. gr. að skýra opinberlega frá einkamálefnum annars manns án nægilegra ástæðna. Einnig er í skaðabótalögum frá 1993 gert ráð fyrir því úrræði að krefjast miskabóta í einkamáli vegna brota gegn friðhelgi einkalífs af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Enn fremur, til þess að koma í veg fyrir að réttindi fari forgörðum meðan beðið er niðurstöðu dómsmáls, er heimilt samkvæmt 24.-26. gr. laga frá 1993, um kyrrsetningu, lögbann o.fl., að leggja fram beiðni um lögbann við birtingu og haldlagningu efnis af því tagi sem hér er um deilt. Samkvæmt 36. gr. leita staðfestingar á kyrrsetningu eða lögbanni fyrir dómstólum. Kærandi vísaði einnig til sérstakra reglna um verndun persónuupplýsinga í lögum um persónuvernd frá árinu 2000 og fjarskiptalögum frá 2003. Dómurinn telur að hagsmunir kæranda af því að vernda bréfaskipti sín og einkalíf hafi notið ríkrar verndar samkvæmt íslenskum lögum.

Vaknar þá sú spurning hvort sá háttur, sem lögbær stjórnvöld á Íslandi höfðu á við beitingu viðeigandi laga við aðstæður þær sem ríktu í þessu tiltekna máli, hafi falið í sér vanrækslu af þeirra hálfu að virða einkalíf kæranda og bréfaskipti samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Ber þá fyrst að líta til þess að ekki kom fram fyrir rétti hvernig dagblaðið hefði komist yfir hinn umdeilda tölvupóst. Ritstjóri blaðsins bar að hann hefði fengið útprentanir eða afrit af útprentunum á tölvupóstinum, en neitaði að upplýsa hvernig gögnin hefðu borist honum í hendur. Kærandi bar fyrir rétti á Íslandi að sennilega ættu gögnin uppruna sinn í tölvu (eða netþjóni) sem hún hefði notað árið 2002 sem starfsmaður fyrirtækis, sem síðar hefði verið gert upp og selt árið 2003. Hefði kærandi farið fram á lögreglurannsókn, en þeirri rannsókn hefði ekki verið lokið þegar íslenskir dómstólar fjölluðu um mál hennar gegn dagblaðinu og ekki hafa verið lagðar fyrir dóminn frekari upplýsingar um málið. Fyrir Hæstarétti féll kærandi frá kröfum sínum, sem byggðust á 1. og 3. mgr. 228. gr. almennra hegningarlaga (aðgangur fenginn að einkagögnum sem geymd eru á tölvutæku formi með brögðum eða á annan ólögmatan hátt), en krafðist þess að ritstjórinn yrði látinn sæta refsingu samkvæmt 2. mgr. sömu greinar (að ónýta eða skjóta undan einkagögnum). Þessari kröfu var hafnað af Hæstarétti á þeim forsendum að kærandi hefði ekki lýst þeirri háttsemi sem stefna hennar beindist að.

Að því er varðar framangreint veitir dómurinn því athygli að fyrir utan að vísa til „meingerðar“ af hálfu ritstjórans færði kærandi ekki frekari rök til stuðnings kröfu sinni um miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.

Af þessum sökum er það mat dómsins, að því er varðar þá kvörtun kæranda að ríkið hafi vanrækt að vernda rétt hennar til friðhelgi einkalífs og bréfaskipta þegar ritstjóri dagblaðsins komst yfir hin umdeildu gögn með meintum ólögmætum hætti, hafi kærandi ekki til hlítar leitað leiðrétt- ingar í málinu, sbr. 1. mgr. 35. gr. sáttmálans.

Því mun dómurinn, án þess að taka efnislega afstöðu til þeirrar staðhæfingar að dagblaðið hafi með ólögmætum hætti komist yfir gögnin sem um ræðir, beina sjónum að því álitamáli hvort íslensk stjórnvöld hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt 8. gr. að virða friðhelgi einkalífs og bréfaskipta kæranda að því er varðar hina umdeildu birtingu útdráttá úr umræddum tölvupósti af hálfu Fréttablaðsins. Samkvæmt réttarfram- kvæmd dómstólsins ræður hið fyrrnefnda ekki nauðsynlega úrslitum um hið síðarnefnda; í allnokkrum fyrri málum, er varða prentfrelsi samkvæmt 10. gr. sáttmálans, hefur dómstóllinn fallist á að hagsmunir af því að vernda birtingu upplýsinga, sem stafa frá heimildarmanni, sem áður komst yfir og miðlaði upplýsingunum með ólögmætum hætti, kunni að vega þyngra en hagsmunir einstaklings eða annars aðila, opinbers eða einkaréttarlegs, af því að halda trúnaði um þær (sjá Radio Twist, A.S. gegn Slóvakíu, nr. 62202/00, 58. – 65. lið, ECHR 2006-...; Fressoz og Roire gegn Frakklandi [GC], nr. 29183/95, 53. – 56. lið, ECHR 1999-I; Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi [GC], nr. 21980/93, 59. lið, ECHR 1999-III; og, að breyttu breytanda, Goodwin gegn Bretlandi, dóm frá 27. mars 1996, Reports of Judgments and Decisions 1996-II, 42. og 45. lið).

Í þessu sambandi vekur dómurinn athygli á því að hin birtu gögn samanstóðu af beinum tilvitnunum eða umorðunum á tölvupóstskeytum milli Jóns Geralds Sullenbergers, fyrrum samstarfsmanns J.A.J., forstjóra Baugs Groups, kæranda og Styrmis Gunnarssonar, fyrrum ritstjóra annars dagblaðs, Morgunblaðsins, og milli kæranda og T.J., þáverandi aðstoð- arforstjóra Baugs Group. Samskiptin vörðudu m.a. óskir Jóns Geralds Sullenbergers um að finna hæfan lögmann til þess að aðstoða sig við að koma til lögreglunnar gögnum, sem hann hafði í förum sínum og taldi gefa vísbendingar um meinta refsiverða háttsemi, og einnig til að reka fyrirhugað dómsmál gegn forráðamönnum Baugs Group; milligöngu Styrmis Gunnarssonar milli Jóns Geralds Sullenbergers og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, hæstaréttarlögmans; tillögu kæranda til Jóns Geralds Sullenbergers um að hann skyldi velja Jón Steinar Gunnlaugsson; ráðstafanir sem til umræðu voru milli kæranda og Styrmis Gunnarssonar um afhendingu gagna til skattyfirvalda; tillögu kæranda við Styrmi um að hann tæki viðtal við Jón Gerald Sullenberger. Í tengslum við tillöguna um Jón Steinar Gunnlaugsson var minnst á Kjartan Gunnarsson, framkvæmda- stjóra Sjálfstæðisflokksins.

Í hinum umdeildu birtu gögnum var einnig m.a. að finna upplýs- ingar um eigin fjárhagsstöðu kæranda og kröfur hennar, tillögu hennar til

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Stýrmis Gunnarssonar um að viðtalið við Jón Gerald Sullenberger skyldi ekki tekið þar til gengið hefði verið að tilteknum kröfum hennar sjálfrar á hendur ónefndum aðila; kröfur hennar á hendur J.J. hjá Baugi Group; þann ásetning hennar, sem hún hafði tilkynnt T.J. um, að birta skjöl sem hún hefði í förum sínum ef Baugur Group gengi ekki að kröfum hennar; og tillögu T.J. til hennar um að afhenda gögnin yfirvöldum ef hún teldi að Baugur Group hefði aðhafst eitthvað ólöglegt.

Svo virðist sem birtingin hafi átt sér stað í tengslum við almenna umræðu á Íslandi um ásanir þess efnis að stjórnálamenn hefðu haft óeðlileg afskipti af lögreglurannsóknum á meintri saknæmri háttsemi forsvarsmanna Baugs Group. Væri um að ræða einhverja umfangsmestu rannsókn sem nokkru sinni hefði átt sér stað á Íslandi, er leitt hefði til þess að gefin var út ákæra á hendur sex mönnum hinn 1. júlí 2005. Á þeim tíma, sem hin umdeilda birting átti sér stað, hafði kærandi lýst yfir framboði til prófkjörs Sjálfstæðisflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar í Reykjavík árið 2006.

Þeir hlutar tölvupóstskeytanna, sem dagblaðið birti, tengdust með beinum hætti ákærum, sem beindust að forsvarsmönnum Baugs Group, en það mál hafði þegar um nokkurt skeið verið í brennidepli almennrar umræðu og alvarlegt áhyggjuefni almennings á Íslandi. Dómurinn hefur ekki forsendur til þess að efast um þá niðurstöðu Hæstaréttar að birting upplýsinga um fjármál kæranda hafi verið svo samfléttuð fréttæfninu í heild að ekki yrði greint á milli. Dómurinn sér ekki heldur ástæðu til þess að efast um það mat Hæstaréttar að dagblaðið hefði ekki gengið á rétt hennar til friðhelgi einkalífs umfram það sem óhjákvæmilegt var til þess að fjalla um mál, sem erindi átti til almennings.

Að mati dómsins mætti því með sanngirni telja réttlætanlegt samkvæmt sáttmálanum að veita frelsi fjölmiðla til þess að birta upplýsingar, sem erindi á til almennings, meira vægi en hagsmunum kæranda af því að vernda einkalíf sitt og bréfaskipti. Höfnun Hæstaréttar á kröfu hennar um að dagblaðinu og ritstjóra þess skyldi gert að greiða henni miskabætur samkvæmt skaðabótalögum leiðir því ekki eitt og sér til þeirrar niðurstöðu að virðing fyrir einkalífi kæranda og bréfaskiptum samkvæmt 8. gr. sáttmálans hafi verið fyrir borð borin. Sú kvörtun hennar að ritstjórinn hafi ekki verið látinn sæta refsingu er í öllu falli, *ratione materiae*, ósamrýmanleg ákvæðum sáttmálans.

Í þessu sambandi horfir dómurinn til hagstæðrar niðurstöðu kæranda í samhliða máli sem hún höfðaði gegn öðrum útgefanda, DV, þar sem Hæstiréttur, sem og héraðsdómur, sakfelldu ritstjórana, sem stefnt hafði verið, samkvæmt 229. gr. almennra hegningarlaga á þeim forsendum að upplýsingarnar hefðu verið einkamál og birting þeirra hefði ekki þjónað hagsmunum almennings og voru kæranda dæmdar 500.000 kr. í miskabætur

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga. Sýnir þetta að einkalíf og bréfaskipti nutu raunverulegrar lögverndar samkvæmt íslenskum rétti.

Að því er varðar ósætti kæranda með þá ákvörðun Hæstaréttar að hafna kröfu hennar um staðfestingu á lögbanni sýslumanns hinn 30. september 2005, er ljóst af röksemdafærslu Hæstaréttar að kærandi setti ekki fram kröfu sína með þeim hætti að hún stæðist lagakröfur. Hún nýtti sér síðan ekki það úrræði, sem fyrir hendi var, að leggja fram nýja kröfu þar sem fylgt væri leiðbeiningum Hæstaréttar, en valdi þess í stað þá leið að vefengja höfnun Hæstaréttar á kröfu hennar með kæru til Mannréttindadómstólsins. Jafnvel þótt lítið sé framhjá því að kærandi teljist e.t.v. ekki hafa leitað til hlítar leiðréttingar í heimalandinu, eins og gert er ráð fyrir í 1. mgr. 35. gr. sáttmálans, telur dómurinn ekki nauðsynlegt, af ástæðum sem lýst er hér á eftir, að fjalla um röksemdafærslu hennar þar sem hún andmælir niðurstöðum Hæstaréttar.

Hinn 30. september 2005, daginn eftir að kærandi hafði lagt fram lögbannsbeiðni sína, varð sýslumaður við beiðninni og lagði þegar í stað lögbann við birtingu af hálfu Fréttablaðsins, eða annarra miðla í eigu 365-prentmiðla, á nokkru innihaldi tölvupóstsins og var ritstjóra gert að láta af hendi öll eintök af tölvupósti hennar sem voru í vörslu hans. Lögbann þetta var í gildi allan tímann sem málaferli stóðu yfir, allt til 1. júní 2006, þegar Hæstiréttur kvað upp dóm sinn. Ríkið ber, og því er ekki mótmælt af hálfu kæranda, að engar upplýsingar úr tölvupósti sem henni tengist hafi birst eftir þann tíma.

Í því ljósi getur höfnun Hæstaréttar á beiðni kæranda um varanlegt lögbann varla talist gefa tilefni til ágreinings um hvort ríkið hafi vanrækt að vernda friðhelgi einkalífs hennar eða bréfaskipta.

Með vísan til framangreinds er að mati dómsins ekkert sem bendir til þess að íslenska ríkið hafi farið út fyrir það svigrúm sem því ber og ekki gætt sanngjarns jafnvægis milli tjáningarfrelsis dagblaðsins samkvæmt 10. gr. og réttar kæranda til friðhelgi einkalífs og bréfaskipta samkvæmt 8. gr.

Af því leiðir að að því marki sem álitaefnið fellur efnislega undir lögsögu dómstólsins, er kæran augljóslega illa grunduð.

Með vísan til framangreinds, ber að vísa kærinni frá samkvæmt 1., 3. og 4. mgr. 35. gr. sáttmálans.

Af ofangreindum ástæðum ákveður dómstóllinn samhljóða að kæran sé ótæk til meðferðar.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Csánics gegn Ungverjalandi

Dómur frá 20. janúar 2009

Mál nr. 12188/06

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Gildisdómar. Staðreyndir. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Sándor Csánics, er formaður verkalýðsfélags flutnings- og öryggisgæslustarfsmanna. Hann var sjálfur starfsmaður í öryggisfyrirtækinu G. Sem formaður verkalýðsfélagsins var hann í stöðugum deilum við fyrirtækið. Árið 1998 var honum sagt upp en uppsögnin var lýst ólögmæt af dómstólum árið 2000. Kærandi hélt því fram að fyrirtækið G hefði ekki heimilað honum að koma á starfsstöð þess, jafnvel þó hann væri að sinna erindum verkalýðsfélagsins. Árið 1999 höfðaði kærandi einkamál gegn forstjóra G, S.K., fyrir að hafa sagt á fundi fyrirtækisins að kærandi hefði haldið hlífiskildi yfir afbrotamönnum sem hefðu starfað í fyrirtækinu. S.K. var dæmdur fyrir meiðyrði og var sektaður um ca. 550 evrur.

Í júní 2002 var verkalýðsfélagið í viðræðum við fyrirtækið D sem stóð til að selja til G. Starfsmenn í fyrirtækinu D báðu verkalýðsfélagið um að mótmæla sölunni. Var mótmælt fyrir utan þinghúsið og veitti kærandi ýmsum fjölmiðlum viðtöl. Í viðtali við eitt blað kom m.a. fram að fyrirtækið G traðkaði á stjórnarskrár- og verkalýðsréttindum starfsfólks og að starfsmenn D ættu ekki að þurfa að starfa fyrir G þar sem þeir væru kallaðir afbrotamenn. Í kjölfarið eða 17. janúar 2003 höfðaði S.K. mál gegn kæranda. Dómstóll vísaði málinu frá þar sem S.K. væri ekki auðkenndur í greininni. S.K. kærði úrskurðinn. Áfrýjunardómstóll féllst á að S.K. væri auðkenndur í greininni. Kærandi var dæmdur hinn 24. nóvember 2004 fyrir meiðyrði gegn S.K. Var hann dæmdur til að leiðrétta ummæli sín. Þá var honum gert að greiða málskostnað S.K., um 300 evrur. Í dóminum kom fram að ummæli kæranda hefðu verið sett fram sem staðreyndir en ekki gildisdómar. Þó að fjöldi málaferla stæði yfir gegn fyrirtækinu gæti það ekki réttlætt ummælin. Dómstóllinn féllst ekki á að hlýða á vitnisburð til að staðreyna sannleiksgildi ummælanna. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu. Þar var tekið fram að ummæli kæranda væru gildisdómar byggðir á staðreyndarlegum grunni, en ummælin væru sett fram á ólögmætan hátt þar sem hann hefði tjáð skoðanir sínar á rættinn, móðgandi og óvæginn hátt. Kærandi áfrýjaði til hæstaréttar. Sú áfrýjun bar ekki árangur. Var tekið fram að ummæli hans hefðu verið rættin, móðgandi og óvæginn og hefði hann því brotið gegn S.K. jafnvel þó þau fælu að hluta í sér gildisdóm.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ríkið hefði brotið gegn 10. gr. sáttmálans með því að dæma hann fyrir meiðyrði.

Niðurstaða

Um 10. gr.: Óumdeilt var að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið skert. Takmörkunin hefði byggst á lögum sem stefndu að lögmætu markmiði. Álitafnið lyti að því hvort hún hefði verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði haldið því fram að S.K. hefði stöðugt brotið á stjórnarskrár- og verkalyðsréttindum og þá sérstaklega með því að kalla starfsmennina, þar á meðal kæranda sjálfan, afbrotamenn. Dómstóllinn taldi að ungverskir dómstólar hefðu litið á ummælin sem staðreyndir fremur en gildisdóma sem vörðuðu starf S.K. Hefðu ungverskir dómstólar talið að ummæli kæranda hefðu verið svo harkaleg og ýkjukennd að þau teldust hafa brotið á rétti S.K. óháð því hvort þau væru sönn eður ei. Dómstóllinn taldi að í málinu reyndi á tvenn ummæli sem væru samofin. Hin fyrri væru þau að fyrirtækið G traðkaði á mannréttindum starfsmanna sinna með ómannúðlegu framferði yfirmanna þess. Dómstóllinn taldi að ummælin væru gildisdómur sem varðaði G almennt séð. Seinni ummælin væru að fyrirtækið liti á kæranda og samstarfsmenn hans sem afbrotamenn. Dómstóllinn taldi að þessi ummæli væru í grunninn yfirlýsing um staðreyndir. Slík ummæli væri að einhverju leyti hægt að sanna. Í því ljósi taldi dómstóllinn eftirtektarvert að ungverskir dómstólar hefðu litið á ummæli kæranda sem harkaleg og móðgandi og ekki gefið honum færi á að færa sannanir fyrir sannleiksgildi þeirra. Í desember 2003 hefði S.K. verið sakfelldur fyrir ærumeiðingar með því að hafa haldið því fram að kærandi styddi afbrotamenn, ráðningu hans hefði verið lokið með ólögmætum hætti og enn fremur hefði hann átt í vandkvæðum með að koma á starfsstöð fyrirtækisins jafnvel þó hann væri að sinna erindum verkalyðsfélagsins. Þá var ekki deilt um að fleiri málaferli stóðu yfir gegn fyrirtækinu G. Dómstóllinn taldi því að ummæli kæranda væru vel ígrunduð eða a.m.k. sett fram í góðri trú, sem fullnægðu lágmarkskröfum sem gerðar væru til þeirra sem tækju þátt í opinberri umræðu. Dómstóllinn leit í þessu efni til þess fjölda starfsmanna sem málið varðaði og að deilan lyti að málefni sem snerti almenning þar sem lítið svigrúm væri til að takmarka tjáningarfrelsi. Af því leiddi að dómstólar hefðu átt að gefa honum færi á að færa sönnur á staðhæfingar sínar. Það væri andstætt þeirri hugmynd sem 10. gr. sáttmálans byggðist á að heimila takmarkanir aðeins vegna þess hvernig þær væru settar fram. Almennt séð ætti að vera hægt að setja fram sannar staðhæfingar og þá skipti ekki máli í hvaða tóni þær væru settar fram eða hvort þær hefðu neikvæðar afleiðingar fyrir þann sem ummælin beindust að.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Dómstóllinn féllst á að ásakanir kæranda væru alvarlegar en hins vegar hefðu þær átt sér nægjanlegan grundvöll í staðreyndum og voru settar fram í tengslum við verkalýðsdeilu sem varðaði almenning. Dómstóllinn tók fram að hann væri meðvitaður um að í málum af þessum toga væru menn oft óvægirnir í orðum. Dómstóllinn væri þó þeirrar skoðunar að málið varðaði lykilhagsmuni starfsmanna sem þörfuðust mikillar verndar samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn leit til þess að ummæli kæranda, sem var formaður verkalýðsfélags, hefðu verið sett fram með þeim hætti sem væri algengt á vettvangi verkalýðsdeilna. Dómstóllinn féllst því ekki á að kærandi hefði gengið lengra en honum var heimilt enda myndi önnur niðurstaða leiða til óeðlilegrar þrengingar á tjáningarfrelsi og ganga nærri skilvirkri starfsemi verkalýðsfélaga. Þó að viðurlögin hefðu verið tiltölulega mild næði það ekki til að réttlæta inngripid í tjáningarfrelsi kæranda.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Með vísan til 44. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 1.000 evrur í málskostnað.

Eerikäinen o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 10. febrúar 2009

Mál nr. 3514/02

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Sakamál. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærendur eru útgáfufyrirtækið Yhtyneet Kuvalehdet Oy, fyrrum yfirritstjóri þess, Matti Paloaro, sem er nú látinn en var fæddur árið 1942, og blaðamaður í lausamennsku, Pentti Eerikäinen, finnskur ríkisborgari, fæddur 1946 og búsettur í Kauvatsa. Eerikäinen skrifaði tímaritsgrein árið 1997 um ákæru sem gefin hafði verið út á hendur X sem var ákærð í fjölmörgum liðum fyrir skattsvik og fjársvik gagnvart almannatryggingastofnun og váttryggingafyrirtæki. Var greinin birt í tímaritinu Alibi undir heitinu: „Það virtist löglegt, en ... kvenkyns athafnakona sveik út lífeyri að upphæð meira en tvær milljónir marka?“ Í greininni var X ekki nafngreind. Skirnarnafn hennar birtist þó í efnisyfirliti tímaritsins. Þá fylgdi einnig útdráttur úr annarri grein sem fyrrum yfirritstjóri hafði skrifað átta árum áður um fasteignakaup hennar og þar voru tvær myndir af henni. X höfðaði einkarefsimál á hendur kærendum án árangurs. Höfðaði hún því næst einkamál á hendur kærendum. Taldi hún greinina vera meiðandi og myndir hefðu verið birtar án hennar samþykkis. Dómstóll leit til þess að hún hefði aðeins verið grunuð á þeim tíma sem greinin hefði birst en fyirsögnin og efnisyfirlitið gáfu til kynna að hún væri sek. Því hefði verið

um meiðyrði að ræða. Henni voru dæmdar 13.455 evrur í miskabætur og 4.634 evrur í skaðabætur sem og málskostnað. Kærendur áfrýjuðu til áfrýjunardómstóls í Helsinki sem ógilti niðurstöðu undirréttar með vísan til þess að það hefði komið skýrt fram í umfjölluninni að ekki væri búið að dæma í máli X. Til þess að komast að því hver hún væri hefði þurft að lesa í gegnum alla greinina en þá hefði jafnframt verið ljóst að ekki hefði enn verið dæmt í máli hennar. Hæstiréttur komst að svipaðri niðurstöðu og áfrýjunardómstóllinn að öðru leyti en því að kærendur voru taldir hafa brotið gegn friðhelgi einkalífs athafnakonunnar með því að tengja eldri greinina og myndirnar við nýrri greinina. Voru kærendur dæmdir til að greiða X 3.364 evrur í miskabætur. X var síðar sakfelld í undirrétti hinn 8. maí 2000 og sú niðurstaða staðfest af áfrýjunardómstól hinn 28. júní 2002.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin þar sem þeir voru dæmdir til greiðslu miskabóta fyrir að fjalla um réttarhöld sem snerust um málefni sem hefðu mikla þýðingu fyrir almannahagsmuni.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ekki væri ágreiningur með aðilum um að dómur um greiðslu bóta fæli í sér takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Hann taldi jafnframt að takmörkunin ætti sér stoð í lögum. Dómstóllinn áréttaði mikilvægi fjölmiðlafrelsis í lýðræðisþjóðfélagi en það væri hins vegar ekki takmarkalaust. Dómstóllinn tók fram að af þessum réttindum leiddi „skyldur og ábyrgð“, sbr. 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Þetta skipti máli, t.d. þegar litið væri til þess hvort grafið væri undan réttindum annarra. Þá skipti einnig máli þegar andstæðir hagsmunir væru vegnir að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans átti athafnakonan rétt til þess að teljast saklaus þar til sekt væri sönnuð. Fjölmiðlafrelsi væri háð því að blaðamenn ynnu í góðri trú og veittu nákvæmar og áreiðanlegar upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamanna. Þegar fjölmiðlar fjölluðu um réttarhöld án þess að ganga of langt væri slíkt í samræmi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um opinbera málsmeðferð. Opinber málsmeðferð þýddi þó ekki að fjölmiðlar væru leystir undan ábyrgð og skyldum sínum og hefðu frjálsar hendur til að fjalla um mál án þess að gæta varfærni um hvernig þeir kæmu upplýsingum á framfæri. Dómstóllinn leit til þágildandi siðareglna finnskra blaðamanna. Í þeim kom fram að aðeins væri heimilt að nafngreina eða auðkenna sakborning ef málið varðaði mikla almannahagsmuni.

Dómstóllinn leit til þess að blaðagreinin byggðist á staðreyndum, m.a. úr ákæru sem var opinbert skjal, og að fyrirsögnin hefði verið orðuð sem spurning. Þá dyldist engum sem læsi greinina að dómur væri ekki genginn í máli X. Greininni hefði hins vegar fylgt útdráttur og myndir úr eldri grein

10. gr. Tjáningarfrelsi

sem vörðuðu hvorki málið né neina almannahagsmuni. Hins vegar hefði X samþykkt birtingu þeirrar greinar. Með því að láta eldri greinina fylgja var X nafngreind og auðkennd. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans hlutverk, frekar en dómstóla innanlands, að geta um sínar skoðanir um hvernig væri best að háttá framsetningu fjölmiðlaefnis. Dómstóllinn tók fram að notkun eldri greinarinnar væri þrætueplið í þessu máli.

Dómstóllinn benti á að það væri heimilt að styðjast við einstakt mál til að fjalla um almennt málefni. Álitafnið væri hins vegar hvort kærendur hefðu gengið of langt þegar þeir nafngreindu X en hún taldist ekki áberandi í þjóðlífi eða stjórnmálamaður. Það að hún ræki tiltölulega lítið fatahreinsunarfyrirtæki og hefði verið viðfangsefni blaðagreinar átta árum fyrr leiddi ekki til þess að hún teldist hafa stigið inn í kastljósið. Nyti hún því ríkari réttar til friðhelgi einkalífs en slíkir aðilar. Það að hún væri ákærð í opinberu máli svipti hana ekki rétti hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi að efni greinarinnar frá árinu 1997 varðaði almenning þar sem hún fjallaði um misnotkun á opinberum sjóðum í miklum mæli. Dómstóllinn tók fram að ekki væri ljóst hvort Hæstiréttur hefði léð því eitthvert sérstakt vægi að greinin byggðist á upplýsingum úr ákæru sem væri opinbert gagn og skýrlega kæmi fram að hún hefði ekki verið sakfelld. Sama ætti við um vægi þess að birta mynd og nafn X. Dómstóllinn benti á að birting mynda teldist meira inngríp í friðhelgi einkalífs en nafnbirting ein sér og því þyrfti að gefa því sérstakan gaum. Ennfremur var ekki að sjá af dómi Hæstaréttar að lítið hefði verið sérstaklega til þess að myndirnar hefðu verið teknar með samþykki X og ætlaðar til birtingar þó í öðru samhengi væri. Dómstóllinn taldi því að þær forsendur sem var byggt á væru víðeigandi en ekki nægjanlegar til að réttlæta inngríp í tjáningarfrelsi kæranda. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin.

Kærendur voru þrír. Einum þeirra voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 9.179 evrur í skaðabætur. Hinum tveimur voru dæmdar 5.000 evrur hvorum í miskabætur. Þá voru kærendum dæmdar 9.800 evrur í málskostnað.

Marchenko gegn Úkraínu

Dómur frá 19. febrúar 2009

Mál nr. 4063/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsatvik

Kærandi, Mykhaylo Marchenko, er úkraínskur ríkisborgari, fædd 1946 og býr í Zubrytski. Hún er kennari og er formaður stéttarfélags kennara í

skólanum þar sem hún vinnur. Í kjölfar ásakana gegn skólastjóranum í skólanum um fjárhagslegt misferli með eignir skólans fór kærandi nokkrum sinnum fram á úttekt á meðferð sjóða skólans. Hélt kærandi því fram að skólastjórinn hefði misnotað mannúðarsjóð skólans, svo og notað bifreið, sjónvarp og myndbandsupptökutæki skólans í eigin þarfir. Skoðun ríkis-endurskoðanda á þessum atriðum leiddi ekki misnotkun í ljós. Í kjölfarið fór kærandi tvívegis fram á opinbera rannsókn. Báðum þeim beiðnum var vísað frá vegna skorts á sönnunargögnum. Í maí 1997 söfnuðust nokkrir fulltrúar úr stéttarfélagi kæranda saman fyrir utan skrifstofur sveitarstjórnar í viðkomandi bæ. Höfðu þau með sér borða með áletrunum um fjárhagslegt misferli skólastjórans. Skólastjórinn höfðaði mál gegn kæranda vegna meiðyrða og vann það mál.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin vegna sakfellingar hans í meiðyrðamálinu.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að þótt kærandi væri fulltrúi stéttarfélags bæri henni að virða réttindi annarra og þar á meðal regluna um að allir væru saklausir þar til sekt er sönnuð. Þar að auki hefði hún vissar trúnaðar- og hollustuskyldur gagnvart vinnuveitanda sínum. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði fyrst átt að koma ásökunum sínum á framfæri við yfirmenn skólastjórans eða viðeigandi yfirvöld áður en hún gerði þær opinberar. Þá hefði kærandi ekki reynt að neyta lagalegra úrræða til að vefengja endurskoðun á háttsemi skólastjórans og niðurstöðu saksóknara, sem hún taldi hafa verið ófullnægjandi. Þvert á móti hafði hún ásakað skólastjórans harkalega á opinberum vettvangi. Dómstóllinn taldi því að sakfelling kæranda væri réttlætanleg enda hefði hana skort viðunandi sönnun, ásakanir hennar gátu talist til ærumeiðinga og höfðu grafið undan rétti skólastjórans til að vera talinn saklaus þar til sekt sannaðist. Kærandi hafði hins vegar verið dæmd í ársfangelsi. Taldi dómstóllinn að þau viðurlög hefðu letjandi áhrif á umræðu um málefni er varða almenning. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 10. gr. sáttmálans hefði verið brotin að því leyti til.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 1.000 evrur í skaða- og miskabætur og 50 evrur málskostnað.

Times Newspapers Ltd. (nr. 1 og 2) gegn Bretlandi

Dómur frá 10. mars 2009

Mál nr. 3002/03 og 23676/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Meiðyrði. Rafræn skjalasöfn. Málshöfðunarfrestir. Ábyrgð á efni á Internetinu.

1. Málsatvik

Kærandi, Times Newspapers Ltd., er eigandi og útgefandi breska dagblaðsins The Times. Í september og október árið 1999 voru birtar í blaðinu tvær greinar um umsvifamikið peningabætti meints rússnesks mafíuforingja, GL, en fullt nafn hans var birt í fyrri greininni. Greinarnar voru birtar á vefsíðu blaðsins sama dag og þær birtust í prentaðri útgáfu þess.

Í desember árið 1999 höfðaði GL meiðyrðamál gegn kæranda, ritstjóra blaðsins og blaðamönnunum tveimur sem ritað höfðu greinarnar. Hinir stefndu neituðu því ekki að efnistöð greinanna væru ærumeiðandi. Þeir héldu því hins vegar fram að meint brot GL væru alvarleg og þess eðlis að þeim sem fjölmiðli bæri skylda til að birta upplýsingar um þau og að sama skapi væri það réttur almennings að fá upplýsingar um brotin.

Greinarnar voru áfram aðgengilegar á vefsíðu kæranda meðan meiðyrðamálið var til meðferðar fyrir dómstólum. Af þeim sökum höfðaði GL annað meiðyrðamál á hendur kæranda vegna áframhaldandi birtingar greinanna. Í kjölfarið bætti kærandi við þær tilkynningu um að meiðyrðamál hefði verið höfðað vegna þeirra og að ekki mætti prenta þær né styðjast við efni þeirra án heimildar lögfræðisviðs kæranda.

Í kjölfarið héldu stefndu því fram að birting fyrir greinarinnar á heimasíðunni gæti verið þess eðlis að hægt væri að höfða meiðyrðamál en að niðurhal af vefsíðunni væri hins vegar þess eðlis að meiðyrðamál kæmi ekki til greina. Þeir héldu því fram að seinni málshöfðun GL hefði átt sér stað eftir að málshöfðunarfrestir væru liðnir. Dómstóll tók ekki undir þessi rök og vísaði til þess að þegar um veraldarvefinn væri að ræða ætti veraldarvefsbirtingarreglan við. Sú regla væri réttarvenja og samkvæmt henni væri hver einstök birting meiðyrða sérstakt mál út af fyrir sig. Hvert birting gæfi því tilefni til hugsanlegra málaferla þegar meiðandi efni væri þannig með birtingu gert aðgengilegt á vefnum.

Stefndu áfrýjuðu málinu og byggðu á því að framangreind réttarvenja leiddi til þess að ábyrgð fjölmiðla á birtu efni á veraldarvefnum yrði óháð tímatakmörkunum og þar með óendanleg. Það gæti dregið úr vilja fjölmiðla til að bjóða upp á efni sitt í rafrænum skjalasöfnum á vefnum og þar með væri um að ræða takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra. Dómstóllinn féllst ekki á þessar kröfur og vísaði til þess að með birtingu rafrænna skjala í skjalasöfnum fjölmiðla á vefnum væru þeir aðeins að nýta tiltölulega lítinn

hluta tjáningarfrelsisins. Það gæti vart talist takmörkun að leggja þá skyldu á fjölmiðla að birta tilkynningu með greinum sínum þar sem lesendum væri gerð grein fyrir hugsanlegu meiðandi efni á vefsvæði þeirra.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að reglan um birtingu efnis á netinu bryti í bága við 10. gr. sáttmálans þar sem hún takmarkaði tjáningarfrelsi hans og leiddi til ábyrgðar án tímamarka á meintu meiðyrðandi efni sem birt væri í rafrænu formi á heimasíðu hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að rafræn skjalasöfn á veraldarvefnum gegndu mikilvægu hlutverki enda væri efni þeirra fræðandi og mikilvægt í sögulegu tilliti. Á fjölmiðlum hvíldi eigi að síður sú skylda að vinna starf sitt með ábyrgum hætti. Í því fælist meðal annars að þeir þyrftu að tryggja sannleiksgildi og nákvæmni sögulegs efnis sem þeir birtu. Að auki benti dómstóllinn á að markmiðið með málshöfðunarfrestum í meiðyrðamálum væri að tryggja að þeir sem teldu brotið á sér gætu gripið til varnar með raunhæfum hætti og að í meginstefnu væri það aðildarríkja að ákvarða lengd slíkra fresta.

Að mati dómstólsins var það mikilvægt að meiðyrðamálið gegn kæranda hefði hafist í desember árið 1999 en eigi að síður hefði fyrirvara ekki verið bætt við greinarnar á heimasíðu hans fyrr en ári síðar, eða í desember árið 2000. Dómstóllinn benti á að skjalasvæði kæranda á heimasíðunni væri stjórnað af honum sjálfum og að innlendir dómstólar hefðu þrátt fyrir allt ekki lagt til að greinarnar yrðu fjarlægðar þaðan. Skilyrðið um fyrirvara með greinum á heimasíðu var því að mati dómstólsins ekki talin óhófleg takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki þörf á að skoða sérstaklega hvort reglan um birtingu efnis á netinu takmarkaði tjáningarfrelsi fjölmiðla þar sem hún drægi úr vilja þeirra til að bjóða upp á efni sitt í rafrænum skjalasöfnum á vefnum. Hann benti hins vegar á að í málinu sem væri til skoðunar hefðu tvö meiðyrðamál vegna sömu greinar hafist innan 15 mánaða frá upphaflegri birtingu þeirra. Möguleiki kæranda á að verja sig með raunhæfum hætti var því ekki takmarkaður vegna langs tíma frá upphaflegri birtingu. Af þeim sökum hefði ekki reynt á þá ábyrgð án tímamarka sem kærandi hafði vísað til. Dómstóllinn lagði áherslu á að þeir sem teldu sig verða fyrir meiðandi ummælum yrðu að hafa raunhæfan möguleika á að vernda orðspor sitt. Meiðyrðamál gegn fjölmiðlum löngu eftir upphaflega birtingu gætu þó undir einhverjum kringumstæðum talist óhófleg takmörkun á tjáningarfrelsi þeirra sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Társaság a Szabadságjokokért gegen Ungverjalandi

Dómur frá 14. apríl 2009

Mál nr. 37374/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Aðgangur að upplýsingum. Umræða um almannahagsmuni.

1. Málsvik

Kærandi er ungversk mannréttindasamtök. Þau voru stofnuð árið 1994 og eru með skráð aðsetur í Búdapest. Um er að ræða frjáls félagasamtök sem hafa það að markmiði að stuðla að grundvallarréttindum almennings og að styrkja borgaralegt samfélag og réttarrikið í Ungverjalandi. Samtökin hafa beitt sér á sviði stefnumótunar í fíkniefnamálum.

Í mars árið 2004 óskaði þingmaður eftir því að stjórnlagadómstóll Ungverjalands tæki til skoðunar hvort nýsamþykktar breytingar á hegningarlögum samræmdust stjórnarskrá landsins. Breytingarnar sem um ræddi vörðuðu fíkniefnabrot. Í kjölfarið óskaði kærandi eftir því að fá aðgang að gögnum málsins fyrir dómstólnum með vísan til löggjafar þar að lútandi sem tryggði aðgengi að upplýsingum um almannahagsmuni. Honum var hins vegar synjað af dómstólnum. Þess ber að geta að ekki var óskað eftir afstöðu beiðandans í málinu, þ.e. þingmannsins, um aðgang samtakanna að upplýsingunum sem um ræddi. Í nóvember árið 2004 leitaði kærandi til dómstóls í Búdapest og krafðist þess að samtökunum yrði veitt aðild að gögnum málsins hjá stjórnlagadómstólnum. Í desember sama ár komst stjórnlagadómstóllinn að niðurstöðu um það hvort fyrrgreindar hegningarlagabreytingar samrýmdust stjórnarskrá og í ákvörðun hans um efnið, sem var birt opinberlega, var birtur útdráttur úr kvörtun þingmannsins.

Í janúar árið 2005, eftir að niðurstaða stjórnlagadómstólsins hafði verið birt, hafnaði dómstóll í Búdapest kröfum kæranda um aðgang að gögnum. Í rökstuðning dómsins var vísað til þess að í meginatriðum varðaði kvörtun kæranda ekki aðgang að upplýsingum sem slíkum og því væri ekki hægt að halda því fram að réttur hans væri takmarkaður með ólögumætum hætti. Kærandi áfrýjaði niðurstöðunni og krafðist aðgangs að beiðni þingmannsins um skoðun málsins, þó þannig að persónulegum upplýsingum um hann sem í henni kynnu að vera, yrði eytt. Í maí árið 2005 staðfesti áfrýjunardómstóll niðurstöðu lægra dómstigs. Hann taldi að kvörtunin varðaði að vissu leyti upplýsingar um þingmanninn sem væru persónulegs eðlis og því væri ekki hægt að heimila aðgang kæranda að þeim án heimildar frá þingmanninum. Slíkum einkahagsmunum væri ekki hægt að víkja frá með vísan til annarra lögmætra hagsmuna, þar með talið réttarins til að fá aðgang að upplýsingum um almannahagsmuni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að synjun stjórnlagadómstólsins bryti í bága við tjáningarfrelsi hans þar sem réttur hans til aðgangs að gögnum með upplýsingum sem vörðuðu almannahagsmuni væri takmarkaður með ólögmætum hætti. Með því væri brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að 10. gr. sáttmálans tryggði fjölmiðlum og öðrum réttinn til að hefja upplýsta umræðu og að dómstóllinn hefði ítrekað bent á að óháðum samtökum væri tryggður þessi réttur til jafns við fjölmiðla. Kærandi léti sig borgaraleg réttindi varða og hefði því sem slíkur sambærilegu hlutverki að gegna og fjölmiðlar sem verndari almennings (e. *social watchdog*). Dómstóllinn benti jafnframt á að málið varðaði stjórnskipulegt gildi hegningarlöggjafar sem varðaði almannahagsmuni. Kærandi hefði óskað upplýsinga um mál þingmannsins í þeim tilgangi að hvetja til upplýstrar umræðu um lagabreytingarnar sem um ræddi og kröfur og afstöðu þingmannsins. Synjun stjórnlagadómstólsins á aðgengi að gögnum þess væri því takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda. Hún væri réttlætt með löggjöf sem hefði lögmætt markmið, þ.e. að vernda persónuleg réttindi þeirra sem tilgreindir væru í upplýsingunum sem um ræddi.

Dómstóllinn benti á að með nýlegum dómum sínum hefði hann viðurkennt rýmri rétt til aðgengis að upplýsingum í vörslum stjórnvalda. Hér væri það skylda stjórnvalda að tryggja að upplýsingum væri komið á framfæri þegar heimildir til slíks væru til staðar sem og að tryggja það að slíkt upplýsingaflæði væri ekki takmarkað. Í málinu sem hér um ræddi skipti það miklu máli að upplýsingarnar sem kærandi óskaði eftir voru til í gögnum í vörslum stjórnvalda og því þurftu þau ekki að grípa til þess að safna þeim sérstaklega saman. Því var það mat dómstólsins að á ungverskum stjórnvöldum hvíldi sú skylda að takmarka ekki aðgang kæranda að upplýsingunum sem hann óskaði eftir.

Dómstóllinn benti auk þess á að kærandi hefði á síðari stigum verið reiðubúinn að taka við umbeðnum upplýsingum þannig að úr þeim yrðu máðar allar persónulegar upplýsingar sem í þeim væri að finna. Dómstóllinn taldi ósennilegt að persónulegar upplýsingar um þingmanninn kynnu að vera þess eðlis að réttlætt gætu synjun á afhendingu gagnanna sem um ræddi. Hann hafði sjálfur upplýst fjölmiðla um málið og sem slík væri skoðun hans á málinu, sem þó varðaði almannahagsmuni, persónulegs eðlis. Dómstóllinn taldi það hins vegar vera hættulegt fyrir tjáningarfrelsið á sviði stjórn mála ef opinberar persónur gætu í raun ritskoðað fjölmiðla og almenna samfélagslega umræðu með vísan til persónulegra réttinda þeirra. Þannig gætu umræddir einstaklingar haldið því fram að skoðanir þeirra á málum um almannahagsmuni væru persónulegar og þar með persónuupp-

10. gr. Tjáningarfrelsi

lýsingar sem ekki væri heimilt að afhenda án samþykkis þeirra hverju sinni. Dómstóllinn var ekki tilbúinn til að fallast á að þetta réttlætti takmörkun á rétti kæranda til aðgengis að upplýsingum í málinu sem hér um ræddi. Að mati dómstólsins væru allar takmarkanir á aðgangi að gögnum með upplýsingum um almannahagsmuni til þess fallnar að draga úr vilja fjölmiðla og annarra til að sækjast eftir slíkum upplýsingum. Þannig væri komið í veg fyrir að þeir gætu sinnt hlutverki sínu sem verðir almennings (e. *public watchdog*). Þá væri einnig dregið úr möguleikum þeirra á að tryggja almenningi nákvæmar og traustar upplýsingar. Það var því einróma mat dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 3.000 evrur í málskostnað.

Egeland og Hanseid gegn Noregi

Dómur frá 16. apríl 2009

Mál nr. 34438/04

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Myndbirting af dómfellda á leið úr dómsal.

1. Málsatvik

Kærendur eru tveir norskir ríkisborgarar, John Olav Egeland, fæddur árið 1951, og Einar Hanseid, fæddur árið 1943. Báðir eru þeir búsettir í Noregi; John í Bekkestua og Einar í Osló. Á þeim tíma sem um ræðir voru þeir ritstjórar tveggja norskra dagblaða. John var ritstjóri Dagbladet og Einar ritstjóri Aftenposten.

Kærufnið lýtur að því að þeir voru sakfelldir og sektaðir fyrir óleyfilega myndbirtingu. Myndin var af B, konu sem var að yfirgefa dómhús í kjölfar þess að hún var dæmd til 21 árs fangelsisvistar fyrir þrjú manndráp í hinu svokallaða Orderud-máli. Í kjölfar dómsuppsögu þann 22. júní árið 2001 var hún handtekin og færð í ómerkta lögreglubifreið. Fjölmiðlar höfðu fjallað ítarlega um málið á öllum stigum þess og myndirnar sem birtar voru, voru af B á leið út úr dómhúsinu og inni í lögreglubifreiðinni. Á þeim var hún grátandi og augljóslega í miklu uppnámi.

Verjandi hennar hafði reynt að koma í veg fyrir myndatökuna enda hafði hún ekki heimilað hana. B höfðaði í kjölfarið mál á hendur kærendum á grundvelli lagaákvæðis sem bannar ljósmyndun sakborninga og sakfelldra einstaklinga á leið inn eða út úr dómsal þegar ekki liggur fyrir samþykki þeirra. Kærendur voru sýknaðir í undirréttri en sakfelldir af hæstaréttri þar sem þeir voru dæmdir til greiðslu sektar að andvirði 1.140 evrur hvor. Niðurstaðan byggðist einkum á meginreglunni um friðhelgi einkalífs og reglunni um sanngjarna málsmeðferð. Hæstiréttur tók einnig fram að engin rök væru fyrir því að dómsniðurstaðan og handtaka B strax í kjölfarið hefði

10. gr. Tjáningarfrelsi

veitt fjölmiðlum rétt til að taka myndir af henni. Að sama skapi væri ekki hægt að færa rök fyrir því að þessi dómsniðurstaða og handtakan veitti almenningi rétt til að sjá myndir af henni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að sakfelling vegna myndbirtingarinnar bryti í bága við tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi ekki háð neinum vafa að dómurinn í máli B hefði að ákveðnu leyti varðað almannahagsmuni. Af tjáningarfrelsinu samkvæmt 10. gr. sáttmálans leiði hins vegar ákveðnar skyldur og ábyrgð og því er heimilt að binda það ákveðnum formreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. Samkvæmt því væri tjáningarfrelsið í tilvikum kæranda háð því að þeir gættu að mannorði eða réttindum annarra sem og að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.

Dómstóllinn benti á að myndirnar vörðuðu viðburð á opinberum vettvangi sem átt hefði sér stað á almannafæri á sama tíma og almennt væri vitað hver B væri. Með myndbirtingunni hefði hins vegar verið vegið sérstaklega að henni. Vissulega hefði hún verið handtekin í dómhúsinu strax eftir dómsuppsögu þar sem hún hafði verið dæmd til þingstu refsingar sem til væri í norskum rétti. Eigi að síður mátti ætla að hún væri í tilfinningalegu uppnámi og verulega viðkvæm fyrir utanaðkomandi áreiti. Einnig varð að líta til þess að hún hafði hvorki heimilað myndatökuna né myndbirtinguna í kjölfarið. Tilvísun til þess að hún hefði veitt fjölmiðlum aðgengi að sér í nokkur skipti fyrir dómsuppsöguna svipti hana ekki réttinum til að leggjast gegn myndatöku og myndbirtingu í því tilvikum sem hér um ræddi.

Dómstóllinn tók undir með hæstarétti Noregs um að meginreglan um friðhelgi einkalífs og meginreglan um sanngjarna málsmeðferð réttlættu það að tjáningarfrelsi kæranda væri takmarkað með framangreindum hætti. Hagsmunir B af því að myndirnar birtust ekki væru þar að auki mikilvægari en hagsmunir fjölmiðla, þ.e. mikilvægari en réttur þeirra til að birta myndir um málefni sem vörðuðu almannahagsmuni. Dómstóllinn vísaði til þess að sektirnar sem lagðar voru á kærandur hefðu ekki verið sérstaklega háar og komst að þeirri einróma niðurstöðu að ekki hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Kenedi gegn Ungverjalandi

Dómur frá 26. maí 2009

Mál nr. 31475/05

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Aðgangur að gögnum hjá hinu opinbera. Málshraði.

1. Málsatvik

Kærandi, János Kenedi, er ungverskur ríkisborgari, fæddur árið 1947 og búsettur í Búdapest. Hann er sagnfræðingur og sérhæfir sig m.a. í sögu einræðisherra og starfsemi leyniþjónustu þeirra. Í september 1998 óskaði kærandi eftir leyfi innanríkisráðuneytis Ungverjalandss til að fá aðgang að ákveðnum skjölum í vörslum þess, í þeim tilgangi að ljúka við rannsókn sína á starfsemi ungversku leyniþjónustunnar á 7. áratug síðustu aldar. Í nóvember 1998 hafnaði ráðuneytið þeirri beiðni en í janúar 1999 úrskurðaði dómstóll kæranda í vil. Í nóvember 1999 féllst ráðuneytið á að veita honum aðgang, að því skilyrði uppfylltu að hann myndi ekki upplýsa um hvað kæmi fram í skjölunum. Kærandi féllst ekki á það og krafðist þess að dómsúrskurðinum yrði framfylgt. Í desember 2003 voru öll skjölin, utan eins, færð á Þjóðskjalasafnið og urðu því opin fyrir aðgangi almennings. Þegar kærandi lagði fram kærú sína til Mannréttindadómstóls Evrópu hafði hann enn ekki fengið ótakmarkaðan aðgang að því skjali, sem ekki var flutt á safnið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma, tjáningarfrelsi hans og rétti til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr., 10. gr. og 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr. Dómstóllinn tók fram að málsmeðferðin hefði tekið 10 og hálft ár og væri enn ekki lokið í skilningi ákvæðisins. Með vísan til dómaframkvæmdar taldi dómstóllinn að lengd málsmeðferðar hefði verið úr hófi fram og að skilyrði 1. mgr. 6. gr. um að kveðið skyldi á um réttindi manns innan hæfilegs tíma, hefði ekki verið uppfyllt. Því hafi verið brotið á réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 10. gr. Dómstóllinn tók fram að ítrekað hefði verið fallist á kröfu kæranda um að honum yrði veittur aðgangur að umræddum skjölum og

10. gr. Tjáningarfrelsi

hafði kærandi undir höndum dómsúrskurð þess efnis. Yfirvöld hefðu þó ítrekað litið framhjá þeirri skyldu sinni og þannig komið í veg fyrir að kærandi gæti nýtt sér skjölin til að ljúka við rannsókn sína. Hefðu því yfirvöld brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að beita valdi að geðþótta og í andstöðu við landslög. Með slíkri misbeitingu valds síns taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu komið í veg fyrir að kærandi gæti nýtt sér rétt sinn til tjáningarfrelsis og því brotið gegn ákvæði 10. gr. sáttmálans.

Um 13. gr. Dómstóllinn taldi með vísan til þess að yfirvöld hefðu ítrekað staðið í vegi fyrir að kærandi fengið notið réttinda sinna samkvæmt sáttmálanum, hefðu þau úrræði sem honum stóðu til boða til tryggingar þeim ekki uppfyllt skilyrði 13. gr. sáttmálans. Hefði ríkið því jafnframt brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 13. gr.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 6.000 evrur í miskabætur og 7.000 evrur í málskostnað.

Standard Verlags GmbH gegn Austurríki (nr. 2)

Dómur frá 4. júní 2009

Mál nr. 21277/05

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmíðlar. Opinberar persónur. Meiðyrði.

1. Málsatvik

Kærandi er hlutafélag í Vínarborg og er það eigandi dagblaðsins *Der Standard*.

Þann 14. maí 2004 birtist grein í *Der Standard*, þar sem fjallað var um orðróm þess efnis að hjónaband forseta Austurríkis og eiginkonu hans stæði á brauðfótum, m.a. vegna náninna samskipta hennar við annan mann. Greinin birtist einnig á netsíðu dagblaðsins. Voru þeim dæmdar skaðabætur, þar sem talið var að dagblaðið hefði með umfjöllun sinni brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra, en samkvæmt landslögum var bannað að fjalla um slúður um einkalíf opinberra persóna ef það væri gefið í skyn að fótur væri fyrir sögusögnunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með ákvörðun dómstólsins hefði ríkið brotið gegn tjáningarfrelsi hans, sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Niðurstæða

Dómstóllinn tók fram að takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið samkvæmt lögum og með henni væri stefnt að lögmætu markmiði. Þyrfti því að skera úr um hvort hún hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi. Dómstóllinn vísaði til þeirra grundvallarviðmiða sem mótast hefðu í framkvæmd hans við mat á því hvenær takmörkun teldist nauðsynleg samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Til staðar yrði að vera knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn og að svigrúm ríkja til mats á nauðsyn takmörkunar sætti endurskoðun dómstólsins.

Dómstóllinn tók fram að í greininni væri fjallað um orðróm um einka- og fjölskyldulíf hinna umræddu einstaklinga. Í slíkum málum, þar sem vegast á sjónarmið um vernd einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar, hefði dómstóllinn lagt áherslu á hvort myndir eða greinar í fjölmiðlum væru framlag til opinberrar umræðu og hvort einstaklingurinn gegni opinberu hlutverki.

Dómstóllinn vísaði til framkvæmdar sinnar um þann grundvallarmun sem sé á því annars vegar að greina frá staðreyndum, jafnvel þó þær séu umdeildar, sem eru til þess fallnar að vera innlegg í opinbera umræðu um stjórnámálamenn og beitingu valds þeirra og þess hins vegar að ljósra upp um atriði í einkalífi einstaklings, sem hefur engu opinberu hlutverki að gegna. Dómstóllinn hefur fallist á að í sérstökum tilvikum geti réttur almennings til að móttaka upplýsingar náð til einkalífs opinberra einstaklinga, sér í lagi þegar um stjórnámálamenn er að ræða. Þrátt fyrir það verða allir að geta notið lögmætra væntinga sinna um verndun og virðingu fyrir einkalífi sínu, enda þótt þeir teljist til opinberra persóna.

Þar sem innlendir dómstólar hefðu í niðurstöðu sinni litið til þess að samkvæmt landslögum var bannað að fjalla um einkalíf einstaklinga, ef það hefði engin tengsl við opinbert líf þeirra, taldi dómstóllinn að viðeigandi og nægjanlegar ástæður hefðu legið til grundvallar skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda. Tekið hefði verið til greina að umfjöllunin hefði snúist um opinberar persónur en hún hefði ekki verið innlegg í opinbera umræðu. Skilið hefði verið á milli þess að fjalla um heilsu stjórnámálamanns, sem hefði getað haft áhrif á getu hans til að sinna störfum sínum, og tilgangslauss orðróms um hjúskaparstöðu hans. Dómstóllinn taldi að slíkt gæti ekki verið þáttur í hlutverki fjölmiðla sem verðir almennings, heldur hefði eini tilgangur þess verið að svala forvitni ákveðins lesendahóps.

Taldi dómstóllinn því að ríkið hefði ekki farið fram úr svigrúmi sínu til mats á því hvort nauðsynlegt væri að skerða tjáningarfrelsi kæranda. Jafnframt taldi dómstóllinn að ákvörðun dómstóla um að kæranda bæri að greiða skaðabætur til einstaklinganna og birta dóminn, hefði ekki verið úr hófi fram til að ná hinu lögmæta markmiði sem að var stefnt með takmörkuninni. Hefði því takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda verið nauðsynleg í

10. gr. Tjáningarfrelsi

lýðræðislegu þjóðfélagi til að vernda orðspor og réttindi annarra samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða dómstólsins var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

Tveir dómarmar skiluðu séráliti.

Sorguc gegn Tyrklandi

Dómur frá 23. júní 2009

Mál nr. 17089/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðingar. Gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærandi, Dogan Sorguc, er fæddur árið 1930 og búsettur í Ístanbul. Hann er prófessor í byggingarverkfræði við Tækniháskóla Ístanbul. Árið 1997 dreifði hann á ráðstefnu grein sinni, þar sem fram kom gagnrýni á ráðningarferli aðstoðarprófessora við háskólann. Þann 12. desember 2001 var kærandi dæmdur til greiðslu skaðabóta til handa aðstoðarprófessor, sem höfðað hafði mál á hendur honum og taldi ummæli í greininni vera ærumeiðandi, þrátt fyrir að nafn hans kæmi þar ekki fram. Áfrýjun kæranda náði ekki fram að ganga fyrir dómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun dómstóla um að ummæli hans væru ærumeiðandi, hefði brotið gegn tjáningarfrelsi hans sem verndað væri af 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Við mat á því hvort takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda hefði verið nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi, tók dómstóllinn fram að íhlutunin yrði að stafa af knýjandi þjóðfélagslegri nauðsyn. Þrátt fyrir vissu svigrúm aðildarríkja til mats á hvort slík nauðsyn væri til staðar, væri dómstóllinn bær til að meta hvort takmörkunin væri í samræmi við 10. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að greina yrði á milli gildisdóma og fullyrðinga um staðreyndir, en þar sem ekki væri hægt að sanna gildisdóma bryti krafa um slíkt gegn hugsanafrelsi, sem væri mikilvægur hluti tjáningarfrelsisins.

Dómstóllinn taldi ummæli kæranda vera byggð á persónulegri reynslu hans af ráðningarferli innan háskólans og hefði því verið unnt að staðreyna réttmæti fullyrðinga hans. Það hefðu dómstólar hins vegar ekki veitt kæranda færi á að gera. Dómstóllinn tók fram að orðspori ónafngreinds manns hefði í þessu tilviki verið veitt meiri réttarvernd en tjáningarfrelsi

10. gr. Tjáningarfrelsi

kæranda, sem væri stjórnarskrárvarinn réttur hans. Lagði dómstóllinn áherslu á mikilvægi frelsis fræðimanna til að tjá hindranalaust skoðanir sínar og koma á framfæri upplýsingum, m.a. um þær stofnanir sem þeir ynnu við. Var því niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði ekki sýnt fram á að nægileg knýjandi þjóðfélagsleg nauðsyn hefði verið til staðar til að skerða tjáningarfrelsi kæranda, sérstaklega með hliðsjón af því að ummælin virtust ekki hafa skaðað feril eða einkalíf aðstoðarprófessorsins.

Dómstóllinn tók jafnframt fram að fjárhæð bóta yrði að vera í hlutfalli við þann miska, sem hlytist af ummælunum. Þær bætur, sem kærandi var dæmdur til að greiða, hefðu ekki verið í samræmi við tekjur og aflahæfi fræðimanna almennt séð.

Ríkið hefði því ekki sýnt fram á nægjanlegan og viðeigandi grundvöll fyrir skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda í umrætt sinn, heldur hefði takmörkunin verið úr hófi fram. Var því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdi dómstóllinn kæranda 3.500 evrur í miskabætur og 50 evrur í málskostnað.

Verein Gegen Tierfabriken Schweiz (VgT) gegn Sviss (nr. 2) - Yfirdeild **Dómur frá 30. júní 2009**

Mál nr. 32772/02

10. gr. Tjáningarfrelsi

Bann við birtingu auglýsingar.

1. Málsatvik

Kærandi er dýraverndunarsamtök sem skráð eru í Sviss. Þau berjast meðal annars gegn tilraunum á dýrum og slæmum aðbúnaði sláturdýra. Sem andsvar við auglýsingum kjötframleiðanda gerði kærandi sjónvarps-auglýsingu sem sýndi svín í litlum stíum og var aðbúnaði dýranna líkt við það sem tíðkaðist í útrýmingarþúðum. Með henni var fólkt hvatt til að draga úr kjötneyslu vegna heilsu sinnar, velferðar dýranna og umhverfisins. Kæranda var neitað um að birta auglýsinguna í sjónvarpi. Hann bar ákvörðunina undir dómstóla en án árangurs. Þá niðurstöðu kærði kærandi til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem taldi í dómi frá 28. júní 2001 að með því að neita að birta auglýsinguna hefðu svissnesk stjórnvöld brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Á grundvelli þessarar niðurstöðu fór kærandi fram á það, fyrir svissneskum dómstólum, að leyft yrði að sýna auglýsinguna. Hæstiréttur Sviss hafnaði kröfu kæranda um endurskoðun fyrri úrlausnar, m.a. á þeim forsendum að kærandi hefði ekki sýnt fram á að hann ætti enn hagsmuna að gæta, en átta ár voru liðin frá því að upphaflega stóð til að sýna auglýsinguna. Auk þess væri kröfugerð í málinu ekki nægjanlega skýr.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Kærandi lagði málið þá að nýju fyrir Mannréttindadómstólinn, sem leit svo á að um nýtt mál væri að ræða, þar sem höfnun svissneska dómstólsins á að endurskoða fyrri ákvörðun sína gæti falið í sér nýtt brot á rétti kæranda samkvæmt 10. gr.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með áframhaldandi banni á sýningu auglýsingarinnar væri brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Deildin komst að þeirri niðurstöðu í dómi frá 4. október 2007 að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans með áframhaldandi banni á sýningu auglýsingarinnar. (Sjá reifun dómsins í *Dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu*, 2. hefti 2007.)

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn lagði áherslu á að tjáningarfrelsi væri ein forsenda skilvirks lýðræðis og að í raunverulegri og virkri vernd réttindanna fælist ekki einungis að ríki héldu að sér höndum, heldur einnig jákvæð skylda ríkis til athafna. Í ljósi mikilvægis þess við framfylgd réttinda samkvæmt sáttmálanum, að dómum dómstólsins væri fylgt eftir með virkum hætti, hefði ríkinu verið skylt að fylgja eftir niðurstöðu dómstólsins frá 2001 í góðri trú. Endurupptaka málsins fyrir dómstólum hefði verið stór þáttur í að framfylgja dóminum, en væri ekki niðurstaða í sjálfu sér. Í ljósi þess að ekki hefðu komið fram nýjar ástæður, sem réttlætt gætu áframhaldandi bann við sýningu auglýsingarinnar í skilningi 10. gr., hefði yfirvöldum verið skylt að heimila sýningu auglýsingarinnar, án þess að meta fyrir hönd kæranda hvort hún ætti ennþá erindi við almenning. Niðurstaða dómstólsins var því sú að ríkið hefði á ný brotið á rétti kæranda samkvæmt 10. gr.

Kæranda voru dæmdar 4.000 evrur í málskostnað.

Sex dómarar skiluðu séráliti.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Iordachi o.fl. gegn Moldavíu
Dómur frá 10. febrúar 2009
Mál nr. 25198/02
Sjá reifun dómsins undir 8. gr.
Símhleranir.

A o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild
Dómur frá 19. febrúar 2009
Mál nr. 3455/05
Sjá reifun dómsins undir 5. gr.
*Grunaðir hryðjuverkamenn. Útlendingar. Skerðing réttinda á hættutímum.
Frelsisvipting. Endurskoðun frelsissviptingar. Aðgangur að gögnum.*

Kenedi gegn Ungverjalandi
Dómur frá 26. maí 2009
Mál nr. 31475/05
Sjá reifun dómsins undir 10. gr.
Aðgangur að gögnum hjá hinu opinbera. Málshraði.

14. gr. Bann við mismunun

Brauer gegn Þýskalandi

Dómur frá 28. maí 2009

Mál nr. 3545/04

8. gr. Réttur til friðhelgis einkalífs og fjölskyldu

14. gr. Bann við mismunun

Erfðaréttur. Börn fædd utan hjónabands.

1. Málsatvik

Kærandi, Brigitte Brauer, er þýskur ríkisborgari, fædd árið 1948 og býr í Lennestadt í Þýskalandi. Kærandi fæddist utan hjónabands og gekkst faðir hennar við henni. Þau höfðu reglulegt samband þrátt fyrir að hún væri búsett í Austur-Þýskalandi og hann í Vestur-Þýskalandi. Faðir hennar var ókvæntur og átti enga aðra afkomendur, en átti nokkra fjarskylda ættingja. Við lát föður hennar krafðist kærandi viðurkenningar á erfðarétti sínum fyrir dómstólum. Kröfu hennar var hafnað, þar sem hún hefði fæðst fyrir 1. júlí 1949 og væri því samkvæmt landsrétti ekki lögbundinn erfingi föður síns. Þar sem faðir hennar hafði verið búsettur í Vestur-Þýskalandi við sameiningu Þýskalands, gat kærandi ekki borið fyrir sig lög Austur-Þýskalands, sem mæltu fyrir um jafnan erfðarétt skilgetinna og óskilgetinna barna. Í nóvember 2003 hafnaði stjórnlagadómstóll kröfu kæranda þar sem reglur um erfðaréttindi barna, sem fædd væru utan hjónabands fyrir 1. júlí 1949, hefðu áður verið taldar í samræmi við stjórnarskrá. Sú dagsetning, sem miðað var við, hélt enn gildi sínu þrátt fyrir að börn sem væru fædd utan hjónabands í Austur-Þýskalandi hefðu sömu réttindi og þau sem fæðst hefðu innan hjónabands.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi bar fyrir sig að brotið hefði verið á réttindum hennar samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans, þar sem hún hefði ekki fengið að njóta erfðaréttar eftir lát föður síns.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að óumdeilt væri að tiltekin lagaákvæði landsréttar í Þýskalandi hefðu skapað þá aðstöðu að með barn sem fætt væri utan hjónabands fyrir viðmiðunardagsetninguna, 1. júlí 1949, væri farið á annan hátt, ekki aðeins miðað við börn sem fædd voru í hjónabandi heldur einnig miðað við börn sem fædd voru utan hjónabands fyrir viðmiðunardagsetninguna og ættu föður sem búið hafði í Austur-Þýskalandi fyrir sameiningu þýsku ríkjanna. Dómstóllinn taldi slíka mismunun ekki vera réttlætanlega

14. gr. Bann við mismunun

nú, þar sem þýskt samfélag hefði þróast töluvert síðan lögin voru sett og börn fædd innan og utan hjónabands nytu nú sömu réttarstöðu. Jafnframt væri nú auðveldara að færa sönnur á faðerni barna en á þeim tíma, er lögin voru sett. Faðir kæranda hefði einnig lýst því yfir að hann væri faðir hennar og haft við hana reglulegt samband þrátt fyrir erfiðar aðstæður fyrir sameiningu Þýskalands. Eftir sameiningu Þýskalands hefði landsrétti verið breytt á þann veg að börn, sem fædd væru utan hjónabands og ættu föður, sem búsettur væri í Vestur-Þýskalandi, ættu nú aukinn rétt. Sú breyting hefði þó aðeins aukið á mismunun einstaklinga, sem voru í sömu stöðu og kærandi. Kærandi hefði jafnframt verið svipt erfðarétti sínum bótalaust.

Dómstóllinn taldi slíka mismunun ekki réttlætanlega nú á tímum, sérstaklega þar sem hindrun kæranda á að njóta lögbundins erfðaréttar síns hefði komið harðar niður á henni en öðrum einstaklingum, sem kært hefðu svipuð brot fyrir dómstólnum. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið á rétti kæranda samkvæmt 14. gr., sbr. 8. gr. sáttmálans.

15. gr. Skerðing réttinda á hættutímum

A o.fl. gegn Bretlandi - Yfirdeild

Dómur frá 19. febrúar 2009

Mál nr. 3455/05

Sjá reifun dómsins undir 5. gr.

Grunaðir hryðjuverkamenn. Útlendingar. Skerðing réttinda á hættutímum.

Frelssissvipting. Endurskoðun frelssissviptingar. Aðgangur að gögnum.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Lenskaya gegn Rússlandi
Dómur frá 29. janúar 2009
Mál nr. 28730/03
Sjá reifun dómsins undir 6. gr.
Endurupptaka dóma.

Kozacioglu gegn Tyrklandi - Yfirdeild
Dómur frá 19. febrúar 2009
Mál nr. 2334/03
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar
Menningarleg verðmæti. Eignarnámsbætur.

1. Málsatvik

Kærandi, Ibrahim Kozacioglu, var tyrkneskur ríkisborgari. Hann lést árið 2005. Erfingjar hans ákváðu að halda áfram að reka kærúmal hans fyrir Mannréttindadómstólnum.

Í apríl árið 2000 var bygging kæranda tekin eignarnámi af tyrkneska menningarmálaráðuneytinu þar sem hún hafði verið flokkuð sem „menningarlegt verðmæti“. Kæranda voru greiddar tæpar 65.326 evrur fyrir bygginguna. Í október sama ár óskaði kærandi eftir því að bætur til hans væru endurmetnar af sérfræðingum og tekið væri tillit til sagnfræðilegs gildis eignarinnar. Studdi hann kröfur sína þeim rökum að byggingarinnar væri getið á lista Evrópuráðsins yfir menningarleg og náttúrleg verðmæti. Fór kærandi fram á 1.728.750 evrur til viðbótar því sem hann hafði áður fengið. Tvær nefndir sérfræðinga komust í kjölfarið að þeirri niðurstöðu að eignin skyldi metin 100% herra en upphaflega hafði verið gert. Hinn 15. júní 2001 féllst undirréttur á hluta af kröfu kæranda. Hinn 19. nóvember s.á. sneri áfrýjunardómstóll þeirri niðurstöðu við á þeim grundvelli að samkvæmt tyrkneskum lögum um menningar- og náttúrulega arfleifð gætu eiginleikar eins og fágæti og hönnunarleg og söguleg einkenni ekki komið til skoðunar við mat á virði viðkomandi eignar. Máli kæranda fyrir innlendum dómstólum lauk á þann hátt að kæranda voru dæmdar ca. 45.980 evrur í bætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að aðallega hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Ennfremur taldi hann að brotið hefði verið gegn 6. gr. sáttmálans

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

m.a. vegna þess réttarhöldin í heimaríkinu hefðu verið ósanngjörn og að því hefði verið hafnað að fá listsagnfræðing til að meta menningarleg og söguleg einkenni eignarinnar.

Niðurstaða

Um 1. gr. 1. viðauka: Óumdeilt var að gripið hefði verið inn í friðhelgi eignarréttar kæranda; það inngríp ætti sér stoð í lögum og stefndi að lögmætu markmiði. Dómstóllinn rifjaði upp að þegar eignarnám byggði á lögum leiddi skortur á að fullar bætur væru greiddar, einn og sér, ekki til þess að 1. gr. 1. viðauka hefði verið brotin svo lengi sem eignarnámsþoli bæri ekki óhóflega byrði. Þegar eign væri tekin án greiðslu sanngjarnra bóta miðað við verðgildi eignar væri sú byrði óhófleg. Ákvæði 1. gr. 1. viðauka tryggði hins vegar ekki fullar bætur í öllum tilvikum. Lögmæt markmið sem vörðuðu „almannahagsmuni“ gætu leitt til þess að bæturnar væru lægri en markaðsvirði. Dómstóllinn taldi að vernd sögu- og menningarlegrar arfleifðar væri markmið sem gæti haft slíkt í för með sér.

Í þessu máli hefðu tyrknesk yfirvöld hins vegar hvorki litið til þess hve fágæt byggingin væri né sögu- eða hönnunarlegra einkenna við mat á bótum. Dómstóllinn tók þó fram að erfitt gæti verið að meta virði mikilvægra bygginga af þessum toga. Dómstóllinn benti hins vegar á að á meðan aldrei mætti, samkvæmt tyrkneskum lögum, virða séreinkenni slíkra bygginga eiganda þeirra í hag, þá væru slík einkenni oft notuð af tyrkneskum dómstólum til að draga úr verðmæti slíkra bygginga viðkomandi yfirvöldum, sem færu fram á eignarnám, í hag. Dómstóllinn taldi slíkt kerfi vera ósanngjarnt þar sem um væri að ræða áberandi aðstöðumun tyrkneska ríkinu í hag, enda væri eingöngu tekið tillit til lægra verðgildis eignar við að vera sett á lista yfir fágætar byggingar en aldrei til hækkana, sem af því kynni að leiða. Þá væri ekki með samræmdum hætti litið framhjá sögu- og hönnunarlegum einkennum við mat á bótum í aðildarríkjunum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þar sem ekki hefði verið tekið sanngjarnt tillit til þessara einkenna byggingarinnar við mat á bótum hefði ekki verið gætt meðalhófs á milli réttinda kæranda og almannahagsmuna. Brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

Einn dómari skilaði séráliti.

Um 6. gr.: Með tilliti til niðurstöðu sinnar um 1. gr. 1. viðauka taldi dómstóllinn ekki þörf á að skoða málið sjálfstætt út frá 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru í samræmi við 41. gr. sáttmálans dæmdar 75.000 evrur í skaðabætur og 1.000 evrur í málskostnað. Dómstóllinn taldi að niðurstaða málsins væri fullnægjandi í stað miskabóta.

Hilmar Kristinn Adolfsson o.fl. gegn Íslandi
Ákvörðun um meðferðarhæfi frá 24. mars 2009
Mál nr. 14890/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Umboð til að leggja fram kæru. Þolandi brots. Hugtakið eign.

MÁLSATVIK

Kærendur, (1) Hilmar Kristinn Adolfsson, (2) Ragnheiður Hauksdóttir og (3) Sveinbjörn Egill Hauksson, eru íslenskir ríkisborgarar, fæddir, í sömu röð, árin 1935, 1948 og 1954. Fyrsti og þriðji kærandi eru búsettir í Reykjavík, en annar kærandi í Kópavogi. Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður í Reykjavík, kom fram fyrir hönd þeirra gagnvart dómstólnum.

Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands var settur umboðsmaður hennar Ragna Árnadóttir frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

A. Málavextir

Atvik málsins, eins og þau voru lögð fram af aðilum, eru í samantekt sem hér segir:

Kærendur voru beinir erfingjar Margrétar Þorsteinsdóttur (M), sem fæddist 29. ágúst 1903 og lést 22. febrúar 2000.

M hafði tekið fram í erfðaskrá sinni, sem gerð var árið 1971, að allar eignir hennar skyldu skiptast jafnt eftir andlát hennar milli bróður hennar, X, og konu að nafni Huldu Sveinbjörnsdóttur (H). Einnig var tekið fram að ef X létist á undan M skyldu allar eignir hennar renna til H, en væri hún þá látin skyldu þær ganga til barna hennar og barnabarna. Ekki var um að ræða blóðbönd milli M og H, en hin síðarnefnda hafði gifst Y, stjúpssyni M. Bæði Y og faðir hans, Z, voru látnir fyrir 1971, þegar M gerði erfðaskrá sína.

Annar og þriðji kærandi eru börn H, en fyrsti kærandi er eiginmaður Svövu Hauksdóttur, annars barns H, systur annars og þriðja kæranda, sem nú er látin.

Í febrúar 1990 arfleiddi látinn bróðir M hana að umtalsverðum arfi.

M var lögð inn á sjúkrahús í september 1991 vegna andlegs ástands hennar og vegna þess að hún var ófær um að sjá um sig sjálf. Hún greindist með *Dementia Senilis* 290.0.

Í millitiðinni, í febrúar 1993, voru G.S., lögmaður, og G.K. og K.P. sakfelldir fyrir fjárdrátt úr eignum M á árunum 1991-1992.

Hinn 17. júlí 1992 var M, að beiðni H, svipt fjárræði. Hinn 20. júlí 1992 skipaði sýslumaðurinn í Reykjavík (hér eftir „sýslumaður“) S.R. lögráðamann M. Á þeim tíma lágu fyrir opinberar upplýsingar um ýmsa fjármálaóreiðu þar sem S.R. átti í hlut, þ.m.t. um fjölda fullnustugerða á hendur fyrirtæki hans (1985-1987), beiðni um gjaldþrotaskipti og uppgjör

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

fyrirtækis hans til greiðslu forgangskrafna að fjárhæð kr. 25.000.000 (1989), sakfellingu og þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm vegna fjárdráttar á launum starfsmanna (1990), auk fjölmargra beiðna um gjaldþrotaskipti (1990 og áfram).

Árið 1997 lést H.

Hinn 17. mars 1998 sendi sýslumaður S.R. beiðni um árlegar skýrslur vegna ákvarðana sem hann hefði tekið fyrir hönd M. Í framhaldinu, þegar engar skýrslur bárust, var beiðnin ítrekuð 9. júní 1998, 3. maí 1999 og 2. júní 2000.

Hinn 9. október 2002 var S.R. sakfelldur fyrir fjárdrátt úr eignum M, samtals að fjárhæð 7.908.943 kr. (u.þ.b. 90.000 evrur), og hlaut hann 18 mánaða fangelsisdóm.

Hinn 1. apríl 2004 höfðuðu látin eiginkona fyrsta kæranda og annar og þriðji kærandi einkamál á hendur sýslumanni og ríkinu og kröfðust bóta á þeim forsendum að M hefði orðið fyrir tjóni vegna skipunar manns með afar vafasama fortíð í stöðu lögráðamanns. Byggðu stefnendur á því að við andlát M hefði krafan flust til þeirra sem lögerfingja M.

Hinn 11. janúar 2005 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm þar sem fallist var á kröfur stefnda, en kröfum stefnenda var hafnað, þar sem ekki töldust vera forsendur fyrir hlutlægri ábyrgð, né gæti verið um að ræða vanrækslu af hálfu sýslumanns þar eð hann hafði ekki haft ástæðu til þess að ætla að S.R. væri óhæfur til þess að gegna stöðu lögráðamanns er hann var skipaður.

Samkvæmt yfirliti málsatvika í dómi héraðsdóms fengu stefnendur leyfi til einkaskipta á dánarbúi M hinn 14. apríl 2000 og luku þau skiptum á búinu í september 2001. Í niðurstöðu sinni taldi héraðsdómur m.a. að dánarbú M gæti ekki átt aðild að málinu, enda hefði skiptum á búinu verið lokið í september 2001.

Hinn [20. október] 2005 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms með eftirfarandi rökstuðningi:

„Fallist er á það með héraðsdómi að til þess að stefnda verði dæmt til þess að bera ábyrgð á tjóni áfrýjenda af völdum lögráðamannsins verði að sýna fram á að vanrækslu starfsmanna þess sé um að kenna. Aðstæður þær er leiddu til skipunar lögráðamannsins eru ekki að fullu ljósar, en þó virðist fram komið að sá er skipaður var lögráðamaður hafi haft frumkvæði að því að arfláta var svipt fjárræði, til þess hafi verið tilefni og samráð þar um hafi verið haft við móður áfrýjendanna, Ragnheiðar og Sveinbjörns, sem nú er látin, en var þá eini erfingi Margrétar. Þegar lögráðamaðurinn var skipaður var bú hlutafélags, sem hann var forráðamaður fyrir, til gjaldþrotaskipta og dómur hafði fallið á hann í sakadómi Hafnarfjarðar og Garða fyrir að hafa ekki staðið skil á fjármunum sem félagið innheimti af starfsfólki sínu. Hins vegar liggur ekki annað fyrir en hann hafi sjálfur verið fjár síns ráðandi og að öðru leyti uppfyllt að formi til skilyrði til þess að verða skipaður lögráðamaður samkvæmt 29. gr. þágildandi lögræðislaga nr. 68/1984. Er ekki í ljós leitt að sýslumaður hafi mátt ætla að hann myndi misfara með fjárhaldið. Með lögræðislögum nr. 71/1997 urðu miklar breytingar á lagaákvæðum og framkvæmd um

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

skýrslugjöf lögráðamanna og eftirlit með starfa þeirra. Ítrekaðar tilraunir starfsmanna sýslumanns til þess að fá lögráðamanninn til að sinna lagaskyldum sínum um skýrslugjöf samkvæmt 3. mgr. 63. gr. þeirra laga strax á fyrri hluta árs 1998 báru ekki árangur. Má ætla af dómi Héraðsdóms Reykjaness 14. apríl 2002 að skaðinn hafi þá að mestu verið skeður. Af framangreindu leiðir að þótt lagaframkvæmd sýslumannsembættisins hefði mátt vera skilvirkari er ekki fram komið að sýslumaður eða starfsmenn hans hafi brotið gegn starfskyldum sínum og fellt með því skaðabótaábyrgð á stefnda. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóm.“

B. Landslög sem eiga við og réttarframkvæmd

27. gr. erfðalaga nr. 8/1962 er svohljóðandi:

„Erfingja er óheimilt að ráðstafa arfi, sem hann á í vændum.“

Ákvæði þetta hefur verið túlkað á þann veg að það feli í sér bann við hvers kyns ráðstöfun arfs, sem ekki hefur enn tæmst arftaka, hvort heldur er með framsali, veðsetningu eða öðrum gerningi. Einnig leiðir af ákvæðinu að arfur, sem ekki hefur tæmst arftaka, getur ekki orðið andlag fullnustugerða á hendur þeim sem arfsins væntir. Þessi regla endurspeglar viðtekna skoðanir fræðimanna varðandi hugtakið „eign“ í íslenskum rétti. Eitt fyrsta skilyrði þess að einhver réttur geti talist „eign“ er að hann sé bæði óskilyrtur og virkur, þannig að eigandinn sem um ræðir geti ráðstafað honum eins og um eign hans væri að ræða. Þetta ákvæði erfðalaganna staðfestir þessi viðhorf að því er varðar arfsvon.

KÆRAN

Fyrir eigin hönd og fyrir hönd hinnar látnu M kvörtuðu kærendur undan því, með vísan til 8. gr. sáttmálans og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við sáttmálann, að yfirvöld í ríkinu hefðu með óréttmætum hætti svipt M fjárræði og skipað henni vanhæfan lögráðamann, sem leiddi til fjárhagslegs tjóns.

LAGAATRIÐI

A. Kæra um brot gegn 8. gr. sáttmálans og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 með tilliti til M

Það vekur athygli dómsins að kærendur leggja fram kæru sína samkvæmt 8. gr. sáttmálans og 1. gr. samningsviðauka nr. 1 ekki aðeins fyrir eigin hönd (sjá umfjöllun í „B“ og „C“ hér að neðan), heldur einnig fyrir hönd M. Hin síðarnefnda var hins vegar látin nokkrum árum áður en mál var höfðað á Íslandi og mörgum árum áður en kæra þessi samkvæmt sáttmálanum var lögð fram. Ekki er að sjá að hún hafi nokkurn tíma lagt fram kæru vegna þeirrar málshöfðunar (sbr. *Malhous* gegn *Tékklandi* (*ákvörðun*), nr. 33071/96, ECHR 2000-XII).

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Þá hafa engin gögn verið lögð fyrir dóminn sem benda til þess að kærendur hafi umboð til þess að fylgja kæru þessari eftir fyrir hönd M.

Þessi hluti kærunnar er því ósamrýmanlegur ákvæðum sáttmálans *ratione personae* og ber að lýsa hann ótækan samkvæmt 34. gr. sáttmálans.

B. Kæra um brot gegn 8. gr. sáttmálans með tilliti til kærenda

8. gr. sáttmálans er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.“

Kærendur kvörtuðu undan því að yfirvöld í ríkinu hefðu svipt M fjárræði og vegna skorts á tilhlýðilegu eftirliti hefðu þau skipað í stöðu lögráðamanns mann, S.R., sem hefði augljóslega verið óhæfur til þess að gegna stöðunni. M.a. hefði hann einu og hálfu ári fyrir skipun sína verið sakfelldur og hlotið refsidóm fyrir fjárdrátt. Af þeim sökum hefði M orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni, eins og ráða megi af því að lögráðamaðurinn, sem þannig var skipaður, hafi einnig verið sakfelldur og hlotið dóm fyrir að draga sér fé af eignum hennar. Fjárhagslega hefði M vegnað mun betur ef enginn lögráðamaður hefði verið skipaður. Þrátt fyrir þessa málavexti hefðu íslenskir dómstólar hafnað bótakröfu kærenda á hendur ríkinu. Fæli þetta í sér brot gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Ríkið mótmælti kröfunni og krafðist þess að dómurinn lýsti hana ótæka, þar sem kærendur gætu ekki talist þolendur brots gegn 8. gr. sáttmálans.

Dómurinn veitir því athygli að kærendur hafa ekki borið að nán félagsleg tengsl hafi verið milli þeirra og M og ekki er um að ræða blóðbönd við hana (sbr. *Merger og Cros gegn Frakklandi*, nr. 68864/01, 46. gr., 22. desember 2004; *Marckx gegn Belgíu*, 13. júní 1979, 52. gr., Series A nr. 31). Þau gætu því ekki borið fyrir sitt leyti að þau hefðu verið þolendur þess að friðhelgi einkalífs þeirra í skilningi 8. gr. sáttmálans hafi ekki verið virt (sbr. 47. gr. í máli *Merger gegn Cros*, sem vísað er til hér að framan) og því getur ákvæðið ekki átt við í þessu tilviki. Þessi hluti kærunnar er því ósamrýmanlegur 8. gr. sáttmálans *ratione materiae* og því ber að lýsa hann ótækan, sbr. 3. og 4. mgr. 55. gr. sáttmálans.

C. Kæra um brot gegn 1. gr. samningsviðauka nr. 1 með tilliti til kærenda

Með vísan til sömu málsatvika og kæra þeirra samkvæmt 8. gr. byggja kærendur á 1. gr. samningsviðauka nr. 1, sem er svohljóðandi:

„Öllum mönnum og lögaðilum ber réttur til að njóta eigna sinna í friði. Skal engan svipta eign sinni, nema hagur almennings bjóði og gætt sé ákvæða í lögum og almennra meginreglna þjóðaréttar.

Eigi skulu þó ákvæði undanfarandi málsgreinar á nokkurn hátt rýra réttindi ríkis til þess að fullnægja þeim lögum sem það telur nauðsynlegt til þess að geta haft hönd í bagga um notkun eigna í samræmi við hag almennings eða til þess að tryggja greiðslu skatta eða annarra opinberra gjalda eða viðurlaga.“

Ríkið mótmælti kröfunni og krafðist þess að dómurinn lýsti hana ótæka, þar sem kærendur gætu ekki talist þolendur að því er kæruefnið varðaði.

Dóminum ber fyrst að ákvarða hvort 1. gr. samningsviðauka nr. 1 eigi við í fyrirbyggjandi máli. Ítrekað er að ákvæði þetta verndar „eignir“, sem annaðhvort geta verið „núverandi eignir“ eða verðmæti, þ.m.t. kröfur, ef kærandi getur fært rök fyrir að hann eigi a.m.k. lögmætar væntingar („legitimate expectation“) um að geta notið eignarréttar með virkum hætti. Það tryggir hins vegar ekki réttinn til þess að komast yfir eignir (sjá *J.A. Pye (Oxford) Ltd og J.A. Pye (Oxford) Land Ltd gegn Bretlandi* [GC], nr. 44302/02, 61. gr., ECHR 2007-... *Kopecký gegn Slóvakíu* [GC], nr. 44912/98, 35. gr., ECHR 2004-IX), hvort heldur er vegna arfláts án erfðaskrár eða frjálsrar ráðstöfunar (sjá *Merger og Cros gegn Frakklandi*, nr. 68864/01, 37. gr., 22. desember 2004). Þegar eignarréttarhagsmunir eru í formi kröfu má líta svo á að eigandi kröfunnar hafi „lögmætar væntingar“ ef nægjanleg stoð er í landslögum fyrir hagsmunum, t.d. þar sem fyrir liggja fordæmi í réttarframkvæmd innlendra dómstóla sem staðfesta tilvist þeirra (sjá *Anheuser-Busch Inc. gegn Portugal* [GC], nr. 73049/01, 65. gr., ECHR 2007-...; og 52. gr. í *Kopecký*, sem vísað er til hér að framan). Ekki verður því haldið fram að um lögmætar væntingar geti verið að ræða þegar deilur eru uppi um rétta túlkun og framkvæmd landslaga og málflutningi kæranda er síðan hafnað af innlendum dómstólum (*Anheuser-Busch Inc.*, sem vísað er til hér að framan, sömu grein; og 50. gr. í *Kopecký*, sem vísað er til hér að framan). Þegar deilt er um hvort kærandi eigi eignarréttarhagsmuni sem uppfylla skilyrði um vernd samkvæmt 1. gr. samningsviðauka nr. 1, ber dómstólnum að ganga úr skugga um réttarstöðu kæranda (sjá *J.A. Pye (Oxford) Ltd and J.A. Pye (Oxford) Land Ltd*, sem vísað er til hér að framan, sömu grein; *Beyeler gegn Ítalíu* [GC], nr. 33202/96, 99. gr., ECHR 2000-1).

Ef litið er nánar til málavaxta í fyrirbyggjandi máli vekur það athygli dómsins að kærendur byggja ekki á neinni neitun af hálfu ríkisins að viðurkenna að lögum eða í verki að þeim beri arfur frá M (sbr. *Nacaryan og Deryan gegn Tyrklandi*, nr. 19558/02 og 27904/02, 25. gr., 8. janúar 2008).

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Kæra þeirra virðist snúast um þá skerðingu sem varð á arfi þeirra, sem þeir bera að hafi stafað af fjáðrætti úr eignum M meðan hún var enn á lífi af hálfu lögráðamannsins S.R., en kærendur vefengja réttmæti skipunar hans.

Samkvæmt gildandi landsrétti stofnaðist réttur kæranda til arfs samkvæmt erfðaskrá M á þeirri stundu sem hún lést og beinlínis vegna andláts hennar. Samkvæmt 27. gr. erfðalaga áttu þau engan rétt á því að ráðstafa arfinum, sem þau áttu von á frá M; með öðrum orðum áttu þau engan rétt á því að ráðstafa eignum M meðan hún var á lífi, heldur einungis þeim arfi sem þau kynnu að fá í sinn hlut samkvæmt erfðaskrá hennar að henni látinni. Skilyrði þess að geta notið réttinda þeirra sem arfþega samkvæmt erfðaskrá M byggðist á þeim eignum og skuldum sem hún léti eftir sig við andlát sitt. Engar bótakröfur voru gerðar af hálfu M eða fyrir hönd hennar meðan hún var á lífi, né heldur fyrir hönd dánarbúsins að henni látinni og áður en skiptum lauk árið 2001. Eins og tekið er fram í dómi héraðsdóms gat búið ekki talist aðili að málinu sem fyrir dóminum var, en rétt er að ítreka að það var höfðað árið 2004.

Með vísan til þessa verður því ekki haldið fram að hin umdeilda skipun S.R. sem lögráðamanns M árið 1992, með þeim óheppilegu afleiðingum sem sú skipun hafði fyrir umsjónina með búi M meðan hún var á lífi, hafi haft áhrif á eignir kæranda á þeim tíma.

Enn fremur getur dómurinn ekki fallist á að hjá kærendum hafi stofnast til eignarréttarlegra hagsmuna sem þeir gætu haft „lögðætar væntingar“ um. Að því er varðar kröfu þeirra um bótaskyldu ríkisins gagnvart þeim vegna tjóns sem M varð fyrir vegna hinnar umdeildu skipunar, telur dómurinn að þeir hafi ekki átt „eign“ í skilningi fyrsta málsliðar 1. gr. samningsviðauka nr. 1. Af þeim sökum á sá réttur sem þar er kveðið á um ekki við í þessu máli (*sbr.* 50. gr. í *Kopecký*, sem vísað er til hér að framan).

Af því leiðir að hafna ber kæru kæranda samkvæmt 1. gr. samningsviðauka nr. 1 með vísan til 3. mgr. 35. gr. sáttmálans á þeirri forsendu að hún sé ósamrýmanleg ákvæðum samningsins, *ratione materiae* (sjá *Malhous*, sem vísað er til hér að framan).

Af framangreindum ástæðum ákveður meirihluti dómsins að kæran sé ótæk til meðferðar.

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

Ruotsalainen gegn Finnlandi

Dómur frá 16. júní 2009

Mál nr. 13079/03

**4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis
Skattsektir. Álagning gjalds.**

1. Málsatvik

Kærandi, Jukka Ruotsalainen, er finnskur ríkisborgari, fæddur 1969 og búsettur í Lapinlahti í Finnlandi. Þann 26. febrúar 2001 var kærandi sektaður fyrir smávægilegt skattalagabrot, en hann hafði verið stöðvaður af lögreglunni fyrir að hafa í stað díselolíu notað eldsneyti, sem bar lægra skatthlutfall, á vörubíl sinn. Kærandi mótmælti ekki sektinni. Þann 17. september 2001 var kæranda gert að greiða bensíngjald, sem nam þreföldum þeim skatti, sem kærandi hafði komið sér hjá að greiða. Gjaldið var lagt á vegna sama atviks og áður var lýst. Kærandi hélt því fram að krafan um bensíngjaldið hefði átt að koma fram á sama tíma og upphaflega sektin, og krafðist þess að gjaldið yrði lækkað og að ákvörðunin endurskoðuð af æðra stjórnvaldi og síðar dómstólum, en án árangurs.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að álagning bensíngjalds, eftir að hann hefði verið sektaður fyrir smávægilegt skattalagabrot, fæli í sér að hann hefði verið saksóttur og refsað tvisvar sinnum fyrir sama brot og hefði því verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann.

Niðurstaða

Um 4. gr. 7. viðauka. Dómstóllinn tók fram að markmið 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann væri að hindra lögsókn að nýju í sakamáli, sem hefði þegar verið lokið með fullnaðarniðurstöðu. Jafnframt færi það ekki eftir landsrétti og þar með eftir geðþótta hvers samningsríkis, hvort reglan um *non bis in idem*, sem felst í 4. gr. 7. viðauka við samninginn, ætti við.

Þau atvik, sem leiddu til sektarákvörðunarinnar, voru rakin til þess að hann hefði notað annað eldsneyti á bíl sinn en díselolíu, án þess að hafa greitt hærri skatt. Bensíngjaldið var jafnframt lagt á þar sem í bensíntanki bifreiðar kæranda hafði fundist eldsneyti sem bar lægri skatt en díselolíu. Bensíngjaldið var jafnframt hækkað þrefalt þar sem kærandi hafði ekki gefið eldsneytisnotkun sína upp fyrirfram. Taldi dómstóllinn að því mætti jafna til refsingar, sem hefði sérstök varnaðaráhrif. Hefðu því þau málsatvik, sem

4. gr. 7. viðauka. Réttur til að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis

lægju til grundvallar sektinni og bensíngjaldinu verið hin sömu, fyrir utan þá staðreynd að ásetnings var krafist til grundvallar sektarálagningunni. Taldi dómstóllinn því ljóst að málsatvikin væru efnislega þau sömu í skilningi 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að ríkið hefði brotið gegn 4. gr. 7. viðauka við sáttmálann.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 1.500 evrur í miskabætur og 8.000 evrur í málskostnað.

